

# FRÉTTABLAÐIÐ

frettabladid.is

134. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR LAUGARDAGUR 10. JÚLÍ 2021

## Frumskilyrði að hafa góðan bakhjarl heima

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir gerir upp síðasta eitt og hálf ár. Hann segir fjaraldurinn hafa haft mikil áhrif á fjölskylduna og það sé í raun ótrúlegt hvað fólk láti yfir sig ganga. Þórólfur segir að nú séum við í logni, en hvort það sé svikalogn viti hann ekki. ► 20



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



### Mikil stemning á Síamótinu

Ríflega þrjú þúsund ungar knattspyrnukonur etja nú kappi í Kópavoginum. ► 8



### Kvenskörungur á hælum nasista

Elizbeth Friedman fékk aldrei starfstíla eða laun í takt við afrek sín vegna kyns. ► 26



### Þráðlaus snilligáfa

Heather Massie vill virkja konur með sögu tæknigyðjunnar Hedy Lamarr. ► 44

## GRÆJAÐU ÞIG FYRIR SUMARIÐ

Grill, hlaupahjól, hátalarar, leikföng og fleiri góðar sumarvörur í úrvali.





Vinnigurinn nam tæpum 40 milljónum.

## Annar vinningur heim til Íslands

odduraevar@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Einn heppinn Íslendingur vann annan vinninginn í Eurojackpot í gærkvöldi. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Íslenskri getsþá.

Annar vinningur skiptist í sjö hluta, þrjú hlutar fóru til Þýskalands, einn til Spánnar, annar til Svíþjóðar og enn annar til Finnlands. Svo að sjálfsgöðu einn til Íslands, hver hlutur telur 39.598.840 íslenskar krónur.

Enginn vann 1. vinning í Eurojackpot í gær, en hann nemur rúmum þremur milljörðum króna. Fram kemur í tilkynningunni að íslenski vinningshafinn hafi keypt miðann sinn í Iceland, Engihjalla í Kópavogi.

Ekki er langt síðan að annar heppinn Íslendingur vann afar stóran pott í Víkinglottó, eða rúman milljarð króna. Sá fékk vinninginn greiddan út í gær. ■

## Hinkrað eftir farþegum



Skemmtiferðaskipið Viking Jupiter lónar úti á sundunum eftir gestum sem koma með flugi á þriðjudaginn. Mun ódýrara er fyrir útgerð skemmtiferðaskipsins að biða í flóanum heldur en að leggja að bryggju. Viking Jupiter siglir með farþega, flesta frá Bandaríkjunum, hringinn í kringum landið. Skipið, sem er á níu hæðum, er með tvær sundlaugar, bíósal og spa aðstöðu. Í morgun kom skipið Viking Sky til Reykjavíkur og Ocean Diamond kemur á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Sælgætisregn á hátíðinni Allt sem flýgur á Hellu.

MYND/FLUGMÁLAFÉLAG ÍSLANDS

## Láta karamellum rigna við Hellu í dag

gar@frettabladid.is

**VIÐBURÐIR** Flughátíðin Allt sem flýgur á Hellu, sem hófst í gær, mun ná hápunkti í dag.

„Svæðið er ein samfelld flugsýning frá föstudegi til sunnudags og getur þú skoðað vélarnar, setið við flugbrautina, fylgst með alls konar loftförum á svæðinu leika listir sínar og notið sólarinnar á sama

tíma,“ segir á vef Rangárpings ytra um hátíðina, sem er á vegum Flugmálafélags Íslands.

„Það verða vélar í lofti og fólk á ferli alla helgina. Hápunktur krakkaanna er karamellukastið á laugardeginum þar sem sælgæti rignir yfir svæðið og allir safna því sem þeir geta, um kvöldið mæta svo gestir hátíðarinnar á ekta íslenska kvöldvöku í flugskýlinu,“ segir á ry.is. ■

# Komu frá Andorra til þess að forvitnast um Íslendinga

Ester Sevat, Jordi Haro og Jordi Cuenca frá Andorra eru á Íslandi til að kynna sér hugsunarhátt Íslendinga. Ástæðan er tíð ferðalög landsmanna til Andorra.

birnadrofn@frettabladid.is

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Okkur langaði að vita meira um þennan stað, ykkur og eftir hverju þið sækist þegar þið eruð á ferðalagi,“ segja Ester Sevat, Jordi Haro og Jordi Cuenca. Þau komu til Íslands í vikunni alla leið frá Andorra til að kynna sér land og þjóð, en mikill fjöldi Íslendinga ferðast til landsins á hverju ári.

„Við tókum eftir því að þau vilja ekki bara njóta þess að vera í fjallinu heldur fá allan pakkann. Góðan mat, góða þjónustu og allt þetta auka sem nútímaferðamaðurinn vill sjá,“ segir Ester, aðspurð að því hvað hafi orðið til þess að Íslendingar vöktu sérstaka athygli þeirra, en á hverju ári tekur Andorra við um 8,5 milljónum ferðamanna þrátt fyrir að í landinu búi einungis tæplega 80 þúsund manns. Þar eru mörg skíðasvæði sem ferðamenn sækja mikið í.

Það sem vekur helst athygli Íslendinga á landinu segja Jordi, Ester og Jordi vera veðrið, verðið og viðhorfið. „Veðrið er einstakt, hlutirnir kosta minna en fólk er vant og svo leggjum við okkur fram í einu og öllu við að gera allt þetta litla auka sem gerir dvöl gesta meira virði,“ segja þau.

„En það sem virðist tala sterkast til Íslendinga er sama virðing og djúp tengsl við náttúruna sem íbúar beggja landa hafa,“ bæta þau við. Andorra er fjallent land og þar er meðalhæð yfir sjávarmáli 1.996 metrar.

Aðspurð um ástandið í landinu vegna kórónuveirufaraldursins segja Jordi, Ester og Jordi yfirvöld í



Ester og Jordi-arnir tveir ferðuðust um landið og líkaði afar vel. MYND/ADSEND



Við tókum eftir því að þau vilja ekki bara njóta þess að vera í fjallinu heldur fá allan pakkann.

Ester Sevant.

Andorra hafa brugðist hratt við og beitt hörðum aðgerðum í baráttunni við veiruna, ekki ósvipað og gert hafi verið á Íslandi. „Við eigum auðvelt með að prófa alla á landamærum, höfum lagt af grímuskyldu og hlutirnir hafa færst í edlilegra horf.“

Jordi, Ester og Jordi segjast hafa notið verunnar á Íslandi og því að kynnast Íslendingum og hugsunarhátti þeirra. „Hér ríkir kyrrð og vinátta skín úr andlitum allra. Okkur líður vel og viljum koma aftur. Náttúran er einstök og tækifæri til útvistar margbrotin,“ segja þau.

„Það er á óskalistanum að spenna á sig fjallaskíðin og bröla upp undir dansandi norðurljósunum. Takk fyrir okkur!“ bæta þau við. ■

BEINT FLUG  
TIL KRÍT

KRÍT

13. - 23. JÚLÍ

SANDY SUITES, KALAMAKI

HUGGULEGT HÓTEL 200 METRUM FRÁ STÖNDINNI.

INNIFALÍÐ  
FLUG, GISTING  
& INNRIÐAÐUR  
FARANGUR

VERÐ FRÁ: 89.900 KR.

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN

WWW.UU.IS | HLÍÐASMÁRI 19, 201 KÓP. | 585 40000 | INFO@UU.IS




# Ánægðari viðskiptavinir



Ánægja viðskiptavina hvetur okkur áfram til að veita framúrskarandi þjónustu og verða betri banki á öllum sviðum.


**Velkomin í viðskipti**

## Tölur vikunnar



4

sinnnum fleiri lúður voru veiddar í fyrra en 2012.



200

milljónir, ætla Kaupfélag Skagfirðinga að gefa til samfélagslegra verkefna í Skagfirði.



23

milljarðar voru teknir út úr séreignarsjóðum í fyrra.



4

nætur er meðaltal fjölda gistingu Bandaríkjamanna í Reykjavík.



890

púsund eru erlendu ferðamennirnir sem Ferðamálastofa áætla að komi hingað í ár.

## Þetta sögðu þau



Lucie Samcová-Hall Allen

sendiherra ESB á Íslandi.

Í ljósi þessa gleður það mig mjög að geta kynnt nýtt

Covid-vottorð Evrópusambandsins, sem gildir í öllum 27 ESB-riki, auk EES-rikianna Íslands, Noregs og Liechtenstein. Reyndar voru Íslendingar frumkvöðlar í þessu verkefni þar sem þeir voru meðal fyrstu ríkanna til að taka þátt í tilraunum með móttöku stafrænna vottorða.



Sigurður Ingi Jóhannsson

samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra.

Sundabraut er komin af byrjunarreit en næstu

skref voru römmuð inn í vikunni með yfirlýsingu ríkis og borgar um lagningu brautarinnar. Yfirlýsingin markar tímamót um að Sundabraut verði að veruleika og hún staðfestir sameiginlega sýn og skilning á hvaða skref eru næst.



Hanna Katrín Friðriksson

þingflokksformaður Viðreisnar.

Besta leiðin til að draga úr mengun er að tryggja að þeir

sem valda henni greiði kostnaðinn af henni. Samhliða því að virkja atvinnulífið með grænum hvötum þarf að gæta þess að hagrænir og grænir hvatar leiði ekki til skattahækkana heldur tilfærslu á tekjstofnum með samsvarandi lækkan annarra gjalda. ■

## Sértækt frístundaúrræði fyrir fötluð börn sagt viðhalda aðskilnaðarstefnu

Formaður Þroskahjálpar segir það ganga gegn samningi SP um réttindi fatlaðs fólks að aðgreina það frá samfélaginu með sértækum úrræðum. Foreldri í Mosfellsbæ furðar sig á því að hafa ekki val um frístundaúrræði á höfuðborgarsvæðinu.

urduryrr@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkti á fimmtudag að setja á fót frístundaklúbb fyrir fötluð ungmenni tíu til tuttugu ára. Stefnt er að því að starfsemin fari fram í Skálatúni.

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Þroskahjálpar, segir að nærtækara væri að byggja upp þjónustu fyrir öll ungmenni í bæjarfélaginu og gera í leiðinni nauðsynlegar ráðstafanir til að fötluð börn geti tekið þátt.

„Mér brá heldur betur í brún því ég fæ ekki betur séð en bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ ætli sér að viðhalda áratuga aðskilnaðarstefnu sem viðgengist hefur,“ segir Bryndís í færslu á Facebook.

Hún telur sérstaklega óviðeigandi að úrræðið skuli vera í Skálatúni, þar sem er rekin svokölluð altæk stofnun. Samkvæmt Bryndísi hefur fólk innan þannig stofnana lítið sem ekkert einkalíf og er svo til einangrað frá samfélaginu. Hún segir fyrirkomulagið vera mjög úrelt.

Hún segir í samtali við Fréttablaðið að sértæk félagsþjónusta fyrir fötluð börn stangist á við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þar sem er kveðið á um að ekki skuli mismuna á grundvelli fatlana.

„Að ætla að stuðla vísitandi að aðgreiningu fatlaðra ungmenna frá öðrum í samfélaginu er algjörlega galið og óásættanlegt,“ segir hún.

Hún bendir líka á að það sé raunverulegur vilji fatlaðs fólks að vera



Stefnt er að því að hafa nýjan frístundaklúbb Mosfellsbæjar fyrir fötluð ungmenni í Skálatúni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Að ætla að stuðla vísitandi að aðgreiningu fatlaðra ungmenna frá öðrum í samfélaginu er algjörlega galið og óásættanlegt.



Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Þroskahjálpar.

þátttakendur í samfélaginu og vera ekki sett til hliðar. Margt fólk hafi slæmar minningar af því að vera sett í sérdeildir og tekið úr almennum úrræðum.

Það er þó jákvætt að gerð sé tilraun til að búa til þjónustu fyrir þessi börn í bæjarfélaginu, segir Bryndís. Hingað til hafa þau neyðst til að keyra í Hafnarfjörð til að sækja þjónustuna. „En þetta er ekki rétta aðferðin,“ segir hún.

„Ég skora á bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ að koma inn í nútímann, endurskoða ákvörðunina og fylgja þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist,“ segir hún.

Benedikta Birgisdóttir er foreldri fatlaðs barns í Kjós. Hún furðar sig á því hversu lítið stendur til boða fyrir son hennar, sem er nú að byrja í framhaldsskóla.

Hann hefur verið í grunnskóla í Reykjavík og sótt frístundaheimili þar. Nú er hann að byrja í framhaldsskóla og myndi helst vilja fara í Hitt húsið, þar sem vinir hans eru margir. En úr því að fjölskyldan býr utan Reykjavíkur þá neyðist hann til að fara í Hafnarfjörð.

Benedikta segir það fínt framtak að stofna miðstöð í bæjarfélaginu, en segir það ekki henta hennar fjölskyldu. Hún telur líklegt að fái muni mæta þangað og litlar líkur á að sonur hennar þekki nokkurn þar.

Hún segir félagsmiðstöðvar og ungmennahús vera stóran hluta af félagslífi margra fatlaðra barna og því mikilvægt að þau geti sótt þær miðstöðvar sem henta þeim best.

„Af hverju megum við ekki sem fjölskyldur velja það sem við teljum henta best fyrir okkur?“ spyr hún. ■

# ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

# RAM 3500





VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.  
9.202.300 KR. M/VSK.

**BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍSBAND, SMÍÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.**

**BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA**

BÍLL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU

# Fjölskyldan er betur tengd með Vodafone

 +  +  +  = **19.990 kr.**  
ALLT ÓTAKMARKAÐ

# Skráðu 105 milljónir króna á grunnskólann án samþykkis

gar@frettabladid.is

**BORGARBYGGD** „Byggðarráð telur þessa stöðu alvarlega,“ segir í bókun byggðarráðs Borgarbyggðar vegna skýrslu sem leiðir í ljós mikla misbrest í bókhalda vegna framkvæmda við Grunnskólann í Borgarnesi.

Ákveðið var að fara ofan í saumana á málinu er í ljós kom misræmi á milli verkþókhalds eftirlitsaðila með grunnskólaframkvæmdinni og bókhalds Borgarbyggðar.

„Eftirlitsaðilinn telur ljóst að ekki hafi verið fylgt þeirri ákvörðun að bóka ekki kostnað á verkefnið nema að samþykki eftirlits lægi fyrir. Af þeim sökum séu þær upplýsingar sem hafa reglulega verið kynntar fyrir byggingarnefnd og byggðarráði rangar og gefi ekki rétta mynd af stöðunni. Í mjög grófum dráttum virðist samkvæmt minnisblaðinu að 105.040.410 krónur hafi verið skráðar á verkefnið án samþykkis eða vitneskju eftirlitsaðila,“ segir í bókun.



Óreiða er vegna framkvæmda við Grunnskóla Borgarness. MYND BORGARBYGGD

„Eins kemur fram í minnisblaðinu að mögulega hafi einhverjir reikningar verið samþykktir sem hafi ekki átt rétt á sér og því mögulega um ofgreiðslu að ræða á einhverjum þáttum,“ segir byggðarráð, sem kveður stöðuna alvarlega og leggur til hlutlausa úttekt á verkefninu í heild. „Þá er nauðsynlegt að fara yfir alla reikninga sem hafa verið bókaðir inn á verkefnið og greina þá sem sannarlega tilheyra ekki verkefni og sjá til þess að þeir verði endurflokkaðir í eignaskrár sveitarfélagsins.“ ■



Leiguverð hækkaði um 70 prósent.

## Fasteignaverð hækkað mest á Íslandi síðustu ár

kristinnpall@frettabladid.is

**FASTEIGNIR** Hvergi hefur húsnæðisverð hækkað jafn mikið og á Íslandi síðustu tíu ár, samkvæmt nýrri samantekt Eurostat um þróun húsnæðisverðs. Þar hefur Ísland naumt forskot á Eistland með rúmlega 130 prósentu hækkingu frá ársbyrjun 2010 til fyrsta ársfjórðungs þessa árs.

Á fjögurra ára tímabili frá 2011 var húsnæðisverð á stöðugri niðurleið en frá árinu 2015 hefur húsnæðisverð hækkað jafnt og þétt. Leiguverð hefur hins vegar haldist talsvert stöðugra og farið upp á hverjum ársfjórðungi í tíu ár.

Mesta hækkunin á fasteignaverði innan Evrópu átti sér stað á Íslandi, en næst kemur Eistland með tæplega 127 prósentu hækkingu og Lúxemborg með 108 prósentu hækkingu á tíu ára tímabili. Mesta rýrnunin í fasteignaverði átti sér stað í Grikklandi, Ítalíu, Kýpur og á Spáni.

Samkvæmt sömu tölfræði hefur leiguverð á Íslandi hækkað um tæp 70 prósent á þessu tíu ára tímabili. Mesta hækkunin á leiguverði innan Evrópu á þessu tímabili er í Eistlandi, þar sem leiguverð er búið að hækka um 124 prósent. Næst kemur Litáen með 109 prósentu hækkingu á leiguverði en Ísland er í þriðja sæti á þeim lista. ■

# Byrja með fragt og síðar með farþega

Lögmaður Michele Ballarin segir Flugfélagið Wow air ehf. áforma að hefja fragtflug og síðar farþegaflug. Skiptastjóri þrotabús WOW air verður ekki við kröfu um að hætta að nota WOW-nafnið.

gar@frettabladid.is


**FLUGMÁL** „Það sem við höfum fyrst og fremst lagt áherslu á er í raun og veru fragtflug í viðum skilningi,“ segir Páll Ágúst Ólafsson, lögmaður Michele Ballarin, sem keypti miklar eignir úr þrotabú WOW air hf. haustið 2019.

Sótt hefur verið um flugrekstrarleyfi til Samgöngustofu í nafni félags sem nú heitir Flugfélagið Wow air ehf. en hét Hátindar ehf. er umsóknin var lögð fram. Páll er skráður fyrir helmingshlut í félaginu á móti Michele Ballarin.

Komið hefur fram í Fréttablaðinu að svokallaðar flugrekstrarhandbækur, sem voru meðal þess sem félag Michele Ballarin keypti úr þrotabú WOW air, eru ekki meðal þeirra gagna sem afhentar hafa verið úr þrotabúinu. Einnig hefur komið fram að Páll Ágúst telur að þessi gögn hafi verið tekin traustatáki frá WOW air og nýtt hjá hinu nýja flugfélagi Play. Forstjóri Play hefur alfarið hafnað þessum ásökunum.

„Tilgangurinn með því að kaupa þessar bækur tilbúar úr þrotabúinu var sá að spara tíma og peninga og umbjóðandi minn hefur því orðið fyrir umtalsverðu tjóni,“ segir Páll.

Umsókn Flugfélagsins Wow air ehf. til Samgöngustofu er lögð fram með vísan í umræddar flugrekstrarhandbækur gamla Wow air sem Páll kveðst viss um að sé enn að finna í fornum Samgöngustofu, því stofnuninni beri skylda til að



Allra handa munir úr fornum hins fallna WOW eru nú í geymslum Michele Ballarin í Bandaríkjunum. MYND/ADSEND



Er óþekkt að þrotabú breyti nafni sínu ef það er yfir höfuð hægt.



Þorsteinn Einarsson, skipstjóri þrotabús WOW air.

varðveita slík gögn. Hafi Play hins vegar í raun byggt á handbókum WOW þurfi að endurskrifa þær að hluta því tvö flugfélög geti ekki alfarið byggt á sömu handbókunum, meðal annars vegna þátta sem lúti að öryggismálum.

Aðspurður um hvað hið nýja WOW ætlist fyrir segir Páll fyrsta mál á dagskrá að afla flugrekstrarleyfisins. „Þó að við teljum að ákveðnir aðilar hafi brotið gegn rétti okkar þá væntum við einskis annars en góðs samstarfs við Samgöngustofu í okkar ferli. Það er alveg á hreinu,“ segir hann.

Að fengnu flugrekstrarleyfi segir Páll ætlun Flugfélagsins WOW air ehf. að hefja fragtflug. Aðspurður segir hann það ekki verða bundið við Ísland.

„Það sem við höfum fyrst og fremst lagt áherslu á er í raun og veru fragtflug í viðum skilningi. Og markmiðið er að það muni verða boðið upp á farþegaflug sem íslenskir neytendur muni geta nýtt sér. Hvenær það nákvæmlega verður mun tíminn þurfa að leiða í ljós,“ segir lögmaðurinn.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í fyrradag segist Páll Ágúst ítrekað hafa óskað eftir því við þrotabú

WOW air að þrotabú breytti nafni sínu, enda hefði umbjóðandi hans keypt nafnið út úr búinu og hefði einn afnotarétt á því. Slíka nafnabreytingu segir Páll ekki vera neinum vandkvæðum háð.

Þorsteinn Einarsson, annar tveggja skiptastjóra þrotabúsins, segist í svari til Páls áður hafa hafnað þessari kröfu og að afstaða skiptastjóra hafi ekki breyst.

„Fyrrgreind afstaða skiptastjóra styðst meðal annars við samning aðila, en í honum er ekki kveðið á um skyldu þrotabúsins til að breyta nafni sínu. Þá er óþekkt að þrotabú breyti nafni sínu ef það er yfir höfuð hægt,“ segir í svari Þorsteins til Páls.

Áfram segir Þorsteinn í svari sínu kröfuna hafa verið setta fram löngu eftir gerð samnings aðila og að hún sé í engu samræmi við samninginn eða það sem komið hafi fram í viðræðum fyrir gerð samningsins. ■



# ALLIR ÚT AÐ PLOKKA

Landssamband eldri borgara hvetur stóra sem smáa að stunda skemmtilega hreyfingu eins og að plokka.

Munum að flokka og skila á endurvinnslustöðvar.



# NÁTTÚRULEGA GOTT GRILLSUMAR

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Langbráð sumar með samveru, gleði og góðum mat. Njótum daganna með því besta sem við eigum og grillum lambakjöt – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á [islenksklambakjot.is](http://islenksklambakjot.is)



Nýju lögnum hefur verið mótmælt.

## Sýknaður vegna dánaraðstoðar

gar@frettabladid.is

**SPÁNN** Saksóknari á Spáni hefur dregið til baka ákæru á hendur 72 ára gömlum manni fyrir að hafa aðstoðað eiginkonu sína við að deyja og var hann þá sýknaður. Er það gert vegna nýrra laga um dánaraðstoð, að því er segir á vefútgáfu El País.

Eiginkona Ángel Hernández var með MS-sjúkdóminn á lokastigi, að sögn El País. Í apríl 2019 hafi hann uppfyllt ósk hennar um að aðstoða hana við að deyja. Hún var þá 61 árs gömul. Lög sem heimila slíkt tóku ekki gildi á Spáni fyrr en 25. júní síðastliðinn, en saksóknarinn bað í síðustu viku dómstólinn að fella mál Hernández afturvirkir undir nýju löggjöfina. Kona hans hafi liðið óbærilegar þjáningar og hann hafi verið í rétti er hann veitti henni dánaraðstoðina. ■

## Potuhreiður á Reykjavíkflugvelli



Talsverð umferð einkapötna hefur verið um Reykjavíkflugvöll upp á síðkastið og greinilegt að borgin og landið höfðar til þeirra sem eru loðnir um lófana. Undir hádegi í gær voru fjórar potur á staðinu norðan við skrifstofubyggingu Ícelandair á vellinum. Sumar nýlentar og aðrar að ferðbúast. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

## Mexíkóforseti í vanda með litla bróður

thorgrimur@frettabladid.is

**MEXÍKÓ** Forseti Mexíkó, Andrés Manuel López Obrador, liggur undir ásökunum um spillingu vegna birtningar myndbands frá árinu 2015 þar sem yngri bróðir forsetans, Martín Jesús, sést taka við peningagreiðslu frá embættismanni.

Í myndbandinu heyrir Martín Jesús segja að peningarnir séu fyrir bróður sinn. Þetta er annað mynd-



Andrés Manuel López Obrador, forseti Mexíkó.

bandið af þessu tagi sem hefur birst, í hinu fyrra var það eldri bróðir forsetans, sem sást taka við reiðufé. Forsetinn hafnar því að hann hafi nokkurn tímann tekið við fénu. ■

## Heyskapur hafinn í Fljótum

Halldór G. Hálfánarson, bóndi á Molastöðum, segir heyskapinn ganga vel á fyrstu dögnum.

thorgrimur@frettabladid.is

**LANDBÚNAÐUR** Heyskapur stendur nú yfir í sveitum landsins og heyið að safnast í heyrúllur. Halldór Gunnar Hálfánarson, bóndi á Molastöðum í Fljótum í Skagafirði, hóf slátt á miðvikudag og segir heyskapinn hafa farið vel af stað. „Ég er nú bara búinn með um 25 rúllur af 500, þannig að þetta er rétt að byrja en útlitið er mjög gott. Það er mikið og gott gras.“

Halldór telur að reynsla annarra bænda af byrjun heyskaparins í ár hafi sömuleiðis verið góð. „Þótt það sé eitt og eitt undantekningartilvik virðist þetta almennt líta vel út. Við búum yfir svo góðum vatnsbúskap hérna í Fljótum og svo er snjórinn að bráðna og rennur niður hlíðarnar og því er ágætis væta í jörðinni þótt það hafi ekkert mikið rignit.“

Sauðfé hefur fækkað nokkuð á landinu undanfarin ár og Halldór segir að dregið hafi úr heymagni í samræmi við það. Þá hafi bændum í Fljótum fækkað nokkuð og sum býlin lagst í eyði. „Allar göngur og önnur samvinnuverkefni okkar sem tengjast smalamennsku verða alltaf erfiðari og erfiðari með hverju árinu. Svo eldumst við, vitleysingarnir sem erum hérna enn þá. En það eru önnur umsvif, það er náttúrliga hótél í sveitinni og ferðaþjónustan er sterk og alltaf að aukast. Það eru aðrar áherslur kannski. Svo breytast neysluvenjur og markaðskröfur landsins alltaf og ein okkar helsta áskorun er að sjá til þess að afurðirnar okkar eigi erindi til nútímalandsins.“

Halldór segist stundum finna löngu týnda hluti í gömlum heyrúllum. „Það er ýmislegt sem kemur í ljós í rúllunum, eins og verkfæri og fatnaður sem hefur týnst fyrir ári. Það er mjög fyndið þegar maður opnar rúlluna og



Heyskapur hófst á Molastöðum í Fljótum á miðvikudaginn og að sögn Halldórs hefur verkið gengið vel, bæði þar og á öðrum bæjum. **MYND/ADSENT**



Halldór Gunnar Hálfánarson ásamt dóttur sinni, Magdalenu Elly.



Næstu skref eru bara að halda áfram ef veður leyfir.

finnur svona gamalt tímahylki frá því í fyrra.“

Að sögn Halldórs kemur fjöldi aðkomufólks til að taka þátt í heyskapnum. Er þar sumir nýir af nálinni og skapast þá skemmtileg stemning í kringum starfið. „Næstu skref eru bara að halda áfram ef veður leyfir. Þá verður bara farið af fullum þunga í sláttinn og reynt að gera þetta eins hratt og unnt er svo við komumst í frí í ágúst.“ ■

## JBH RAFSKUTLA

Nett rafskutla sem hægt er að brjóta saman með fjarstýringu og því auðveldlega hægt að taka í ferðir.



Passar samanbrotin í flest bílskott

### JBH Samanbrjótanleg rafskutla

180W mótör – 288 wH rafhlaða  
125 kg burðargeta – Fallvörn að aftan  
Eigin þyngd 31 kg

Verð aðeins **249.000 kr.**

FRÍ HEIMSENDING  
á höfuðborgarsvæðinu  
ef pantað er í vefverslun  
[www.bl.is/vefverslun](http://www.bl.is/vefverslun)



# Nýr Hyundai TUCSON

## Plug-in Hybrid



### Plug-in Hybrid



Vél



Rafmótor



Rafgeymir



Hleðsla

## Rafmögnuð hönnun. Frábær bíll verður enn betri.

Byltingin heldur áfram. Tæknilega fullkominn Hyundai Tucson Plug-in Hybrid setur ný viðmið í hagkvæmni, þægindum og glæsilegri hönnun. Tucson er hlaðinn spennandi tækni og sjaldan hefur boðist jafn vel búinn og glæsilegur borgarjeppi á jafn hagstæðu verði. Komdu, skoðaðu og reynsluaktu.

Hyundai Tucson PHEV. Verð frá: 5.790.000 kr.

Skoðaðu nýjan Tucson á [hyundai.is](http://hyundai.is).

Opið í dag frá 12–16



Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)



Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á [hyundai.is](http://hyundai.is)



## Skemmtileg stemning hjá stelpunum á Síamótinu

Um 3.000 stúlkur víðs vegar að af landinu keppa um þessar mundir á stærsta knattspyrnumóti landsins.

**FÓTBOLTI** Síamótið fer fram í 37. sinn nú um helgina, en þar keppa um þrjú þúsund stúlkur í knattspyrnu.

Mótið er stærsta knattspyrnumót landsins og þar keppa stelpur í 5., 6., og 7. flokki víðs vegar að af landinu.

Covid-smit kom upp í fimmta flokki KR, sem gerði það að verkum að ekkert lið í fimmta flokki keppir fyrir hönd félagsins á mótinu. 32 KR-stelpur eru í sóttkví vegna smitsins.

Allir leikir mótsins fara fram á völlum á félagssvæði Breiðabliks og var skemmtileg stemning og mikill keppnisandi á svæðinu þegar Ernir Eyjólfsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, lagði leið sína þangað í gær.

Í dag verða leikir frá klukkan 8 en að þeim loknum verður pylsuveisla fyrir alla keppendur sem fá svo ís í eftirrétt. Sirkus Íslands skemmtir keppendum, hoppukastalar verða á staðnum og verðlaun verða afhent, meðal annars fyrir háttvísi.

Mótinu lýkur á morgun, þá verða leiknir krossspils-, jafningja- og úrslitaleikir mótsins. Fleiri myndir af mótinu má sjá á [frettabladid.is](http://frettabladid.is). ■





# Við erum í skýjunum!



Við erum afar þakklát fyrir þau jákvæðu viðbrögð sem **PLAY** hefur fengið á fyrstu vikum í starfsemi. Hlutfjárútboð okkar fór fram úr björtustu vonum og var sérstaklega ánægjulegt að sjá skráningar frá almenningi og lífeyrissjóðum í eigu almennings. Þessi meðbyr er okkur mikil hvatning og við hlökkum til að fljúga með ferðaglaða farþega til áfangastaða vítt og breitt um Evrópu. Sjáumst um borð.

[flyPLAY.com](https://flyPLAY.com)

**PLAY**

## Að eldast



Jón Þórisson  
jon@frettabladid.is

Það sem allir vilja verða en enginn vill vera – er gömul gáta og lausnarorðið var „gamall“. Vísad var til þess að ungir vildu gjarnan verða eldri, fá bílpróf, slá sér upp, komast inn á skemmtistaði eða geta keypt áfengi möglunarlaust. En enginn vildi vera gamall. Þetta er gömul saga og ný.

Það er ekki gott að eldast á Íslandi. Fólk sem hvorki getur búið heima með góðu móti en er samt of frískt til að fá vist á hjúkrunarheimili, liður fyrir að almennt skuli ekki vera til stig á milli þessara tveggja kosta. Búseta á eigin heimili er auðvitað ákjósanlegust en þar kemur að það verður erfitt. Ýmislegt er boðið fram til að gera búsetu eldra fólks á eigin heimilum bærliga og lengja tímann þar sem hún er möguleg. En oft er aðstæðan sú að maki þarf að setta sig við að taka að sér hjúkrunarhlutverk sem getur takmarkað lífsgæði hans.

Í Fréttablaðinu á fimmtudag greindi frá könnun þar sem í ljós var leitt að ríflega 81 prósent svarenda taldi frekar eða mjög illa staðið að málefnum eldri borgara á Íslandi þegar kemur að hjúkrunarheimilum.

Jafnframt kom í ljós að innan við eitt prósent þeirra sem svöruðu telja að mjög vel sé staðið að málefnum eldri borgara og ríflega sex prósent fremur vel. Þegar að er gáð eru það yngstu svarendurnir sem þannig líta á mál. Það kemur svo sem ekki sérstaklega á óvart.

Helgi Pétursson, formaður Landssambands eldri borgara, sagði í fréttinni þegar niðurstöðurnar voru bornar undir hann, að verið væri að gefa frat í kerfið. „Það er eins og stjórnmálafólkið og krakkarnir sem eru að fara með peningana hérna fotti þetta ekki. Staða hjúkrunarheimila er vandamál sem hefur horft ískalt framan í okkur lengi, það eru allir búnir að benda á þetta vandamál og það er með ólíkindum að enginn ætli að taka á þessu.“ Hann bendir á að brúa þurfi bilið milli þess sem fólk býr enn heima hjá sér og á hjúkrunarheimili. Búseta á eigin heimili henti ekki öllum þó þeir þurfi ekki á hjúkrunarheimili. „Búsetuúrræði fyrir eldra fólk eru ekki nógu fjölbreytt.“

Fyrir liggur að þjóðin eldist og hópur þeirra sem eldri eru vex hægt en örugglega. Verkefni samfélagsins verða að taka mið af því.

Það stingur því í stúf við þá staðreynd að um þessar mundir séu helstu viðfangsefni varðandi öldrunarþjónustu rífrildi um hvort rekstur hjúkrunarheimila skuli vera á borði ríkis eður ei.

Helgi Pétursson segir í niðurlagi tilvitnaðrar fréttar að það geti verið kvíðavaldandi fyrir fólk að vita að þeirra „næsta stopp“ sé hjúkrunarheimili, þar sem fólk telji ekki vel staðið að málefnum þeirra. „Þetta getur valdið fólki miklum áhyggjum, sjálfur er ég 72 ára og ef ég á ekkert eftir nema þetta þá list mér ekki á það.“

Ef allt væri með felldu ætti að vera eftirsóknarvert að eldast, geta notið ávaxta ævistarfsins í vissu þess að vera ekki byrði á maka, fjölskyldu, ættingjum eða vinum.

Við skuldum þeim sem gamlir eru að betra verði að eldast á Íslandi. ■

Það stingur því í stúf við þá staðreynd að um þessar mundir séu helstu viðfangsefni varðandi öldrunarþjónustu rífrildi um hvort rekstur hjúkrunarheimila skuli vera á borði ríkis eður ei.

## ■ Gunnar



## ■ Mín skoðun

## Brauð og leikar í kosningum



Sif Sigmarsdóttir

Ef tré fellur í skógi og enginn er nærri, heyrst þá hljóð? Ef marka má nýlega framgöngu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Miðflokksins, gæti spurningin orðið helsta áherslumál hans í komandi kosningum.

Nú um helgina fer fram úrslitaleikur Evrópumótsins í knattspyrnu. Út um eldhúsgluggann minn blasir við mér einn stærsti fótboltaleikvangur Lundúna. Þrátt fyrir það fylgist ég ekki með íþróttinni. Ég hyggst þó, aldrei þessu vant, gera mér að góðu „brauð og leika“ þegar Englendingar mæta Ítölum á morgun. Því þótt rómverska skáldið Juvenalis, sem talaði um „brauð og leika“ á tímum Rómaveldis, hafi sett hugmyndina fram sem ádeilu á sinnulausan almenning sem lét glepjust af innantómri afþreyingu, er andlegt óminni einmitt það sem mörg okkar þrjá á þessum merkingarþrungnu tímum farsóttar.

Fótboltinn er ekki einu leikarnir sem nú standa yfir. Alþingi Íslendinga lauk störfum í vikunni og kemur ekki saman aftur fyrr en eftir kosningar. Landsmanna biða hinir æðstu leikar: Kosningabaráttu.

Einhverjir kunna að telja óviðeigandi að leggja fótbolta og stjórnmál að jöfnu; stjórnmál hafa jú bein áhrif á hag fólks. Það má vera rétt. En oftan er ekki leysist stjórnmála-baráttu upp í opinbera leika, þar sem pólitísk mörk eru skorðuð í sýningu innblásinni af leikhúsi fáránleikans.

Einn stærsti pólitíski skandall hér í Bretlandi sem af er ári tengist veggfóðri. Boris Johnson og kona hans, Carrie, létu nýverið gera upp íbúð sína í Downing-stræti. Boris er hins vegar blankur. Virðist sem hann hafi óskað eftir því að styrktaraðilar Íhaldsflokksins greiddu fyrir framkvæmdirnar – ein rúlla af veggfóðrinu kostaði heilar 150.000 krónur. Athæfið vakti hneykslun. En ekki jafnmikla hneykslun og þegar fréttist að Carrie hefði kallað ástand íbúðarinnar þegar þau tóku við henni af Theresu May „martröð í boði John Lewis“, en Bretar hafa sterkar taugar

til þeirrar verslunar, sem var í upphaldi hjá Diónu prinsessu.

Næsta dag mætti leiðtogi stjórnarandstöðunnar, Keir Starmer, í John Lewis-verslun ásamt blaðaljósmyndurum þar sem hann lét mynda sig að handfjatla veggfóður. Uppátækið hafði sannarlega skemmtanagildi. Það telst þó tæplega framlag til aukinnar hagsældar lands og lýðs.

Á síðasta þingfundi sumarsins sló Sigmundur Davíð tóninn fyrir kosningabaráttu Miðflokksins með vel völdum spurningum. Sigmundur spurði forsætisráðherra hversu mörg kynin væru. Einnig vildi hann vita hver tók þá ákvörðun að kalla ferðaávisun stjórnvalda „ferðagjöf“ og hvort að „ef skattgreiðslum er skilað til skattgreiðenda sé um gjöf að ræða“.

Ef tré fellur í skógi ... Hver myndi ekki vilja sitja með Sigmundi Davíð á Klausturbar og skeggræða þessar heimspekilegu hugleiðingar? Hvort slíkar rökflækjur eigi heima í kosningabaráttu er hins vegar önnur spurning.

## Pólitískt sjónarspil

Þótt nýgengi Covid-smita aukist hratt í Bretlandi tilkynnti Boris Johnson á mánudag að sóttvarnareglum verði aflétt 19. júlí. Keir Starmer gagnrýndi ákvörðunina. „Að aflétta öllum sóttvörnum í einu er glapræði.“ Boris ákvað þó að fresta því að undanskilja bólusetta frá sóttkví. Keir Starmer gagnrýndi það líka og sagði, í mótsögn við sjálfan sig daginn áður, að þungar sóttvarnakröfur yllu „glundroða“.

„Brauð og leikar“ sjást ekki aðeins á fót-boltavöllum. Vörum okkur á stjórnmálafólki í komandi kosningabaráttu sem setur á svið pólitískt sjónarspil; Morfis-kappleiki þar sem markmiðið er aðeins að vera ósammála síðasta ræðumanni; leikþætti þar sem orðhengilsháttur trompar innihald; sirkus þar sem trúðar fylla blöðrum af svo miklu lofti að við sjáum ekki lengur hvað er handan þeirra. Sækjumst við eftir því að sljógva vitin má alltaf kveikja á fótboltanum. ■

**Manic Panic**  
hárlitirnirfást  
hjá okkur  
sendum um allt land

**Hokus Pokus**

www.hokuspokus.is  
Verslun og vefverslun  
Laugavegi 69 S. 551-7955

# KRÓNAN

## Mmm ...

### DJ pylsan heldur partýinu gangandi á grillinu?

## KVEIKJUM Á SUMRINU



First Price sinnep  
**165** kr. stk.



Stjörnugris Grillpylsur  
**1399** kr. pk.



Kartöflu pylsubrauð  
**350** kr. pk.



Vlasic súrar gúrkur  
**699** kr. stk.



First Price steiktur laukur  
**137** kr. pk.



First Price tómatsósa  
**329** kr. stk.

Krónan  
mælir með!



Beikonvafðar vínarpylsur  
**599** kr. pk.



Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

ÚTSALA  
**30%**  
AFSLÁTTUR



**UMBRIA**  
tungusófi XL

181.993 kr. ~~259.990 kr.~~

ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR



**CLEVELAND**  
hornsófi

159.992 kr. ~~199.990 kr.~~

ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR



**BRIGHTON**  
Borðstofustóll

13.592 kr. ~~16.990 kr.~~

ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR



**LUTON**  
Borðstofustóll

14.392 kr. ~~17.990 kr.~~



ÚTSALA  
**25%**  
AFSLÁTTUR AF SETTUM  
3+2,5+1 eða 3-1-1  
eða 2,5+1+1

**EDE**

3ja og 2,5 sæta sófar og hægindastóll í koníaksbrúnu áklæði. Verðdæmi 2,5+1+1  
Fætur úr bogadregnu, svörtu járn. Glæsileg, tímalaus hönnun. ~~409.940 kr.~~ **307.479 kr.**

ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR



**MADISON**  
Hægindastóll.  
39.992 kr. ~~49.990 kr.~~

ÚTSALA  
**40%**  
AFSLÁTTUR



**MODENA**  
Barstóll  
19.794 kr. ~~32.990 kr.~~



ÚTSALA  
**30%**  
AFSLÁTTUR

**RICHMOND**  
Skenkur

83.993 kr. ~~119.990 kr.~~



ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR

**TIMEOUT**  
hægindastóll og skammel

Hægindastóll  
263.992 kr. ~~329.990 kr.~~

Skammel  
63.992 kr. ~~79.990 kr.~~



ÚTSALA  
**50%**  
AFSLÁTTUR

**MIRAMAS**  
Glerskápur/svart birki **84.995 kr.** ~~169.990 kr.~~

Húsgögn og smávörur í garðinn og sumarþústaðinn – mikið úrval og gott verð!



**BERMUDA**  
Garðhúsgagnasett.  
Heildarverð:  
109.990 kr. ~~159.990 kr.~~

ÚTSALA  
**31%**  
AFSLÁTTUR



**BALI**  
Garðhúsgagnasett. Hornsófi og borð.  
Heildarverð:  
89.990 kr. ~~139.990 kr.~~

ÚTSALA  
**36%**  
AFSLÁTTUR

**Brafab** ASHFIELD OG STOCKHOLM línurnar frá Brafab eru með álgrind og sérlega endingargóðu fléttuefni. Fyrsta flokks svampur í sessum og bakpulum og með endingargóðu Olefin áklæði.



**ASHFIELD**  
3ja sæta sófi  
Stærð: 186 x 82 x 93 cm  
112.590 kr.  
~~149.990 kr.~~

ÚTSALA  
**25%**  
AFSLÁTTUR



**ASHFIELD**  
Stíllanlegur hægindastóll  
Stærð: 74 x 74 x 102 cm  
54.990 kr. ~~72.990 kr.~~

ÚTSALA  
**25%**  
AFSLÁTTUR



ÚTSALA  
**25%**  
AFSLÁTTUR

**ASHFIELD**  
Sófaborð með reyklituðu gleri  
Stærð: 80 x 80 x 69 cm  
37.590 kr. ~~49.990 kr.~~

Reykjavík 11 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.  
Yfirstríkað verð sýnir fullt verð vöru. Verð gildir til 11. júlí 2021,  
eða á meðan birgðir endast.

# LOKAHELGI SUMARÚTSÖLUNNAR

## SUMAR ÚTSALA



Allt að **50%** afsláttur



ÚTSALA  
**32%**  
AFSLÁTTUR

**FRIDAY**  
Rúmgóður hornsófi í vönduðu, dökkgráu Bari áklæði. Með breiðan arm sem er sléttur að ofan og hentar mjög vel undir t.d. armborð eða bakka. Sethæðin er um 47 cm. Góður sófi á frábæru tilboði. Stærð: 256 x: 175 x 91 cm

197.492 kr. -289.990 kr.

### Brafab



**STOCKHOLM**  
Hornsófi 2H2. Stærð: 252 x 252 x 80 cm **202.500 kr. -269.990 kr.**

ÚTSALA  
**25%**  
AFSLÁTTUR



**STOCKHOLM**  
Hægindastóll  
**45.000 kr. -59.990 kr.**



**MEDUSA**  
Kampavinsglas **1.692 kr. -1.990 kr.**

*Fallegur borðbúnaður  
- tilvalinn í útileguna  
eða út á pallinn!*

MEDUSA  
**15%**  
KYNNINGAR  
AFSLÁTTUR



**MEDUSA**  
Skál 14,5 cm **1.267 kr. -1.490 kr.**



Glódís nálgast hundrað leiki fyrir Íslands hönd. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Glódís samdi við þýsku meistarana

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Landsliðsmiðvörðurinn Glódís Perla Viggósdóttir skrifaði í gær undir þriggja ára samning við þýska stórveldið Bayern München. Glódís kemur til Bayern frá Rosengård í Svíþjóð og verður annar Íslendingurinn í leikmannahópi Bayern, ásamt Karólínu Leu Vilhjálmstöttur.

Glódís, sem fagnaði 26 ára afmæli sínu í síðasta mánuði, hefur leikið undanfarin sex ár í Svíþjóð, fyrst með Eskilstuna og síðar Rosengård. Með Rosengård varð Glódís sænskur meistari árið 2019 og mætti Bayern í Meistaradeild Evrópu í vor. ■

## Messi gerir fjórðu atlöguna að gulli

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Lionel Messi fær í fjórða sinn tækifæri til að vinna Copa America aðfaranótt sunnudags þegar Argentínurmenn mæta Brasilumönnum í úrslitum. Með sigri jafnar Argentína met Úrúgvæ yfir flesta titla í sögu keppinnar.

Síðan Messi var hluti af gullliði Argentínu á Ólympíuleikunum árið 2008 hefur hann leikið til úrslita fimm sinnum, fjórum sinnum á Copa America og einu sinni á HM, án þess að vinna titil. ■



Kane er 90 mínútum frá því að taka á móti bikar sem fyrirlíði Englands eftir 55 ára bið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Ítalir reyna að temja ljónin

Úrslitaleikur Evrópumótsins í fótbolta fer fram á Wembley í dag, þar sem tvær knattspyrnuþjóðir reyna að binda enda á langa bið. Engendingar hafa beðið í 55 ár frá síðasta titli og Ítalir í 53 ár frá síðasta Evrópumeistaratitli.

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Eftir áralanga bið geta Engendingar loks látið sig dreyma um að landslið þeirra vinni eitt af stórmótunum tveimur, en í þeirra vegi standa Ítalir sem hafa beðið næstum því jafn lengi eftir öðrum Evrópumeistaratitli landsins. Þar leiða Gareth Southgate og Roberto Man-

cini saman hesta sína fyrir framan sextíu þúsund Engendinga, en von er á að íbúar þjóðanna verði límdir við skjáinn enda fótboltahefðin rík í báðum löndum. Það er því víðeigandi að Björn Kuipers, einn besti dómari álfunnar, verði á flautunni og sjái til þess að allt fari fram eftir bókinni.

Mikið hefur verið ritað og rætt um þetta enska lið, sem var ekkert að blása til neinnar flugeldasýningar framan af móti, en í undanförunum leikjum hefur liðið leikið betur og betur. Á sama tíma varð öflugur varnarleikur í fyrstu tveimur leikjum enn betri með komu Harry Maguire, sem hefur stýrt vörn enska liðsins eins og herforingi og er um leið ógn á hinum enda vallarins. Á

sóknarlínunni hefur Harry Kane komist betur inn í leik liðsins og vantar aðeins tvö mörk til að hirða gullskóinn, annað stórmótið í röð. Með því yrði hann fyrsti Engendingurinn til að vinna gullskóinn á báðum stórmótunum sem standa til boða í karlaflokki.

Þótt Ítalir séu ekki með besta varnarlið mótsins til þessa, geta þeir verið stoltir af frammistöðu varnarliðu liðsins á mótinu, enda hafa Ítalir aðeins fengið á sig tvö mörk í venjulegum leiktíma og þrjú heilt yfir á mótinu. Á sama tíma hefur fjölbreytilegur sóknarleikur liðsins gengið afskaplega vel, sem sést berýnilega á því að Ítalir hafa skorað að meðaltali tvö mörk í leik. ■

2

Harry Kane vantar tvö mörk til að vinna gullskóinn. Takist honum það verður hann annar maðurinn í sögunni á eftir Gerd Müller til að vinna gullskóinn á tveimur stórmótum í röð.

10

Þetta er tíundi úrslitaleikur karlaliðs Ítala á stórmóti. Sex úrslitaleikir á HM hafa skilað fjórum titlum en þrjú úrslitaleikir á EM hafa fært Ítölum einn titil.

5

Ítalir hafa ekki tapað fyrir Engendingum í síðustu fimm keppnisleikjum. Fara þarf aftur til ársins 1977 til að finna síðasta sigur Engendinga á Ítölum í keppnisleik.

0

Aldrei hefur lið unnið tvær vítaspyrnukeppnir á sama Evrópumóti. Ítalir lögðu Spánverja í vítakeppni í undanúrslitaleiknum.

**OLZA PRINCE POLO**  
ad 1955 roku

**TAKTU ÞÁTT Í SUMARLEIK PRINCE POLO!**

**500.000 kr.**

**PENINGAVERÐLAUN VINNINGAR Í ALLT SUMARI!**

PRINCEPOLO.IS

## Stofnar sjóð fyrir afreksíþróttakonur sem eru um leið nýbakaðar mæður

kristinnpall@frettabladid.is

**ÓLYMPIULEIKAR** Spretthlauparinn Allyson Felix heldur áfram að ryðja veginn fyrir komandi kynslóðir íþróttakvenna, en hún var, í samstarfi við íþróttavörumerki Athleta, að setja á laggirnar sérstakan sjóð fyrir íþróttakonur sem eru um leið mæður. Búið er að úthluta styrkjum til níu kvenna, þar af sex Ólympíufara sem fá tíu þúsund dali hver, eða um 1,2 milljónir íslenskra króna. Þá er búið að opna fyrir umsóknarferli í næstu úthlutun sem verður tilkynnt í október.

„Þetta er frábært skref fram á við og í takt við það sem hún hefur verið að gera. Það hefur ótrúlega margt breyst á stuttum tíma frá því að hún steig fram og sagði frá því hvernig Nike fór fram í samningaviðræðum við hana og hvernig hún var hvött til þess að fela óléttuna. Þá stigu fleiri konur fram og lýstu sömu tilfinningu, að þetta væri mjög viðkvæmt,“ segir Ásdís Hjálmsdóttir, formaður íþróttamannanefndar ÍSÍ og fyrrum spjótkastari, aðspurð út í nýjasta verkefni Felix.

Felix er sigursælasta íþróttakona heims í frjálsum íþróttum eftir að hafa unnið til sex gullverðlauna á Ólympíuleikunum og þrettán gullverðlauna á heimsmeistaramótinu



Allyson Felix ásamt Camryn, dóttur sinni, á úrtökumóti Bandaríkjanna fyrir Ólympíuleikana. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

í frjálsum íþróttum utanhúss. Hún mun keppa á Ólympíuleikunum í Tókýó sem verða hennar fimmtu Ólympíuleikar og um leið þeir síðustu. Hún gaf það út eftir að hafa tryggt sér þátttökurétt í Tókýó að þetta yrðu hennar síðustu Ólympíuleikar. Frægt er þegar Felix greindi frá því í samtali við New York Times árið 2019 að hún hefði ákveðið að slíta samstarfinu við Nike vegna viðhorfs fyrirtækisins til íþróttakvenna sem hafa hug á barneignum. Þá var hún búin að vera eitt af helstu andlitum fyrirtækisins í frjálsum íþróttum í tæplega tvo áratugi, en

samningstilboð Nike var aðeins brot af því sem hún hafði áður fengið. Nike breytti síðar áherslum sínum þegar kemur að barnsburði kvenna, en Felix samdi frekar við Athleta, íþróttavörufyrirtæki GAP.

„Þetta getur verið erfið val fyrir íþróttakonur. Ég tók sjálf ákvörðun um að biða þar til eftir ferilinn með barneignir, en það er margt sem þarf að huga að þegar kemur að þessari ákvörðun. Það er endurhæfingarferlið sem er mismunandi milli kvenna til viðbótar við fjárhagslegu hliðina sem er verið að vinna í að bæta.“ ■



# „Ég kem með gönguskóna“

Brandenburg | s/a

## Komdu með í ferðalag!

Á ferdalag.is getur þú fundið allt það helsta um ævintýrin sem Ísland hefur upp á að bjóða.

ÍSLAND  
**KOMDU  
MEÐ**



Einar stefnir á að stappfylla Selfoss á nýjan leik í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ÓTTAR

Grillhátiðin Kótelettan fer fram á Selfossi um helgina. Einar Björnsson, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, segir að grillmenning hafi vaxið og dafnað á undanförunum árum.

„Eins og svo oft áður þá verður þetta algjör veisla fyrir augu, eyru og munn.“ segir Einar Björnsson, framkvæmdastjóri Kótelettunnar, sem stendur yfir á Selfossi um helgina, rúmum tveimur árum eftir að hún var síðast haldin. Búast má við ærlegu fjöri þar sem hátíðinni var frestað í fyrra vegna faraldursins og hefur nú legið í maríneringu í tvö ár.

„Hugmyndin var að gera fjölskylduvænan viðburð með lifandi músík og mat með sterka tengingu við landbúnaðinn og íslenska framleiðslu,“ segir Einar, sem hélt hátíðina fyrst árið 2010. „Í dag hefur þetta vaxið og dafnað í fjölbreytt festival þar sem við viljum bjóða fólki upp á bestu grillrétti sumarsins sem og það besta sem íslensk tónlistarmenning hefur upp á að bjóða. Í ár virðist veðrið ætla að vera milt og hæglátt sem væri auðvitað mjög þakklátt.“

Einar, sem er sjálfur frá Selfossi, vinnur í og með skemmtanabransanum sem hann segir að hafi verið kveikjan að hátíðinni. „Mig langaði að halda ærlega skemmtun í heimaþænum mínum þar sem ég gæti heimfært allt það góða sem ég hef verið að vinna með,“ segir hann og bendir á að það hafi virkilega tekist vel til á síðustu Kótelettu. „Árið 2019 fylltum við bæinn, og ég vona að það takist aftur í ár.“

#### Fjör með litlum fyrirvara

Einar segir að ein helsta áskorunin við hátíðina sé að hún sé alla jafna haldin með mjög stuttum fyrirvara. „Ef það er ekki ég sem er að guggna á því, þá er það náttúran. Við höldum að við gætum loksins haldið þetta með góðum fyrirvara í fyrra en þá skall auðvitað faraldurinn á. Það er enn fullt af hugmyndum sem setið hafa á hakanum en við viljum hrinda í framkvæmd á næsta ári.“

Einar segir að grillmenning á Íslandi hafi vaxið og dafnað gríðarlega á undanförunum árum. „Fólk var oft með ansi einhæfar aðferðir hérna áður fyrr en það hefur breyst

## Hátíð maríneruð til tveggja ára



Arnar Tómas Valgeirsson  
arnartomas  
@frettabladid.is



Forseti Íslands mundaði grillspaðann á Styrktarlettunni 2019.



Grillarar etja kappi í baráttunni um Flottustu grillveisluna. MYND/ADSEND

mikið. Það hefur orðið mikil gróska í grillun á kjöti, menn eru margir hverjir að dunda sér við þetta í marga tíma, í alls kyns hægeldun meðal annars,“ segir hann. „Það hefur líka verið skemmtilegt að sjá fólk orðið grilla fjölbreyttari hluti og nú síðast skelltum við meira að segja gúrku á grillið. Fólk var vitlaust í að koma að smakka alls konar grænmeti og það hefur mögulega vikkað sjóndeildarhring margra um hvað eigi heima á grillinu.“

#### Fjölbreytt hátíð

Dagskrárliðir hátíðarinnar í ár eru margir og kennir ýmissa grasa. Þar má nefna keppnina Flottustu grillveisluna sem leggst nákvæmlega til eins og nafnið gefur til kynna. Bæjarbúar og nærliggjandi grillarar keppast um að halda sem flottasta grillveislu með tilheyrandi myllumerki á Instagram. Allt er það gert í þeirri von að dómnefnd Kótelettunnar drepi á dyr og leysi þau út með veglegum vinningum.

„Þetta er aðallega spurning um heildarstemninguna,“ segir Einar aðspurður um hvað einkenni flotta



Fólk var oft með ansi einhæfar aðferðir hérna áður fyrr en það hefur breyst mikið.

grillveislu. „Maturinn og gestirnir spila auðvitað stóra rullu og svo skemma flottar skreytingar ekki fyrir. Ég veit til þess að margir eru búnir að leggja gríðarlegan metnað í þetta.“

Þá er Styrktarlettur SKB árlegur viðburður sem haldinn er í samstarfi við SS, Kjarnafæði og Mömmumat. Þar eru seldar kótelettur til styrktar Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna.

„Allur ágóði rennur óskiptur til Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna,“ segir Einar. „Það hafa alltaf komið góðir gestir til að aðstoða



Samkvæmt Einari hefur grillmenning á Íslandi tekið stakkaskiptum og aðferðir í dag eru mun fjölbreyttari en áður.

MYND/ADSEND

á grillinu og í ár verða það meðal annars ráðherrarnir Bjarni Benediktsson og Sigurður Ingi Jóhannsson, ásamt Þorgerði Katrínunni Gunnarsdóttur, formanni Viðreisnar, og fleiri góðum.“

Tónlistardagskráin fer svo fram að kvöldi hvers dags þar sem Einar segir að landslið tónlistarmanna mæti ár hvert. „Við förum reyndar lengra í þeim efnum í ár en venjulega því nú er spilað á tveimur sviðum,“ segir hann.

Miðasölu og dagskrána í heild má finna á heimasíðu hátíðarinnar, kotelettan.is. ■

# ALLT FYRIR GRILLVEISLUNA

## Í NÆSTU VERSLUN NETTÓ!

TILBOÐ GILDA 10. – 11. JÚLÍ



**NAUTA RIB-EYE**  
Í HEILU - ERLEND

**2.299 KR/KG**  
ÁÐUR: 4.599 KR/KG

**40% AFSLÁTTUR**

KJÖTBORD

**51% AFSLÁTTUR**



Grísakótilettur á beini  
**979 KR/KG**  
ÁÐUR: 1.999 KR/KG



**30% AFSLÁTTUR**

Grilltvenna Kjúklingabringur  
**1.866 KR/KG**  
ÁÐUR: 2.665 KR/KG



KJÖTSEL Frábært með grillmat KJÖTSEL

**20% AFSLÁTTUR**

Fylltar paprikur 650 gr  
**799 KR/PK**  
ÁÐUR: 999 KR/PK

Hasselback kartöflur 2 stk - 600 gr  
**799 KR/PK**  
ÁÐUR: 999 KR/PK



**27% AFSLÁTTUR**

Lambaprime Smoky pepper  
**2.846 KR/KG**  
ÁÐUR: 3.899 KR/KG



KJÖTSEL

**20% AFSLÁTTUR**

Béarnaise sósa 270 ml  
**335 KR/STK**  
ÁÐUR: 419 KR/STK



Heilsuvara vikunnar! ★★

**25% AFSLÁTTUR**

Golí Hlaup Ashwagandha - 60 stk  
**2.624 KR/PK**  
ÁÐUR: 3.499 KR/PK



Rauð vínber  
**450 KR/KG**  
ÁÐUR: 899 KR/KG

**50% AFSLÁTTUR**

**nettó**  
Lægra verð - léttari innkaup



FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign  
Þú getur notað appið í öllum Nettó verslunum



Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mikið hefur mætt á Þórólfi Guðnasyni sóttvarnalækni þó mjög sé farið að hægjast á gangi Covid-19 faraldursins hér á landi. Hann segir áhrifin hafa verið mikil á fjölskylduna, sem hafi staðið sem klettur að baki honum.

Þórólfur segir okkur komin á þann stað sem stefnt var að, búið sé að bólusetja þorra þjóðarinnar og nú sé tekinn við nýr kafli. „Baráttan við þennan faraldur hefur verið kaflaskipt og það er alltaf eitt-hvað nýtt sem kemur upp á. Við erum komin á þann stað að við þurfum að sjá hverju þetta skilar okkur,“ segir hann.

Mikill gangur hefur verið í bólusetningarherferð stjórnvalda. Nú er búið að fullbólusetja rúmlega 238 þúsund manns og bólusetning hafin hjá tæplega 26 þúsundum til viðbótar. Bólusetning er þó ekki ávísun á að sleppa við veiruna og Þórólfur segir það liggja ljóst fyrir að bólusetning veiti ekki hundrað prósent vörn.

„Það eru alltaf að koma meiri upplýsingar um það að bólusetningin er ekki alveg hundrað prósent, hún skilar ekki fullum árangri í að koma í veg fyrir smit. Full bólusetning er um það bil 80 prósent virk til að koma í veg fyrir smit en hins vegar um 95 prósent virk í að koma í veg fyrir alvarlegar sýkingar. Bólusetting geta enn fengið í sig veiruna og þeir geta smitað aðra, við erum að sjá það svolitíð núna.“

#### Þurfum áfram að vera vakandi

Engar samkomutakmarkanir eru í gildi lengur en Þórólfur segir mikilvægt að fylgjast vel með landamærunum.

„Til að ná algjörum tókum á faraldrinum innanlands þurfum við að ná tókum á landamærunum því smitin koma inn í gegnum þau. Við vitum að það er fólk sem er að koma frá útlöndum, er fullbólusett en er að bera með sér smit. Þetta eru fáir einstaklingar en þeir geta smitað sitt nærumhverfi. Það verður fróðlegt að sjá hvort þessi útbreidda bólusetning núna muni koma í veg fyrir að við fáum stórar hópsýkingar,“ segir hann.

Frá því faraldurinn hófst í byrjun síðasta árs hafa verið settar á strangar samkomutakmarkanir innanlands, þeim síðan aflétt á meðan ástandið var gott og þeim komið aftur á er harðna tók á dalnum. Aðgerðir stjórnvalda hafa sætt gagnrýni, bæði þegar þær voru hertar og er slakað var á þeim. Þórólfur segir baráttuna við Covid vera þess eðlis að erfitt sé að vita hverju aðgerðir skili þegar ráðist er í þær.

„Það er háð svo mörgum hlutum, sérstaklega hvernig almenningur tekur við sér, hvernig almenningur fer eftir því sem hann er beðinn um að gera, sem hefur skilað mestum árangri. Við höfum aldrei vitað nákvæmlega hvað gerist, hvort sem við vorum að herða aðgerðir eða slaka. Við höfum alltaf þurft að renna svolitíð blint í sjóinn,“ segir Þórólfur.

#### Snemma augljóst í hvað stefndi

Aðspurður hvernær það hafi verið ljóst í hvað stefndi varðandi faraldur Covid-19, segir Þórólfur það hafa legið fyrir áður en faraldurinn byrjaði hér. Hann var þá kominn á flug víða annars staðar og segir Þórólfur enga ástæðu hafa verið til þess að ætla að faraldurinn hegðaði sér öðruvísi hér en í öðrum ríkjum. Yfirvöld hafi staðið frammi fyrir einfaldri spurningu, hvernig ætti að eiga við þetta og hversu langan tíma þetta myndi taka. „Það vissi náttúrulega enginn,“ segir hann.

„Það var þó vitað að þetta myndi taka allan þann tíma sem þyrfti til þess að koma hér upp góðu ónæmi í samfélaginu. Gott ónæmi í samfélaginu fæst ekki nema með því að láta sýkinguna ganga yfir alla og smita



Þórólfur viðurkennir að starf hans hafi komið niður á fjölskyldulífínu undanfarið, enda hafi hann þurft að kasta öllu frá sér í baráttunni við faraldurinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
EYÞÓR ÁRNASON

## Hef lítið getað hugsað um annað



Þorvarður Pálsson  
thorvardur@frettabladid.is

stærstan hluta þjóðarinnar eða þá að við myndum ná að byggja upp ónæmi með bólusetningum,“ segir hann.

#### Hefði haft skelfilegar afleiðingar

Í upphafi faraldursins var mikið rætt um þann möguleika að láta veiruna ganga hér yfir alla og ná þannig hjarðónæmi. Þórólfur segir að hefði það verið gert hefði það verið skelfilegt. Alls hafa 30 manns látist af völdum Covid-19 á Íslandi og um tvö prósent þjóðarinnar hafa greinst með veiruna. Álagið á heilbrigðiskerfið hafi verið mikið, einkum í fyrstu og þriðju bylgju faraldursins.

„Maður getur rétt ímyndað sér ef tíu prósent þjóðarinnar hefðu smitast á sama tíma. Það hefði ekki bara haft áhrif á heilsufar þeirra sem fengu Covid, þetta hefði einnig komið niður á heilbrigðisþjónustu við aðra sjúklingahópa sem hefði getað haft skelfilegar afleiðingar,“ segir Þórólfur.

Til að fá gott ónæmi þurfi að öllum líkindum milli 60 og 70 prósentu smit í samfélaginu og ef ekkert

hefði verið að gert, líkt og einhverjir hafi lagt til, hefði ástandið að hans mati getað orðið mjög alvarlegt. Í Svíþjóð ákváðu heilbrigðisyfirvöld að grípa ekki til róttækra aðgerða og stefna að hjarðónæmi með því að leyfa faraldurinn að ganga yfir þjóðina. Í ritrýndri grein í vísindaritinu Lancet segja sænskir og bandarískir vísindamenn að sú aðferð hafi gert það að verkum að mjög margir smituðust og fjöldi lést, mun fleiri en í nágrannalöndum sem réðust í viðtækar aðgerðir.

#### Sænska leiðin ekki rædd

Þórólfur segir þann möguleika að fara sænsku leiðina, eins og hún hefur verið nefnd, aldrei verið ræddan af alvöru hér.

„Ekki hjá ábyrgum aðilum, ekki hjá okkur. Það kom ekki til greina. Það var augljóst að það myndi valda gríðarlegu vandamáli. Enda höfum við séð það í þeim löndum sem það hefur gerst að dánartalan er kannski tíu til tuttugu sinnum hærrí. Ef við hefðum lent í svipuðum sporum og Svíar til dæmis, þá hefðu kannski

500 til 600 manns látist af völdum Covid. Ég held að menn hefðu ekki verið ánægðir með það,“ segir Þórólfur.

#### Byrjaði í barnalækningum

Þórólfur lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Laugarvatni árið 1973 og árið 1981 lauk hann embættisprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands. Í framhaldi stundaði hann nám í almennum barnalækningum í Bandaríkjunum og svo nám í smitsjúkdómum barna í Bandaríkjunum. Hann segist ekki geta sagt til um það hvernig áhuginn fyrir smitsjúkdómafræðum kviknaði.

„Maður er auðvitað búinn að lifa og hræst í þessu læknisstarfi frá því að maður útskrifaðist. Það var tiltölulega snemma sem ég ákvað að fara í læknisfræði. Læknisfræði er auðvitað mjög viðtækt fag sem kemur inn á mjög margt. Ég ákvað snemma að sérhæfa mig í barnalækningum og ætlaði upphaflega að fara í nýrnasjúkdóma barna þegar ég fór til Ameríku.“

Þegar til Bandaríkjanna var



Fram að þessu hafa allir dagar farið í þetta, virkir og helgir dagar. Það er bara þannig. Ég hef lítið getað hugsað um annað.

komið kom þó annað hljóð í strokkinn. Þórólfur segir margt hafa heillað sig í sambandi við smit-sjúkdóma, til að mynda bólusetningar, fyrirbyggjandi meðferð gegn slíkum sjúkdómum og meðferð við þeim. „Fljótlega þóttu mér fyrirbyggjandi aðgerðir eins og bólusetningar gríðarlega áhugaverðar enda ekki nein aðgerð í lækisfræði sem hefur bjargað eins mörgum. Það er kannski hreint vatn sem jafnast á við árangur bólusetninga. Mér fannst þetta gríðarlega áhugavert og hélt áfram þeirri vinnu þegar ég kom heim, að vinna með bólusetningar hér og ný bóludefni. Mér fannst það mjög áhugavert og hef aldrei séð eftir því,“ segir hann.

#### Lýðheilsumenntunin gagnleg

Þórólfur lét þó ekki þar við sitja og fór í doktorsnám í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands sem hann lauk árið 2013. Þar segist hann hafa lært meira um fyrirbyggjandi lækisfræði og séð aðgerðir í stærra samhengi, samfélagslegu samhengi. Þetta hafi honum alltaf þótt mjög áhugavert fyrirbæri og leiðst inn á þá braut. Menntunin hafi komið mjög að gagni í baráttunni gegn Covid-19.

„Ég byrjaði að vinna hjá þáverandi sóttvarnalækni, Haraldri Briem, árið 2002 og var þá yfirlæknir bólusetninga. Þetta er gríðarlega áhugavert, allar svona samfélagslegar aðgerðir gegn alvarlegum smitsjúkdómum hvíla á sóttvarnalækni samkvæmt sóttvarnalögum. Þessi menntun hefur nýst mér mjög vel í þetta starf,“ segir hann.

#### Beið eftir faraldri

Þrátt fyrir að ekki hafi verið hægt að sjá fyrir faraldurinn segir Þórólfur hann hafa beið eftir faraldri sem þessum lengi. Árið 2009 blossaði upp heimsfaraldur influensu, sem var þó í engri líkingu við það sem nú er. Muninn á influensu og Covid segir hann vera að um leið og influensufaraldurinn hófst hafi verið byrjað að framleiða bóludefni og því hafi verið hægt að ráðast í bólusetningar snemma og þar með ráða niðurlögum faraldursins.

„Í tilfelli Covid þá var ekkert bóludefni til þannig að það þurfti að byrja alveg frá núlli. Það tók ótrúlega stuttan tíma, það tók ár að framleiða í einhverjum mæli bóludefni. Það var alveg einstakt. Auðvitað hefði maður viljað fá bóludefni fram á sjónarsviðið mun hraðar,“ segir hann.

„Maður vissi að það kæmi upp stór faraldur, annaðhvort myndi hann koma þegar maður var sjálfur að vinna eða þá einhvern tíma seinna. Þetta á eftir að koma aftur. Það er bara tímaspursmál.“

Hvort það verði annar faraldur kórónuveiru segir hann ómögulegt að segja til um slíkt, það gæti verið nánast hvað sem er. Hins vegar sé ljóst að búast megi við öðrum heimsfaraldri influensu enda komi slíkir faraldrar reglulega.

#### Baráttan tekið allan hans tíma

Þórólfur segir baráttuna hafa tekið nánast allan sinn tíma og fá tækifæri gefist til að sinna öðru. „Ég hef nú fram að þessu verið í líkamsrækt og öðru slíku þó að það sjást kannski ekki á mér. Einnig hef ég verið að gutla í músík en þetta hefur þó rækilega dottið niður í Covid. Ég hef sáralítið getað sinnt þessu, sem er ekki gott. Það hefur nánast allur tími farið í Covid, allir dagar. Það er kannski fyrst núna sem maður er aðeins farinn að líta upp úr þessu. Fram að þessu hafa allir dagar farið í þetta, virkir og helgir dagar. Það er bara þannig. Ég hef lítið getað hugsað um annað,“ segir hann.

Ástandið er nokkuð annað nú, fá smit greinast og bólusetningar ganga vel. Þetta hefur aðeins létt álaginu af Þórólfi og þeim sem starfa hjá embættinu en erfitt sé að spá fyrir um framhaldið.

„Ég hef á tilfinningunni að við séum í smá biðstöðu, smá logni –



Klappað var fyrir Þórólfi er hann var bólusettur með bóludefni AstraZeneca í Laugardalshöll í lok apríl. Hann hafði áður afþakkað bólusetningu sem heilbrigðisstarfsmaður og var bólusettur með sínum aldurshóp.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK



Þórólfur hefur lítið getað hugsað um annað en Covid-baráttuna, allir dagar hafa farið í hana og lítið verið um líkamsrækt og stundir með fjölskyldunni.



Ég hef á tilfinningunni að við séum í smá biðstöðu, smá logni – hvort það er svikalogn veit ég ekki.

hvort það er svikalogn veit ég ekki. Ég vona bara að lognið muni endast okkur, það er að segja að þetta ónæmi sem við höfum náð upp með bólusetningunum verði viðvarandi,“ segir hann.

„Ég er að nálgast starfslok eftir tvö ár eða svo, þetta verður að öllum líkindum búið fyrir þann tíma. Þá taka einhverjir aðrir við. Þetta er auðvitað eilíf barátta við þessa blessuðu sýkla, það tekur bara eitt við af öðru. Það er af nógu að taka,“ segir hann um stríðið gegn sýklunum.

#### Fjölskyldan mikill stuðningur

Eiginkona Þórólfs er Sara Hafsteinsdóttir, fyrrverandi yfirsjúkraþjálfari á Landspítalanum, og eiga þau tvo syni. Hann segir áhrifin á fjölskylduna hafa verið mikil enda hefur Þórólfur unnið myrkranna á milli síðasta eina og hálfu ár. „Fjölskyldan hefur stutt mig gríðarlega. Það er auðvitað ótrúlegt hvað fólk lætur ganga yfir sig, allt þetta var auðvitað í algjörum forgangi og maður kastar öllu frá sér. Þetta kemur niður á fjölskyldulífi. Það er bara það sama og almenningur hefur þurft að gera líka, það hafa verið takmarkanir,



Fjölskyldan hefur stutt mig gríðarlega. Það er auðvitað ótrúlegt hvað fólk lætur ganga yfir sig, allt þetta var auðvitað í algjörum forgangi og maður kastar öllu frá sér.

fólk hefur ekki náð að hittast og því umlíkt. Þetta á við um fleiri, en það er auðvitað hárrétt að það er frumskilyrði til að maður balti þetta út að maður hafi góðan bakhjarl heima fyrir,“ segir Þórólfur.

Fjölmargir Íslendingar hafa beið spenntir eftir því að geta loks ferðast út fyrir landsteinana á ný. Þórólfur er þó ekki einn af þeim og segist ekki vera búinn að kaupa miða í sólina á Tenerife.

„Ég hef nú gefið það út að ég sjái enga ástæðu til þess að vera að fara til útlanda. Ég held að það að fara til útlanda, sérstaklega ef fólk er óbóluset, sé ekki sniðugt. Með börn til dæmis, óbólusettir geta smitast og við höfum séð það að fólk er að koma jafnvel bólusett með veiruna og veikjast, enn þá. Mér finnst ég ekki eiga neitt erindi til útlanda. Ísland hefur svo margt upp á að bjóða þannig að það er engum vorkunn að vera hér. Það er lúxus hér miðað við á mörgum öðrum stöðum. Ég veit ekki hvað maður hefur að sækja á mörgum stöðum þar sem er meira og minna lokað – ekki nema kannski til að rétt komast í sól en það er nú sól fyrir austan,“ segir Þórólfur í léttum dúr.

#### Frægðin plagar ekki

Það er óhætt að segja að Þórólfur sé orðinn landsfrægur eftir að hafa verið reglulegur viðmælandi fjölmiðla, auk þess að taka þátt í upplýsingafundum almanna og svona þar sem er meira og minna lokað – ekki nema kannski til að rétt komast í sól en það er nú sól fyrir austan,“ segir Þórólfur í léttum dúr.

„Ég hef svo sem ekki verið að velja því neitt fyrir mér. Þetta plagar mig

ekki mikið. Ég hef bara komið fram með það sem ég veit og get og þekki og finnst. Ég hef reynt að vera heill og sannur í því. Ég hef ekki verið að setja mig í sérstakar stellingar hvað það varðar, enda er það bara mjög erfitt í þessu að gera það. Auðvitað hef ég notið góðs af því að fólk hefur svona almennt séð líkað við mig, að horfa á mig. Það hefði verið verra ef ég hefði allt í einu farið í taugarnar á öllum. Auðvitað eru mismunandi skoðanir á mér eins og öðrum en ég held að upp til hópa hafi fólk líkað ágætlega við það sem ég hafði fram að færa,“ segir hann.

„Ég hef oft sagt að það plagar mig ekki neitt þó að fólk sé að veita mér athygli. Þetta þýðir þó að maður getur ekki pissað undir húsvegg í göðu tómi eins og maður kannski gerði. Það má reyndar ekki, ég held að það sé ólöglegt að pissa úti.“

#### Stjórnmalamenn staðið sig vel

Þórólfur er hógvær og segir sig einungis samnefnara fyrir fjölda manns sem starfa hjá Embætti landlæknis, almanna- og víðar. Samstarfsfólk hans hafi unnið þrekvirki sem ekki hafi farið hátt. „Ég, Alma og Víðir höfum verið samnefnari fyrir þá vinnu. Auðvitað er það mikilvægt að fólk treysti þeim sem eru að segja þeim fréttirnar og koma með skilaboðin. Við höfum notið góðs af því að fólk virðist upp til hópa treysta okkur. Það hefur verið jákvætt.“

Samstarf sóttvarnaryfirvalda og stjórnvalda hefur gengið mjög vel að hans mati og verið nauðsynlegt. „Það er mikið lán fyrir okkur á Íslandi að hafa þessa stjórnmalamenn sem stýra þessum málum, þau gerðu sér fljótt grein fyrir því út á hvað þetta gekk og hvaða aðgerðum best væri að beita. Það var þeirra meðvitaða ákvörðun að hafa þetta svona og ég held að það hafi gengið ágætlega,“ segir hann.

#### Lesið í líkamstjáningu

Fyrsti upplýsingafundur almanna- varna var þann 27. febrúar 2020. „Ég man eftir fyrsta blaðamannafundinum, þar sátum við og menn voru að gera athugasemdir við það hvernig ég var með hendurnar og svona. Það komu ýmis komment á það og það átti að fyrirstilla einhvern innri mann, hvað ég væri að hugsa, hvort ég væri að skrökva eða segja sannleikann. Það fannst mér spaugilegt.“ Hann segist ekki vera á leið í sumarfrí strax þó að hægara sé um hjá Embætti landlæknis. „Ég á mikið frí inni og fer seinnipartinn í júlí fram í ágúst. Það er ekkert hægt að fara því fólk sem hér vinnur hefur unnið gríðarlega mikið og á rétt á sínu fríi. Við þurfum að deila því réttlátt út,“ segir Þórólfur að lokum. ■

ÚTSALA • ÚTSALA



Viðarvörn og pallaolía

**25% afsláttur**



ÚTSALA • ÚTSALA



25%

20,36 kW

NEXGRILL

Gasgrill DeLuxe 4B  
Grillflötur: 68,08x43,82 cm,  
4 brennarar. 3002021

**89.990 kr**  
~~119.990 kr~~

ÚTSALA • ÚTSALA



15%

Broil King

Gasgrill Gem 310  
Grillflötur: 55x37 cm, 3 brennarar,  
grillgrind í hliðarborð. 3000613

**42.495 kr**  
~~49.995 kr~~

ÚTSALA • ÚTSALA



25%

BLACK+DECKER

Rafmagnskeðjusög

1800W, hraði keðju 13,5 m/s, þyngd  
4,66 kg, smurtankur 100 ml. 5083681

**16.930 kr**  
~~22.575 kr~~

ÚTSALA • ÚTSALA



30%

Claber

Slönguhjól  
Ecosci

Tekur 60 m af 1/2" slöngu. 5081658

**4.057 kr**  
~~5.795 kr~~

Ný sending af pallaefni



ÚTSALA • ÚTSALA

Fyrir íslenska veðráttu

JOTUN

Útimálning

**25% afsláttur**



ÚTSALA • ÚTSALA



enox: enjoy life  
ÞÝSKT GEDAMERKI

Rafmagnshjól

7 gíra borgarhjól, 36V rafhlaða,  
hleðslutími 3-6 klst. 3903103-4

**144.900 kr**  
~~169.900 kr~~

ÚTSALA • ÚTSALA



20%

IKRA mögatec

Rafmagnsorf

350W, 25 cm sláttubreidd,  
stillanlegt skaft og haus. 5086616

**4.796 kr**  
~~5.995 kr~~

**25-50% afsláttur** af sumarblómum, trjáplöntum og runnum

ÚTSALA • ÚTSALA

50%

Stjúpur 10 stk.

**1.145 kr**  
~~2.290 kr~~



ÚTSALA • ÚTSALA

30%

Margarita

**1.599 kr**  
~~2.290 kr~~



ÚTSALA • ÚTSALA

40%

Lobelia

**1.490 kr**  
~~2.490 kr~~



ÚTSALA • ÚTSALA

Útipottar og svalakassar

**25% afsláttur**



ÚTSALA • ÚTSALA

50%

Sýrena

**2.745 kr**  
~~5.490 kr~~



ÚTSALA • ÚTSALA

27%

Sólhnappur

**1.799 kr**  
~~2.490 kr~~



ÚTSALA • ÚTSALA

25%

Sólboði

**1.490 kr**  
~~1.990 kr~~



Sumarblóm **25-50%** • Trjáplöntur og runnar **25-50%** • Útipottar **25%** • Nexgrill gasgrill **25%** • Matjurtir **50%**  
Vökvunarkönnur **25%** • Garðhúsgögn **25%** • Keðjusagir **25%** • Bensínsláttuvélar **25%** • Orf og hekkklippu  
Stanley loftpressur **20%** • Frystikistur (Frigor) **15%** • Slönguhjól (Claber) **30%** • LADY innimálning **20%** • Viðarvörn  
Matarstell, glös og könnur **30%** • Hreinlætisvörur **20%** • Bökunarvörur **30%** • Pottar, pönnur og hitakönnur  
Vinnuöryggisvara (hjálmar, grímur o.fl.) **20%** • Gúmmístígvél og gúmmískór **25%** • Öryggiskór og öryggisstígvél **20%**

**25%**

**Sláttuvél**  
**Razor 4610**  
 Bensínmótor  
 139cc/2,3kW,  
 sláttubreidd 46 cm,  
 6 hæðarstillingar  
 28-75 mm, 65 ltr. safnari. 5085301

**37.496 kr**  
 49.995 kr

**25%**

**AL-KO**  
**Sláttuvél**  
 Bensínsláttuvél,  
 B&S mótor 2,6kW,  
 140 cm³, sláttubreidd  
 46 cm, 7 hæðar-  
 stillingar 30-80 mm, 60 ltr. 5085156

**82.313 kr**  
 109.750 kr

**20%**

**IKRA**  
**mogatec**  
**Rafmagnshekkklippur**  
 600W, 55 cm, klippigeta 22 mm.  
 5083728

**8.395 kr**  
 10.495 kr

**25%**

**Sláttuvél**  
 Með drifi,  
 sláttubreidd  
 46 cm,  
 sláttuhæð  
 28-75 mm, 3in1. 5085308

**47.246 kr**  
 62.995 kr



**RISA**  
 útsölublað  
[husa.is](http://husa.is)

**25%**

**afsláttur**

Allar bensínsláttuvélar



**AL-KO**



blómaval



HÚSASMÍÐJAN

**FYRIR ÞIG**

**ÚTSALA**

- Útipottar og svalakassar **25%**
- Fjölaerar plöntur **30%**
- Kryddplöntur **25%**
- Garðstyttur og garðskraut **25%**
- Klippur (Ikra) **20%**
- Hand- og rafmagnshekkklippur **25%**
- Bensín- og rafmagnsorf **25%**
- Greinakurlarar (Ikra) **20%**
- Húsnæming og pallaolía **25%**
- Útimálning **25%**
- Hnífapör og ýmis eldhúsáhöld **30%**
- Hnífar **30%**
- Eldhúsáhöld **30%**
- Regnföt **30%**
- Vinnufatnaður **25%**
- Barnabílstólar **30%**
- Vinnuhanskar **20%**
- Plastbox **25%**
- Endurvinnslutunnur **25%**
- Lofta- og veggjapanill **20%**
- Leikföng **25%**
- Enox rafmagnshjól **15%**

Myrkur Games ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur heldur taka slaginn við stærstu tölvuleikjaframleiðendur heims, með væntanlegum leik sínum Echoes of the End. Innanhússlausnir hafa verið allt í öllu hjá fyrirtækinu, sem tilkynnti nýlega um samstarf við stóran, alþjóðlegan útgefanda.

„Við hittumst fyrst í þriggja vikna áfanga sem snerist um að búa til tölvuleik á þremur vikum,“ segir Halldór Snær Kristjánsson, forstjóri Myrkur Games, um tilurð fyrirtækisins. Hann stofnaði Myrkur árið 2016 ásamt þeim Daníel Arnari Sigurðssyni og Friðriki Aðalsteini Friðrikssyni sem kynntust í tölvunarfræði í Háskólanum í Reykjavík, með áherslu á tölvuleikjapróun.

#### Eldskirn Flokkunarhattsins

„Á þessum tíma þekktumst við ekki neitt en vorum settir saman í hóp eins og með Flokkunarhatti Hogwartsskóla,“ segir Halldór. „Ég var nýlega byrjaður að leigja skrifstofu svo ég stakki upp á því að við færum þangað og gerðum eitthvað geggjáð.“

Við tóku svefnlausar nætur þar sem félagarnir fóru í gegnum eldskirn í tölvuleikjagerð. „Við hoppuðum beint í djúpu laugina og bjuggum til leik sem var allt of stór og metnaðarfullur fyrir nýgræðinga eins og okkur, en þrátt fyrir það tókst býsna vel til. Það mikilvægasta sem við lærðum þar var að okkur þótti frábært að vinna saman og að við vorum allir með brennandi áhuga á tölvuleikjagerð.“

Í kjölfarið fór þríeykið að vinna að sýndarveruleikataækni sem var heitasta heitt í tölvuleikjaheiminum á þeim tíma, og stofnuðu Myrkur Games í kringum verkefnið. Þrátt fyrir að hafa klárað það til fullnustu áttuðu félagarnir sig á að ástríða þeirra lægi annars staðar. „Okkur langaði að búa til umfangsmikinn og metnaðarfullan tölvuleik saman, rétt eins og við gerðum þegar við kynntumst í tölvunarfræðinni.“

Áður en Myrkur hófst handa lögðu þeir í mikla markaðs- og tæknigreiningu. „Við komumst að þeirri niðurstöðu að markaðurinn lægi vel við því að gera það sem við vildum gera. Við tók nokkurra ára vinna við að byggja upp gott kjarnateymi, og þá þekkingu og verkferla sem verkefnið krafðist.“ Fyrirtækið hlaut um þetta leyti styrk frá Tækniþróunarsjóði, sem Halldór segir að hafi stutt enn frekar við uppbygginguna.

Myrkur var ekki að ráðast á markaðinn þar sem hann er lægstur, en umrætt verkefni er söguþráttinn ævintýraleikur á engum málaskala. Samkeppnisáðilar á þeim markaði eru einhverjir stærstu tölvuleikjaframleiðendur heims en Halldór segir að það hafi ekki aftrað ástríðunni. „Myrkur í heild er byggt á þeirri hugmynd að með því að nýta mikla tækniframþróun í tölvuleikjaiðnaðinum geti minna fyrirtæki eins og Myrkur gert sömu hluti og þessir risastóru framleiðendur,“ segir Halldór. „Það sem gengur okkur í hag er að hver einasti leikur á þessum markaði er svo stór og umfangsmikill að það tekur mörg ár fyrir jafnvel stærstu fyrirtækin að gefa út hvern leik, sem tekur svo kannski bara nokkra tíma fyrir leikmenn að klára. Þarna sáum við gullið tækifæri til að anna hluta af þeirri gríðarlegu eftirspurn sem er eftir svona leikjum.“

#### Tvífarar og hreyfirakning

Til að leikur Myrkurs gæti orðið að veruleika voru ýmsar tæknilegar áskoranir sem þurfti að leysa. Ein þeirra var hreyfirakningartækni (e. motion capture) sem var nauðsynleg til að glæða persónur leiksins lífi. „Við ákváðum strax að reisa okkar eigið upptökuver,“ segir



Halldór segir að mikil tækniframþróun í iðnaðinum hafi gert litlum tölvuleikjaframleiðendum kleift að gera sömu hluti og risarnir á markaðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Andrúmsloftið er temmilega afslappað í höfuðstöðvunum á Fiskislóð.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Rýmin á skrifstofunni heita eftir stöðum úr leiknum. Halldór grátbað blaðamann að nota ekki mynd af skrifstofu sinni, Lord's Peak.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Ljóst yfir Myrkur Games



Arnar Tómas Valgeirsson  
arnartomas@frettabladid.is

Halldór. „Það var hvorki einfalt né ódýrt, en það hefur reynst algjörlega rétt ákvörðun, og veitir okkur vissa sérstöðu í samanburði við önnur fyrirtæki af svipaðri stærð. Uppbygging á innanhússlausnum er almennt okkar markmið. Auk versins smíðuðum við líka hátækni skönnunarver, samansett af tugum myndavéla og öðrum búnaði, sem leyfir okkur nokkuð einfaldlega að „skanna“ leikara og skapa nákvæma eftirlíkingu af leikurum innan leiksins – eins konar tölvugerða tvífarar.

Það er ljóst að þessar lausnir hafa skilað Myrkri miklum árangri, en nýlega tilkynnti Myrkur um samstarf sitt við framleiðandann Prime Matter, sem hefur höfuðstöðvar í Þýskalandi.

„Þetta var algjör draumaniðurstaða fyrir okkur,“ segir Halldór. „Við erum komin í samstarf við alþjóðlegan útgefanda sem deilir metnaði okkar fyrir því að þróa framúrskarandi leikjaupplifun. Prime Matter kemur inn með fjármagn í verkefnið fyrir umtalsverða stækkun teymisins og tryggir þróun fram að útgáfu. Þetta er langstærsta skref Myrkur Games frá upphafi, og stórt skref fyrir leikjaiðnaðinn á Íslandi.“

#### Endalokin bergmála

Í stiklu sem Prime Matter gaf út á dögunum má sjá brot úr leiknum sem Myrkur hefur verið að vinna að frá upphafi. Leikurinn ber heitið Echoes of the End og á sér stað í fantasíuheimi með ívafi af vísindaskáldskap. Leikmenn bregða sér í hlutverk söguhetjunnar Ryn, sem er leikin af Aldísi Ömuh Hamilton, og takast á við erfiðar ákvarðanir sem hún stendur frammi fyrir.

Aðspurður um hvenær áhugasamir geti fengið að sjá meira af leiknum og jafnvel hvenær hann sé væntanlegur í hillur verður Halldór dulur. „Við viljum ekki tala um útgáfudag fyrr en við erum komin aðeins nær honum en það er nóg í höfn,“ segir hann.



Leikararnir Aldís Amah Hamilton og Karl Ágúst Úlfsson fara með aðalhlutverkinn í Echoes of the End. Hér eru þau útbúin hreyfirakningartækni...

MYND/MYRKUR GAMES



... sem kemur þeim inn í leikinn sem persónunum Ryn og Abram.



Uppbygging á innanhússlausnum er almennt okkar markmið.

Í dag er Myrkur nýflutt í nýtt skrifstofuhúsnæði á Fiskislóð og segir Halldór að markmiðið sé að tvöfalda starfsmannahópin sem telur í dag átján manns. „Við erum að ráða inn nokkuð hratt og erum að leita að fólki í öll hlutverk fyrirtækisins, allt frá listamönnum yfir í forritara,“ segir hann. „Við erum loksins komin á fullt skrið og erum spennt fyrir að fá meira frábært liðsafl til að hjálpa okkur að gera leikinn að veruleika.“ ■





Heilbrigð melting er grunnur að góðri heilsu

Heilsan er dýrmætust  
[www.eylif.is](http://www.eylif.is)

lifestream

POWERFUL NUTRITION FROM PLANTS

**ALOE VERA**  
HREINN SAFI

30 DAGA SKAMMTUR

www.celstus.is



Ólafía þurfti að taka inn verkjalyf daglega til að draga úr sársauka í hnjám en hefur nú endurheimt liðleika vegna Active Joints.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Líður undurvel á líkama og sál

Ólafía Ingólfssdóttir var á leið í hnjáskiptaaðgerð þegar hún komst á snoðir um bætiefnið Active Joints frá EYLÍF. Á örskömmum tíma var hún farin að hreyfa sig sem aldrei fyrr. **2**



Bætiefnalínan frá Eylif samanstendur af Happier Guts, Active Joints, Stronger Bones og Smoother Skin &amp; Hair.



Ólafía finnur víðtækan mun á sér til hins betra eftir að hún fór að taka inn Active Joints og er nú farin að stunda jóga og hreyfa sig sem aldrei fyrr.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ólafía Ingólfssdóttir er 69 ára og starfadi sem rekstrarstjóri á N1 á Hvolsvelli. „Ég vann langar vaktir, var mikið á ferðinni og var orðin svo slæm í hnenu að ég tók stundum hátt í tíu verkjatöflur á dag og svaf mjög slitrött vegna verkja,“ útskýrir Ólafía.

Það var svo í fyrrasumar sem Ólafía var á leið í hnjalidaskipti að hún sá auglýsingu um Active Joints frá Eylif.

„Ég hugsaði með mér að ég hefði engu að tapa og ákvað að prófa að taka það inn. Árangurinn lét ekki á sér standa, hann kom fram innan þriggja vikna og í september var ég farin að sofa betur og orðin það góð að ég þurfti ekki lengur að taka verkjatöflur dagana langa,“ upplýsir Ólafía, alsæl með góðan árangur Active Joints á heilsu sína.

„Ég finn líka mikinn mun á meltingunni og mér líður almennt mikið betur líkamlega og andlega. Núna fer ég í jóga og get gert allar æfingar sem ég gat aldrei áður gert. Mér finnst orðið svo auðvelt að hreyfa mig og núna get ég gengið um allt án vandræða, sem ég gat ekki áður,“ segir Ólafía. „Svo er gaman að segja frá því að í kringum mig eru tíu manns sem eru einnig að taka inn Active Joints og finna sömuleiðis mikinn mun á sér líkamlega til hins betra.“

**Árangurinn lét ekki á sér standa, hann kom fram innan þriggja vikna, ég farin að sofa betur og orðin það góð að ég þurfti ekki lengur að taka verkjatöflur.**

Ólafía mælir svo sannarlega með Active Joints frá Eylif.

„Það er það allra besta bætiefni sem ég hef tekið inn. Ég finn svo mikinn mun á mér, mér líður svo mikið betur og hef miklu meiri liðleika, sem eru mikil lífsgæði fyrir mig. Ég er einnig byrjuð að taka inn Smoother Skin & Hair frá Eylif og finn strax mun á húðinni, nöglunum og hárinu því ég hafði glímt við hárlos. Ég mæli því 100 prósent með vörunum frá Eylif.“

**Heilsan er dýrmætust**  
Vörulínan Eylif býður upp á fjórar frábærar heilsuvörur sem reynst hafa fólki vel. Þær eru Active Joints, Stronger Bones, Smoother Skin & Hair og nýjasta varan Happier Guts. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi úr hreinum, íslenskum hráefnum og engum aukaeftum er bætt við. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi Eylif.

## Loksins hreyfing án mikillar fyrirhafnar

Guðlaugur Sigurðsson segir að eftir að hann kynntist Active Joints frá Eylif hafi lífsgæði hans breyst til batnaðar. Hann getur staðið upp án fyrirhafnar og gengið óstuddur upp og niður tröppur. Lífsgæðin hafa því batnað.

Guðlaugur Sigurðsson lenti í alvarlegu vinnuslysi þegar hann var til sjós árið 2010. Hann slasast svo illa að hann var óvinnufær á eftir. Afleiðingarnar voru slæmir stoðverkir víðs vegar um líkamann. „Ég var heppinn að fá spelku frá Össuri þannig að ég gat sinnt daglegum athöfnum. Spelkan var eins konar lífsbjörg fyrir mig á þeim tíma. Eftir slysið var ég stöðugt með verki og átti erfitt með svefn vegna verkjanna,“ útskýrir Guðlaugur. Það var eiginkona hans sem sá auglýsingu um Active Joints frá Eylif. „Hún ákvað að kaupa fyrir mig þetta fæðubótarefni í haust og ég verð að viðurkenna að eftir aðeins viku var ég farinn að finna mun á líkamlegri getu. Það var í raun alveg ótrúlegt og mér finnst gaman að segja frá þessari bættu líðan minni,“ segir hann.

Guðlaugur segist stundum gleyma að setja á sig spelkuna



Guðlaugur segist stundum gleyma spelkunni eftir að hann byrjaði að taka inn Active Joints. MYND/ADSEND

þegar hann fer út í göngutúr. „Ég get orðið gengið upp og niður stiga án þess að styðja mig við handriðið eða þegar ég stend upp frá borði eða úr sófanum. Ég myndi segja að það væri kraftaverk frá því sem áður var. Frá því ég kynntist Active Joints frá Eylif hef ég tekið þrjú hylki á dag. Ég dreifi inntökunni yfir daginn með máltíðum. Þótt fötlun mín eftir slysið hafi ekki horfið þá er ég engu að síður gangandi um glaður í bragði. Mér líður betur og það er góð upplifun. Ég get því alveg mælt heilshugar með Active Joints,“ segir hann.

breytt. „Þau stuðla að heilbrigði og sveigjanlegri líkama því þá erum við færari um að takast á við verkefni í dagsins önn. Við vitum öll að heilsan er okkur dýrmætust og því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsufarsvandamál. Heilbrigði melting er grunnur að góðri heilsu og þess vegna vildum við hjá Eylif bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna,“ segir Ólöf Rún. ■

Fæst í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum, Nettó og á eylif.is þar sem hægt er að fá fría heimsendingu. Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Þórdís S. Hannesdóttir er mjög ánægð með Happier GUTS.

## Lifið nú annað og betra en áður

„Ég mæli eindregið með Happier Guts frá Eylif því það hefur reynst mér mjög vel,“ segir Þórdís S. Hannesdóttir, sem hefur af því frábæra reynslu. „Ég var svo heppin að kynntist Happier Guts eftir ábendingu um að bætiefnið virkaði vel fyrir meltinguna. Ég hef alltaf verið með lata þarmastarfsemi og prófað ýmislegt í gegnum tíðina til að laga meltinguna, en var hreinlega hætt að gera mér vonir um betri líðan því ekkert kom að gagni. Ég var því farin að sætta mig við að vera bara svona og lítið við því að gera,“ segir Þórdís sem hafði verið í langri hvíld frá bæti-efnum þegar hún ákvað að prófa Happier Guts.

„Ég sé svo sannarlega ekki eftir því, því eftir aðeins tveggja mánaða notkun á Happier Guts fann ég gríðarlegan mun á mér og lífið varð allt annað og betra en áður. Óþægindi frá meltingarvegi hurfu og þarmastarfsemi er komin í gott lag. Ég fann líka hvernig almenn líðan varð mjög góð, bæði andleg og líkamleg, og mér líður svo miklum mun betur.“

Þórdís mælir eindregið með Happier Guts fyrir alla sem eiga við meltingarþægindi að stríða. „Ég mun svo sannarlega halda áfram að taka inn þetta frábæra bætiefni sem er unnið úr íslenskum gæðahráefnum og framleitt hér á Íslandi. Það hefur hjálpað mér mjög mikið.“

# NÝ SENDING AF SPARIKJÓLUM

Stærðir 14-30 eða 42-58

Þú getur skoðað úrvalið og pantað í netverslun  
[www.curvy.is](http://www.curvy.is)

Afgreiðslutímar í verslun Curvy við Grensásveg  
Alla virka daga frá kl. 11-18  
Laugardaga frá kl. 11-16

FRÍ HEIMSENDING  
EF AÐ VERSLAÐ ER FYRIR  
5000 KR Eða MEIRA



Skyrtukjól  
11.990 kr



Kjól  
14.990 kr



Skyrtukjól  
11.990 kr



Kjól  
14.990 kr



Millisiður kjól  
15.990 kr

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | [www.curvy.is](http://www.curvy.is)

# Matarástin blómstrar á Höfn



Sjöfn  
Þórðardóttir  
sjofn  
@frettabladid.is

Hjónin Andrés Bragason matreiðslumeistari og Auður Mikaeladóttir framreiðslumeistari eiga og reka saman Otto veitingahús á Höfn í Hornafirði. Um er að ræða litíð fjölskyldufyrirtæki þar sem Andrés eldar öll kvöld og Auður er gestgjafi hússins.

Andrés og Auður búa á efstu hæðinni ásamt syni sínum, Ara, sem er 20 mánaða snáði. Veitingahúsið er margrómað fyrir ljúffengan mat og hlýlegt umhverfi, þar sem matarástin blómstrar og ástríða þeirra hjóna smitar út frá sér.

„Við höfum óbilandi ástríðu fyrir matargerð og menningu. Við elskum að búa á Hornafirði í yndislegu húsi og elda góðan mat fyrir heimamenn og gesti. Ég er reyndar listfræðingur og starfa í Svavarssafni á daginn, en það er opið hjá okkur á Otto alla daga fyrir kvöldverð,“ segir Auður og nýtur sín í störfum sínum.

## Ást við fyrstu sýn

*Hvað kom til að þið fluttuð úr borginni og yfir á Höfn í Hornafirði?*

„Stutta útgáfan er húsið, þetta var ást við fyrstu sýn. En langa útgáfan er sú að okkur langaði til þess að koma á fót rekstri á eigin forsendum og þótti kannski landslagið í Reykjavík ekki hagstætt á þeim tíma. Við höfum búið í miðbænum í áratugi og gátum hvergi hugsað okkur að vera nema þar. En svo var ég í MBA-námi og fór í skiptinám til Sjanghæ og Andrés kom með. Í Kína rann upp fyrir okkur að það væri hugsanlega bara allt í lagi að prófa að búa annars staðar en í Grjótaþorpinu. Þá fórum við af stað í hugmynda-vinnu um hvað við vildum gera og hvernig. Raunar var grunnhugmyndin að opna vegan stað í Hveragerði, en okkur þótti líka mjög mikilvægt að komast fljótt og vel til Reykjavíkur. Við fórum svo vítt og breitt að skoða möguleika. Að lokum komumst við yfir þá hugarhindrun að finnst við þurfa að vera í námunda við Reykjavík og hér enduðum við alsæl í 6 klst. fjarlægð frá borginni. Það er svo skrýtið hvernig staður fangar hjarta manns en hér á Höfn er náttúran svo ægifygur með jöklana allt um kring og birtan sem skapast er engu lík. Hingað hafa listamenn sótt og reynt að fanga sjónarspilið öldum saman. Það eru sönn lífsforréttindi að búa við slíkar aðstæður.“



Brugðið á leik fyrir framan veitingastaðinn Otto á Höfn í Hornafirði.

MYND/ADSEND



Súpa með humri sem gleður bragðlaukana er vinsæl á Hornafirði.

MYND/ADSEND



Andrés Bragason matreiðslumeistari rekur Otto ásamt konu sinni.

MYND/ADSEND



Mikið er lagt í fallegan borðbúnað og að gestum líði vel.

MYND/ADSEND

## Heiðra minningu frumkvöðuls

Húsið er sögulegt og fangar augað. Það stendur nærri höfninni og er elsta íbúðarhúsið á Höfn. Margir hafa velt fyrir sér sögunni á bak við nafnið á staðnum. Húsið var reist af Otto Tulinius kaupmanni en hann bjó í húsinu með fjölskyldu sinni og rak verslun í næsta húsi. Húsið hefur verið gert upp að mestu leyti á upprunalegan máta og í því ríkir einstakur andi. Vinir okkar og fjölskylda segjast hvergi sofa betur og flest allir okkar viðskiptavinir nefna andrúmsloftið um leið og matinn og umhverfið. Auðvitað er það eitthvað sem skapast af því sem við setjum í það og líka frá gestunum sjálfum en einnig finnst okkur húsið gefa af sér. Í aðdragandanum veltum við ýmsum nöfnum fyrir okkur en Otto er einfalt, auðvelt og grípanið og heiðrar minningu frumkvöðuls sem reisti húsið af miklum myndarbrag fyrir rúmri öld,“ segir Auður.

## Húsið fullkomin umgjörð

Þegar við fundum húsið sáum við möguleika á því að skapa lítinn en metnaðarfullan veitingastað eftir okkar höfði. Húsið var fullkomin umgjörð fyrir okkur, þar sem á efstu hæðinni er íbúð sem við höfum gert upp eftir okkar þörfum, á miðhæðinni nota- legur veitingasalur og eldhús og í kjallaranum er eiginlega tilrauna- svæði þar sem nú starfrækjum við konseptverslun. Við lögðum upp með ákveðnar hugmyndir en ferlið hefur einnig verið lífrænt og staðurinn þróast og þroskast. Við erum í mikilli nánd við gestina og skynjum strax hvað fellur í kramið og hvað hentar á hverjum tíma. Við erum líka óhrædd við að prófa nýja hluti en það er kannski það góða við að vera svona litill að það er auðvelt að aðlagja sig og breyta sér,“ segja þau Auður og Andrés.

## Fjölbreytt flóra

Það fylgja ýmsar áskoranir því að vera með veitingarekstur á Höfn.

„Hér er mikil samkeppni og sveiflur í fjölda ferðamanna. En fjöldi veitingastaða stuðlar einnig að fjölbreyttri flöru matarmenningar og orkar sem aðdráttarafyl fyrir ferðamennsku. Það er auðvitað töluvert ólíkt að stunda veitingarekstur á Höfn í Hornafirði og í Reykjavík. Það er ótrúlega skemmtilegt að vera gæða veitingahús á svo afskekktum stað ef svo má kalla, því að hissa-gleði-faktorinn verður svo sterkur meðal gesta. Otto er líka látlaus og gefur sig ekki út fyrir að vera finni en hann er. Okkar grunnhugmynd var að vera lókal veitingastaður, fyrst og fremst fyrir heimamenn. Við bökkum súrdeigsbrauð daglega og við bökkum kanilsúða daglega fyrstu árin til að selja heimamönnum beint. En þetta er auðvitað litill kaupstaður, hér eru margir veitingastaðir og svo sáum við það fljótt að hér erum við háð ferðamennsku. Á Höfn er langt í næstu byggðarlög og fólk er mikið að keyra í gegn, sem skapar ákveðna stemningu.“

## Hefur margt breyst á þessum árum?

„Við höfum lært mikið á þessum tíma og þurft að margaðlaga okkar rekstur að markaðnum og umhverfinu. Við höfum verið með alls konar tilraunastarfsemi, eins og opin bar í kjallaranum, bakstur alla daga, bröns um helgar, morgunverð, verslun í kjallaranum, pop-up heimsreisur og fleira og fleira. Stærsta áskorunin hefur auðvitað verið heimsfaraldur, en það hefur verið þungur róður að komast í gegnum þá mánuði á svo litlum stað með enga ferðamenn. Rekstrarumhverfið er auðvitað sibreytilegt og nú erum við að koma undan Covid þar sem við höfum verið starfandi í hálfgerðum neyðarfasa. Það verður spennandi að sjá hvernig þróunin verður á komandi mánuðum en allt horfir það nú til betri vegar og við finnum hvernig bærinn er að lifna við og ferðamenn koma í auknum mæli og glæða bæinn lífi.“

## Handverk í eldhúsinu

Sérstaða staðarins er bæði umhverfið og maturinn. „Innréttingar eru að skandinaviskri fyrirmynd, einfaldar og fallegar. Í eldhúsinu er allur matur lagaður frá grunni og öll matreiðsla og bakstur er handverk. Við bökkum súrdeigsbrauð í steinofninum alla daga sem hefur vakið mikla eftirtekt. Við stöndum bæði vaktina alla daga vikunnar og höfum raunar gert frá byrjun, svo það má kannski kalla það heimilislegt og við erum auðvitað í mikilli nánd við okkar gesti. Við erum eini veitingastaðurinn á Höfn sem hefur leyfi til þess að taka nema á samning, svo hjá okkur er hægt að læra bæði matreiðslu og framreiðslu. Síðast en ekki síst höfum við verið með myndlistarsýningar síðan með myndlistarsýningar síðan með myndlistarsýningum frá árunum 2018–2021 sem aldrei hafa verið sýnd á Íslandi. Verkin eiga þó sterka rót hér á landi og ekki síst undir Vatnajökli.“

Okkar áhersla í matargerðinni hefur verið íslensk og norræn en í fyrrasumar og í sumar höfum við verið með franskann brasserie-séðil sem hefur gefist vel svo þetta er kannski blanda af því má segja. En það eru mjög sterk höfundareinkenni á öllum réttum enda Andrés verið að matreiða og þróa sína eigin rétti og bragð síðan hann var krakki. Við erum með ótrúlega góða og vinsæla humarsúpu en við erum líka með andalæri, eldað í confit yfir nótt, reyktað þorskhnakka frá Sólseri og krækling.“

Við, ásamt fleiri veitingahúsum á svæðinu, erum í samstarfi við Omnom og Visit Vatnajökull í sumar og því skemmtilegt að deila uppskrift að franskri súkkulaðiköku með Omnom Nicaragua 73% súkkulaði.



Frönsk súkkulaðikaka með Omnom ívafi sem vert er að prófa.

MYND/ADSEND

## Frönsk súkkulaðikaka með Omnom ívafi

300 g Omnom Nicaragua 73%  
300 g smjör  
300 g sykur  
30 g sterkt kaffi  
20 g koniak  
4 egg

Setjið allt nema egg saman í skál og bræðið yfir vatnsbaði við vægan hita.

Hrærið og bætið eggjunum út í og hrærið áfram þar til allt er komið saman. Hellið svo blöndunni í silikonform og komið fyrir í ofnskúffu. Komið fyrir í ofninum. Fyllið ofnskúffuna með heitu vatni upp að miðju formsins. Bakið við 160 °C í 40 mínútur.

Leyfið að standa í opnum ofninum í um það bil 10 mínútur. Látið kólna áfram á borðinu og komið svo í kæli. Þegar kakan er borin fram er best að hita beittan hnif til að ná falletum skurði beint úr kælinum. Þeyttur rjómi og gott kaffi gera þetta svo að einni allsherjar sælu. ■

## Kröftug & hrein bætiefni

ICEHERBS  
NATURAL SUPPLEMENTS

20% Afsláttur í júlí

Apótekarinn+ Lyf & heilsa  
Við hlustum!

# Sumarkiljur

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 10. júlí 2021



„Við einbeitum okkur að því að gefa út fjölbreyttar og vandaðar bækur, hvort sem það eru spennusögur, skáldsögur, veiðibækur eða matreiðslubækur,“ segir Ásmundur.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Á höttunum eftir metsölubókum


Ásmundur Helgason og Elín G. Ragnarsdóttir hjá bókaútgáfunni Drápu gefa út bækur sem þau sjálf hafa gaman af að lesa. Fjórar nýjar bækur hafa komið út hjá Drápu í sumar, sem grípa lesandann frá fyrstu síðu. **2**



Á hverju sumri koma út spennandi sumarkiljur frá Drápu, sem erfitt er að leggja frá sér fyrr en að lestri loknum. Fimmtudagsmorðklúbburinn kemur í verslanir um helgina, en fáar bækur hafa selst jafnhratt á jafnskömmum tíma og hún.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
EYÞÓR


” Við kappkostum að gefa út bækur frá mismunandi löndum og gefum bara út bækur sem heilla okkur.



The Guardian lýsir bókinni sem hinni fullkomnu glæpasögu, en hún var að koma út.



Bréfið er ein vinsælasta bók landsins þessa dagana og hefur selst vel um heim allan.



Barcelona-sögurnar slógu í gegn. Ást fer allt á hliðina. Hún er sú þriðja og síðasta í flokknum.



Búið er að gefa þessa verðlaunabók út í um 30 löndum. Hún fylgir lesandanum lengi.

„Ævintýrið hófst þegar við hjá Drápu gáfum út Sudoku-bók fyrir 16 árum, sem sló algjörlega í gegn. Síðan þá höfum við einbeitt okkur að því að gefa út fjölbreyttar og vandaðar bækur, hvort sem það eru spennusögur, skáldsögur, veiðibækur eða matreiðslubækur. Við leggjum líka mikið upp úr því að gefa út vandaðar barnabækur allt árið um kring,“ segir Ásmundur, sem er annar eigandi bókaútgáfunnar Drápu.

Þau Elín lesa gríðarmargar bækur á ári hverju. „Við kappkostum að gefa út bækur frá mismunandi löndum og gefum bara út bækur sem heilla okkur,“ segir Ásmundur, en þau Elín fylgjast grannt með bókaútgáfu víða um heim.

„Við finnum bækur á netinu, förum á bókamessur í útlöndum og hittum marga úr útgáfuheiminum sem benda okkur á áhuga-verðar bækur. Núna erum við að leggja lokahönd á útgáfu á barnabókum frá Oxford University Press, sem við rákumst á í bóka-búð í litlu þorpi uppi í fjöllumum á Spáni. Rákumst svo aftur á sömu

bækur í stórri bóka-búð í Valencia. Söguhetjan, Ísadora Nótt, er skóg-arálfur og vampira og því mjög áhugaverð og skemmtileg týpa. Harriet Muncaster er höfundur texta og mynda og Ingunn Snædal þýddi. Fyrstu tvær bækurnar í seríunni koma út í ágúst,“ segir Ásmundur og bætir við að Drápa sé með framúrskarandi þýðendur á sínum snærum. „Það er sérþing að þýða bækur og við gætum ekki verið heppnari með samstarfs-fólk,“ segir hann.

Á hverju sumri koma út spennandi sumarkiljur frá Drápu sem gott er að grípa með sér í friði eða til að lesa heima. „Við gefum út fjórar kiljur núna í sumar, sem eru ólíkar en grípa lesendur heljartökum um leið og lesturinn hefst,“ segir Ásmundur.

#### Ást – og allt fer á hliðina

„Ást eftir Alejandro Palomas er tilfinningaþrungin en gáskafull saga. Hún er sjálfstætt framhald af Móður og Hundur og sú síðasta í röðinni í þeirri seríu. Ást hefur bókstaflega rakað inn verðlaunum og ber þar hæst virtustu

bókmenntaverðlaun Spánar, Nadal-verðlaunin. Sagan fjallar um Amalíu sem býr í Barcelona. Hún er nýskilin við manninn sinn til fjórtíu ára, er dálítið hvatvís og þarf aðeins að fóta sig í lífinu. Brúðkaup í fjölskyldunni stendur fyrir dyrum þegar Amalía fær óvænt símtal og þá fer allt á hliðina,“ segir Ásmundur, en Sigrún Á. Eiríksdóttir þýddi.

„Sumir líkja Barcelona-sögunum eftir Palomas við kvikmyndir Pedros Almodóvars því það er alltaf eitthvað skemmtilegt að gerast og mikið í gangi,“ segir Ásmundur.

#### Lætur engan ósnortinn

Ítalska verðlaunabókin **Ég verð hér** eftir Marco Balzano hlaut Bugatta-verðlaunin, virtustu bókmenntaverðlaun Ítalíu, árið 2019. Hún hefur verið gefin út í um þrjátíu löndum við miklar vinsældir.

„Ég verð hér er ákaflega innihaldsrík fjölskyldusaga. Hún gerist í ítölsku þorpi í Dólómíta-fjöllumum í Suður-Tíról. Stríðið er að byrja, fasistar komast til valda og það á að drekkja þorpinu

í uppistöðulóni. Sagan er sögð út frá sjónarhóli móður sem skrifar dóttur sinni persónuleg bréf og segir frá lífi sínu. Maðurinn hennar og sonur eru að fara í stríðið og það er margt í gangi. Þetta er mikil örlagasaga sem lætur engan ósnortinn og fylgir lesandanum lengi að lestri loknum,“ segir Ásmundur. Þýðandi er Halla Kjartansdóttir.

#### Bréf sem breytir öllu

**Bréfið** eftir Kathryn Hughes kom út fyrir þremur vikum. Bókin vakti strax mikla athygli og fór rakkleidis eftir á vinsældalista Pennans. „Bréfið er ein vinsælasta bók landsins og hefur selst í meira en milljón eintökum um heim allan. Hún er um Tinu, sem er gift drykkfeldum ofbeldismanni. Hún er sjálfboðaliði í nytjaverslun og finnur bréf í gömlum jakka. Hún opnar bréfið og les og þar með upphafst mikil örlagasaga tveggja kvenna á ólíkum tímaskeiðum. Þetta er geggjúð bók sem gripur mann heljartökum,“ upplýsir Ásmundur. Ingunn Snædal þýddi bókina.







#### Morð á fimmtudögum

**Fimmtudagsmorðklúbburinn** var að koma út í þýðingu Ingunnar Snædal. Ásmundur á fastlega von á að hún eigi eftir að slá í gegn.

„Sagan segir frá hópi ellilífeyrisþega sem eiga sér lítinn klúbb, sem hittist á fimmtudögum til að leysa óleyst sakamál. Það hefur gengið upp og ofan hjá þeim en þegar hrottalegt morð á sér stað á þröskuldinum hjá þeim, er klúbburinn allt í einu kominn með glöðvolgt morðmál til að leysa,“ segir hann.

Að mati The Guardian er þetta hin fullkomna glæpasaga. Hún sló öll söllumet í Bretlandi þegar hún kom út í fyrra því fáar bækur hafa selst jafn hratt á jafn stuttum tíma. „Höfundurinn er Richard Osman, sem er heimsþekktur sjónvarpsmaður. Það vakti athygli að hann skyldi skrifa glæpasögu og ekki síst hversu vel honum tókst til,“ segir Ásmundur en Drápa hefur þegar tryggt sér réttinn að næstu bók höfundar. „Þetta er snjöll og spennandi saga, uppfull af ekta breskum húmor, sem getur verið dálítið svartur,“ segir Ásmundur að lokum. ■

# EKKERT FRÍ ÁN BÓKA!



Náðu þér í kilju fyrir fríið á  
forlagid.is og á Fiskislóð 39

**Endalaust úrval!**

 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

# Mikil gerjun í bókaútgáfu



Oddur Freyr Þorsteinsson  
oddurfreyr@frettabladid.is

Formaður Félags bókaútgefenda segir að sala hljóðbóka hafi margfaldast síðustu ár og haft mikil áhrif á bóka-markaðinn. Hann segir útgefendur enn vera að finna bestu leiðirnar til að gefa út bækur og enginn viti hvernig landslagið verði til lengri tíma lítið.

Auknar vinsældir hljóðbóka hafa haft mjög mikil áhrif á bókamarkaðinn og Heiðar Ingi Svansson, formaður Félags bókaútgefenda, segir að nú standi yfir mikið umbreytingaskeið í bókaútgáfu sem ekki sér fyrir endann á. Útgefendur eru að gera tilraunir til að sjá hvers konar útgáfa virkar best.

„Sala hljóðbóka hefur margfaldast á síðustu tveimur árum,“ segir Heiðar. „Bæði hefur hljóðbókasala almennt verið að aukast um allan heim og verið einn helsti vaxtarbroddurinn í útgáfu almennt og svo flýtti heimsfaraldurinn fyrir þróuninni, því fólk fékk næði til að hlusta á bækur og í mörgum tilvikum minnkaði aðgengi að prentuðum bókum þar sem bóka-búðir og bókasöfn voru lokað víða um heim.“

Að einhverju leyti fjölgaði einfaldlega notendum hljóðbóka, en mögulega eru hljóðbækur líka að bæta við nýjum lesendum sem byrja þar og fara svo að lesa prentaðar bækur,“ segir Heiðar. „Svo er líka spurning hvort þetta sé að einhverju leyti fólk sem er að fara úr prentuðum bókum yfir í að hlusta á hljóðbækur.“

Það má spyrja sig hvaða áhrif þetta hefur á sölu á kiljum, en salan á þeim hafði verið að dragast saman fyrir Covid og féll svo dramatískt í fyrra. En Eymundsson í Leifsstöð er gríðarlega mikilvægur sölustaður fyrir kiljur, svo það er erfitt að segja að hve miklu leyti faraldurinn hafði áhrif og að hve miklu leyti salan er almennt að falla,“ útskýrir Heiðar. „Við vonum að kiljusalan komi til baka að einhverju leyti þegar Íslendingar fara að ferðast meira.“

Svo má líka velta fyrir sér hvaða áhrif sala hljóðbóka hefur á aðra samkeppnisaðila, en þær eru í samkeppni við hláðvarpsþætti og streymisveitur eins og Spotify og Netflix,“ bætir Heiðar við.

## Lesendum vonandi að fjölga

„Það er almennt mjög mikil gerjun í afþreyingu sem við getum hlustað á,“ segir Heiðar. „Við erum stödd í miðju umbreytingaferli og ég hef lært það í bókaútgáfu að þó



Heiðar Ingi Svansson, formaður Félags bókaútgefenda, segir að bókaútgáfa sé að breytast mikið um þessar mundir.

MYND/KRISTINN PEYR MAGNÚSSON

að maður telji sig vita eitthvað veit maður í rauninni ekki neitt. Það er svo oft búið að spá dauða bókarinnar og ýmsu öðru sem hefur ekki gengið eftir.

En þessi mikli vöxtur í hljóðbókaútgáfu getur ekki haldið svona áfram, þetta nær einhverjum hápunkti og svo kemst á jafnvægi, en sem stendur er þróunin svo hröð að við getum ekki áttað okkur á landslaginu til lengri tíma,“ segir Heiðar. „Vonandi er þetta bara jákvætt og lesendum er bara að fjölga og bækur í almennt sókn, sama á hvaða formi þær eru. Lestrarkannanir sýna líka að lestur jókst í Covid og það var meiri sala á prentuðum bókum í jólabókavertíðinni í fyrra en árið áður. Ég veit líka sjálfur um dæmi þess að fólk fari að lesa og opna augun fyrir fjölbreyttari leiðum til að njóta góðra bóka eftir að hafa byrjað í hljóðbókum.“

## Tilraunastarfsemi í útgáfu

Heiðar segir að tilkoma Storytel árið 2018 hafi haft mjög mikil áhrif á markaðinn.

„Eftir það hefur orðið margföldun á sölu hljóðbóka. Það var greinilega mikil eftirspurn eftir hljóðbókum, sem hefur verið svarað af krafti og hljóðbókaútgáfa hefur vaxið gríðarlega,“ segir Heiðar. „Storytel hefur lagt mikið í markaðinn, framleitt mikið og haft mikil áhrif.“

Það má líka ekki gleyma því að það er sérstakt við markaðinn hér á landi að rafbókasala hefur ekki náð sömu festu og í kringum okkur. Við stukkum eiginlega yfir þær og fórum beint í hljóðbækur,“ segir Heiðar. „Ég veit að margir útgefendur vona að sá markaður eigi eftir að taka við sér hér á landi og sala rafbóka aukist og mér sýnist útgefendur vera að gera tilraunir með að gefa út bækur



Heiðar segir að Storytel hafi haft mjög mikil áhrif á bókamarkaðinn á Íslandi.  
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

á ólíkum formum um þessar mundir.

Sumir gefa út á öllum formum í einu, sem rafbók, prentaða útgáfu og hljóðbók, aðrir gefa þetta út á sitt hvorum tíma og enn aðrir gefa bækur bara út á hljóðbókarformi. Storytel tilkynnti líka nýlega að þau ætli að prófa að gefa út eina prentaða bók á árinu,“ segir Heiðar. „Fólk er bara að sjá hvað virkar og það er rosaleg gerjun. Best væri ef það væri hægt að gefa út á öllum formum, í kilju, innbundna útgáfu, rafbók og hljóðbók. Þá myndi myndast samspil milli þessara ólíku forma, en núna erum við að fara í gegnum ákveðið umbreytingaskeið sem nær til neyslumynstra almennt.“

Það má ekki gleyma því að langflestar hljóðbækur hafa komið út á prenti fyrst, enn sem komið er, og verða til vegna þess að það er til staðar góður og stöðugur markaður fyrir prentaðar bækur. En svo hefur maður líka heyrt af því að bækur sem voru ekki vinsælar á prentuðu formi séu vinsællar sem hljóðbækur,“ segir Heiðar. „Ég veit það fyrir vist að næstu ár

verða áhugaverð og bransinn mun ganga í gegnum miklar breytingar, kannski þær mestu í mörg ár.“

## Nóg í boði

Heiðar er sjálfur hrifinn af hljóðbókum og segist vera stórnotandi þegar kemur að bókum.

„Ég hlusta á hljóðbækur, les rafbækur og prentaðar bækur og gef prentaðar bækur. Núna er ég á ferðalagi um landið og þá hlustum við hjónin á hljóðbækur saman í bílnum eins og alltaf á ferðalagi, en mér finnst hljóðbækur frábær afþreying í akstri, og svo á kvöldin grípur maður rafbók eða prentaða,“ segir hann. „Ég er oft með margar bækur á náttborðinu og að hlusta á margar hljóðbækur, einn og með öðrum.“

Íslenski bókamarkaðurinn er mjög stór og fjölbreyttur miðað við höfðatölu og ég er stoltur af því hversu öflug útgáfa er hér og hvað það eru margar leiðir til að njóta bóka,“ segir Heiðar. „Ég hvet fólk bara til að njóta íslenska sumarsins með bók á sama hvaða formi sem viðkomandi kys, nóg er framboðið.“ ■



Glæný og sjóðheit sumarsæla!  
Eftir metsöluhöfundinn Sarah Morgan



# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands\*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

\*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára



## Sölumaður

Sauna.is óskar eftir að ráða sölumann vegna ört vaxandi verkefna.

Um er að ræða mjög áhugavert, fjölbreytt starf sem felst í þjónustu við skemmtilegan hóp viðskiptavina. Starfið felst í almennri sölumennsku, tilboðsgerð og teikningu verkefna, aðstoð við lagerstörf, móttöku og afhendingu vara og ýmsu tilfallandi.

### Hæfniskröfur:

- Mikil þjónustulund, þokkaleg enskukunnátta og almenn tölvukunnátta eru skilyrði.
- Þekking á einföld teikniforrit og reynsla af sölumennsku er kostur.
- Snyrtimennska, heiðarleiki og góð framkoma eru mikilvægir þættir.

Ef þú hefur áhuga á fjölbreyttu starfi á góðum vinnustað er þetta tækifæri fyrir þig. Nánari upplýsingar má fá hjá Páli í síma 860-4460.

Vinsamlega sendið umsóknir á netfangið [pall@sauna.is](mailto:pall@sauna.is) fyrir 1. ágúst.

**SAUNA SPA**  
Fjárfesting í vellíðan

## GTS ehf

GTS ehf - Guðmundur Tyrfingsson óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:

### Starfsmaður á ferðaskrifstofu:

Leitum að starfsmanni til að starfa á ferðaskrifstofu okkar til að vinna við tilboðsgerð, ferðaskipulagningu og reikningaskrif

### Hæfniskröfur:

- Góð enskukunnátta, töluð og skrifuð
- Góð tölvukunnátta
- Talnagleggni og nákvæm vinnubrögð
- Getur unnið sjálfstætt og í teymi
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af ferðaþjónustu er kostur
- Menntun er nýttist í starfi

Hægt er að sækja um á [www.gts.is](http://www.gts.is) eða senda umsókn á [gts@gts.is](mailto:gts@gts.is)

### Bifreiðastjórar:

Leitum að bifreiðastjórum í akstur út frá Selfossi.

### Hæfniskröfur:

- Rútupróf
- Lokið endurmenntunarnámskeiðum
- Stundvísi
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Enskukunnátta æskileg en ekki skilyrði

Hægt er að sækja um á [www.gts.is](http://www.gts.is) eða senda umsókn á [gts@gts.is](mailto:gts@gts.is).

GTS ehf er rótgróið ferðaþjónustufyrirtæki sem var stofnað árið 1969. Skrifstofan er staðsett á Selfossi. Við erum að leita að metnaðarfullu og hressu starfsfólki sem hefur áhuga á að vinna með okkur.

GTS ehf [www.gts.is](http://www.gts.is) [gts@gts.is](mailto:gts@gts.is) s. 480 1200

# VERTU MEÐ!

## BYKO LEIGA SÖLU- OG ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

Við erum að leita að öflugum starfsmanni til liðs við okkur í leiguna hjá BYKO. Ef þú ert framsækinn og faglegur starfsmaður með gleðina í fyrirrúmi þá erum við að leita að þér.

BYKO leiga er að byggja upp framtíðaraðstöðu sína á Selhelli í Hafnarfirði og því eru spennandi tímar framundan í starfsemi deildarinnar.

### Sölu- og þjónustufulltrúi

Vinnutími er frá 8:00-17:00 alla virka daga.

#### Við leitum að starfsmanni með:

- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum
- Mikla þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhuga á verklegum framkvæmdum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af starfi í byggingariðnaði eða þjónustu við iðnaðinn, kostur
- Góða færni í íslensku og ensku í ræðu og riti
- Góða almenna tölvukunnátta

#### Helstu verkefni

- Sala og þjónusta til viðskiptavina
- Afgreiðsla til viðskiptavina
- Tilboðs-, reikninga og leigusamningagerð
- Þátttaka í sölu- og áætlanagerð auk vörupróunar

Við hvetjum alla áhugasama til að sækja um þessi störf óháð kyni og uppruna.

#### Allar nánari upplýsingar veitir

**Bragi Jónsson, rekstrarstjóri**  
[bragi@byko.is](mailto:bragi@byko.is).

Umsóknarfrestur er til 20. júlí 2021, sótt er um starfið í gegnum heimasíðu BYKO

# BYKO

GERUM PETTA SAMAN

## Fegrunarviðurkenning Reykjavíkurborgar 2021



### Óskað eftir hugmyndum og ábendingum

Á afmæli Reykjavíkurborgar þann 18. ágúst, eða sem næst þeim degi, ár hvert eru veittar viðurkenningar fyrir vandaðar endurbætur á eldri húsum og fyrir lóðir þjónustu-, stofnana- og fjölbýlishúsa sem þykja til fyrirmyndar. Auk þess eru veittar viðurkenningar fyrir vel útfærð svæði fyrir utan verslanir við „sumargötur“, þ.e. götur sem eru göngugötur á sumrin.

Óskað er eftir ábendingum um hús og lóðir sem verðskulda fegrunarviðurkenningu í ár. Valið verður í höndum vinnuhóps sem skipaður er fulltrúum frá umhverfis- og skipulagssviði og Borgarsögusafni.

Hugmyndir skulu sendar inn með tölvupósti merktum **Fegrunarviðurkenningar 2021** á [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is) í síðasta lagi þann 25. júlí 2021.



# Forstöðumaður ungmennabúða UMFÍ

UMFÍ leitir að drifandi leiðtoga og öflugum liðsmanni í starf forstöðumanns ungmennabúða.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Stjórnun og ábyrgð á ungmennabúðum UMFÍ
- Daglegur rekstur
- Að stýra faglegu starfi og leiða starfsmannahóp
- Stefnumörkun, áætlanagerð og upplýsingagjöf fyrir starfseminna í samstarfi við framkvæmdastjóra og stjórn UMFÍ
- Ráðningar starfsfólks í samráði við framkvæmdastjóra UMFÍ

## Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. kennaramenntun, félags- og tómstundafræði eða uppeldisfræði
- Starfsreynsla sem nýtist í starfinu
- Leiðtogafærni, frumkvæði og drifkraftur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni
- Uppfylla kröfur skv. íþrótta- og æskulýðslögum varðandi sakavottorð

# UMFÍ

UMFÍ eru frjáls félagasamtök rúmlega 400 íþrótta- og ungmennafélaga um allt land. Samtökin voru stofnuð árið 1907 og standa þau fyrir ýmsum verkefnum ásamt því að styðja við starf aðildarfélaga sinna. Rekstur ungmennabúða er eitt af stærstu verkefnum samtakanna. UMFÍ leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, jákvæð samskipti og samstarf með sameinaða krafta að leiðarljósi.

## Umsóknarfrestur er til og með 26. júlí nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is).

Með umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferliskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir, [katrin@hagvangur.is](mailto:katrin@hagvangur.is)

[hagvangur.is](http://hagvangur.is)



## BIOEFFECT

# Hefurðu einstakt lag á að halda góðu flæði?

## Innkaupa- og aðfangastjóri (Supply Chain Manager)

Starfsmaður ber ábyrgð á stjórnun aðfangakeðju BIOEFFECT sem felur m.a. í sér skipulagningu og áætlanagerð, innkaup, birgðastýringu og lagerhald. Starfsmaður sér um að samræma ferli í aðfangakeðju félagsins og mæla árangur þannig að vörufæði og verklag verði sem skilvirkast. Starfsmaður leitast við að lágmarka birgðahaldskostnað eftir því sem best á við, metur innkaupaþörf, á samskipti við birgja, annast samningagerð, fylgir eftir innkaupum og að aðföng berist á umsömdum tíma, gæðum og verði.

## Um okkur

BIOEFFECT er í eigu ORF Líftækni. Framleiðsla BIOEFFECT húðvaranna fer fram í höfuðstöðvum félagsins á Íslandi. BIOEFFECT vörurnar hafa hlotið fjölda alþjóðlegra viðurkenninga fyrir virkni og gæði og eru seldar í um 27 löndum.

## Menntun, þekking og reynsla

- Háskólamenntun á sviði vörustjórnunar og stjórnun aðfangakeðju, viðskipta-, verkfræði eða sambærileg menntun
- Marktæk reynsla af samningagerð, innkaupa- og birgðastjórnun
- Mjög góð íslensku- og enskukunnáttu, bæði í töluðu og rituðu máli
- Þekking og reynsla af AGR Dynamics and NAV bókhaldskerfi er kostur
- Greiningarhæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Umsóknarfrestur er til og með 25. júlí nk. og skal fylla út umsókn á [vinnvinn.is](http://vinnvinn.is). Umsókninni skal fylgja ferliskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni.

## Umsjón með starfinu hafa:

Hilmar Garðar Hjaltason, [hilmar@vinnvinn.is](mailto:hilmar@vinnvinn.is)  
Hildur Jóna Ragnarsdóttir, [hildur@vinnvinn.is](mailto:hildur@vinnvinn.is)



Bananar ehf. er stærsta innflutnings- og dreifingarfyrirtæki landsins í ávöxtum og grænmeti og þjónar stórum og kröfuhörðum hópi viðskiptavina, meðal annars verslunum, veitingahúsum, sjúkrahúsum, skólum, leikskólum, mótuneytum o.fl.

Bananar leggja sérstaka áherslu á að uppfylla þarfir og kröfur viðskiptavina sinna um gæði, fjölbreytt vöruúrval og framúrskarandi þjónustu. Með þetta leiðarljós í forgrunni beina Bananar viðskiptum sínum til framleiðenda í löndum nær og fjær, þar sem uppskera á ávöxtum og grænmeti er fremst á hverjum tíma, allt frá Hollandi og Bandaríkjunum, til Brasilíu og Suður Afríku, eða Spánnar og Íslands. Ávextir og grænmeti verða sífellt mikilvægari þáttur í daglegri neyslu og því spennandi tímar fram undan í því að sjá landsmönnum fyrir hollum, ferskum og gómsætum matvælum.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).

## Framkvæmdastjóri Banana

Bananar leita að drifandi og ferskum framkvæmdastjóra sem tekur þátt í því spennandi verkefni að sjá landsmönnum fyrir grænmeti og ávöxtum. Framkvæmdastjóri Banana situr í framkvæmdastjórn Haga hf.

### Starfssvið:

- Daglegur rekstur og mannauðsstjórnun.
- Stefnumótun og innleiðing stefnu.
- Áætlanagerð og eftirfylgni í rekstri.
- Ábyrgð á innkaupum og birgðastýringu.
- Samskipti við hagsmunaaðila, viðskiptavinum, birgja og framleiðendur.

### Hæfniskröfur:

- Brennandi áhugi á hollustu og ferskleika.
- Leiðtogahæfni, færni í mannlegum samskiptum og geta til að byggja upp sterka liðsheild.
- Farsæl reynsla af stjórnun og stefnumótun.
- Reynsla af því að leiða framfarir í þjónustu.
- Reynsla af stjórnun aðfangakeðju og þekking á smásölu.
- Þekking á vöruhúsarekstri og vöruhúsakerfum.
- Framkvæmdagleði og metnaður til að ná árangri.
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku.
- Háskólapróf eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 18. júlí nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is).

**vinnvinn**  
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

## GALLUP

Hjá fyrirtækinu starfa um 60 starfsmenn undir þremur vörumerkjum; Já, Gallup og Markaðsgreiningar. Við leggjum mikið upp úr samheldni og þróun í starfi. Þá er vinnuástaðan frábær, stórkostlegt útsýni og mótuneyti er í húsinu.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is).

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is).

## Hefur þú brennandi áhuga á mannauðsmálum?

Gallup óskar eftir að ráða viðskiptastjóra á sviði mannauðsrannsókna og ráðgjafar. Starfssviðið snýr að mælingum á helgun starfsfólks (employee engagement), starfsumhverfi og stjórnun vinnustaða, og ráðgjöf því tengdu sem byggir á nýju kerfi frá Gallup (Gallup Access).

Vöruframboð Gallup hefur vaxið mikið á sviði mannauðsráðgjafar, sérstaklega á sviði styrkleikamiðaðrar nálgunar, endurgjafar- og starfsmannasamtala, markmiðasetningar og hugarfars (growth mindset).

### Starfssvið:

- Að mynda og viðhalda viðskiptatengslum við vinnustaði og stjórnendur.
- Ábyrgð og umsjón með rannsóknar- og ráðgjafarverkefnum.
- Þátttaka í þróun verkefna og nýrra lausna á sviði rannsókna og ráðgjafar.
- Hönnun rannsókna, túlkun niðurstaðna og kynningar fyrir viðskiptavinum.
- Ráðgjöf og þjálfun á sviði stjórnunar og mannauðsmála.

### Hæfniskröfur:

- Brennandi áhugi á mannauðsmálum.
- Háskólamenntun á sviði mannauðsmála, sálfræði eða félagsvísinda.
- Góð samskiptahæfni, jákvæðni og geta til að vinna í hópi.
- Söluhæfileikar og hæfni til þess að koma fram.
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku og hæfni til að koma frá sér efni í töluðu og rituðu máli.
- Frumkvæði, áráðni og metnaður í starfi.

Eftirfarandi reynsla og þekking væri að auki kostur og myndi nýtast vel í starfi:

- Þekking og reynsla af mannauðsmálum.
- Ráðgjafahæfni og ráðgjafareynsla.
- Reynsla á sviði rannsókna.
- Reynsla af styrkleikabjálfun, markþjálfun eða sambærilegu.
- Þekking eða reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu.

Umsóknarfrestur er til og með 26. júlí 2021.

**vinnvinn**  
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



## Tvö embætti héraðsdómara laus til umsóknar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laus til umsóknar tvö embætti héraðsdómara, annars vegar embætti dómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og hins vegar embætti dómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjaness. Skipað verður í embættin frá 1. október 2021.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 29. gr. laga nr. 50/2016. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 970/2020 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um: 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmansstörfum, 4) reynslu af stjórnarsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) almenna og sérstaka starfs- hæfni, 9) andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum, 10) tvo fyrrverandi/ núverandi samstarfsmenn/yfirmenn, sem og símanúmer þeirra eða netföng, sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skiptir fyrir störf héraðsdómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) ferilskrá, 2) afrit af prófskírteinum, 3) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 4) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 5) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 6) útgæfn fræðirit og ljósrít af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 7) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en **26. júlí nk.** Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu á minnislykli eða með rafrænum hætti á netfangið [starf@dmr.is](mailto:starf@dmr.is).

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Dómsmálaráðuneytinu,  
9. júlí 2021.

Stjórnarráð Íslands  
Dómsmálaráðuneytið

## Múrari óskast

GB-múrarar leita eftir vönum múrurum til starfa, mikil vinna framundan.

### Menntun og hæfniskröfur

- Sjálfstæði í starfi
- Reynsla æskileg
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum
- Ökuréttindi
- Kunnátta í Íslensku og ensku

Fyrirspurnir og umsóknir sendist á netfang: [gummimur@mi.is](mailto:gummimur@mi.is)

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

**GB-Múrarar**  
S:696-5799  
[gummimur@mi.is](mailto:gummimur@mi.is)

## Ráðgjafi á sviði starfsendurhæfingar



Birta starfsendurhæfing Suðurlands leitar eftir metnaðarfullum einstaklingi í starf ráðgjafa í starfsendurhæfingu. Um er að ræða fullt starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, eða eftir nánara samkomulagi.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ráðgjöf, stuðningur og málstjórn
- Kortleggja og skipuleggja þörf á úrræðum
- Skráning og samantekt á gögnum.
- Þátttaka í að efla og innleiða nýjungar í starfi
- Halda utan um hópastarf

### Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi, s.s. félagsráðgjöf, iðjuþjálfun eða önnur menntun á sviði heilbrigðis- og félagsvísinda
- Starfsleyfi frá Landlækni
- Hagnýt starfsreynsla
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Vera sveigjanlegur, hugmyndaþróun og tilbúinn að takast á við áskoranir
- Góð samskiptahæfni, félagslyndi, jákvætt viðmót og frumkvæði
- Góð þekking og áhugi á starfsendurhæfingu
- Mjög gott tölvulæsi

### Umsóknarfrestur er til 1. ágúst 2021.

Viðtöl verða dagana 4. – 6. ágúst. Upplýsingar um starfið veitir Sandra Guðmundsdóttir forstöðumaður Birtu í s. 860-3390 eða á [sandra@birtastarfs.is](mailto:sandra@birtastarfs.is). Umsóknir berist á netfangið [sandra@birtastarfs.is](mailto:sandra@birtastarfs.is). Frekari upplýsingar um starfsemi Birtu má finna á [www.birtastarfs.is](http://www.birtastarfs.is).

## Fyrirtæki ársins 2021

[hagvangur.is](http://hagvangur.is)



HAGVANGUR

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

## Kraftur – Fræðslu- og hagsmunafulltrúi

Kraftur leitar að drifandi og skemmtilegum einstaklingi í 80% - 100% starf fræðslu- og hagsmunafulltrúa félagsins.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á fræðslustarfi félagsins
- Hagsmunagæsla fyrir unga krabbameinsgreinda einstaklinga og aðstandendur
- Skipulagning og utnumhald um fræðslustarf félagsins
- Umsjón með fræðsluvef og fræðslu á samfélagsmiðlum
- Umsjón með fræðslustarfi hvers kyns útgáfu á vegum Krafts
- Almenn upplýsingagjöf til félagsmanna
- Önnur tilfallandi verkefni

### Umsóknarfrestur er til og með 15. ágúst nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is). Með umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsókna og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veitir Hlynur Atli Magnússon, ráðgjafi hjá Hagvangi, [hlynur@hagvangur.is](mailto:hlynur@hagvangur.is)

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi
- Mjög gott vald á íslensku bæði í ræðu og riti krafa
- Góð enskukunnátta
- Þekking og reynsla af hagsmuna- og fræðslumálum kostur
- Góð almenn tölvufærni, reynsla af samfélagsmiðlum og vefumsjón kostur
- Hjarta fyrir málstaðnum
- Frumkvæði, drifkraftur og jákvæðni
- Skilvirkni og nákvæm vinnubrögð
- Mjög góð samvinnu- og samskiptahæfni



HAGVANGUR

# VILTU SLÁST Í HÓPINN?



## VEFSTJÓRI

Við leitum að framsýnum leiðtoga til að leiða þróun og hönnun vefja **Vodafone** og **Stöðvar 2**. Viðkomandi verður hluti af öflugum markaðsteymi og mun auk þess vinna náið með veflausnum fyrirtækisins. Ef þú hefur þekkingu á vefmálum, auga fyrir góðri hönnun og fókus á framtíðinni erum við að leita að þér!

### Helstu verkefni:

- Stefnuþróun, þróun og verkefnastýring vefjanna
- Ritstjórn, textagerð, umsjón með efnistöfum og framsetningu
- Áætlanagerð, tölfraeði- og vefgreiningar
- Aðkoma að stafrænni markaðsfærslu og beinum markaðssamskiptum
- Samskipti við hönnuði, forritara og hagaðila
- Kerfisumsjón

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Menntun sem nýtist í starfi kostur
- Mikil færni í mannlegum samskiptum nauðsynleg
- Geta til að stýra verkefnum, áætlanagerð og að vinna tölfraeði
- Færni í rituðu máli, bæði á íslensku og ensku
- Reynsla af myndvinnslu og HTML kostur
- Jákvæðni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum mikilvæg

## VÖRUMERKJASTJÓRI

Við leitum að öflugum og metnaðarfullum aðila í starf vörumerkjastjóra **Vodafone** á Íslandi. Í starfinu felst verkefnastjórn tengd markaðsetningu og almenn umsjón með vörumerkinu. Viðkomandi verður hluti af öflugum og framsýnum markaðsteymi Vodafone.

### Helstu verkefni:

- Ábyrgð og umsjón vörumerkis Vodafone á Íslandi
- Þróun markaðsherferða og eftirfylgni vörumerkjastefnu
- Þátttaka í gerð markaðsáætlana og eftirfylgni
- Framkvæmd markaðsgreininga og skýrslugerð
- Samstarf við erlenda samstarfsaðila
- Samskipti við útibú og umboðsmenn um land allt

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða markaðsfræði er æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Reynsla af skipulagningu markaðsherferða
- Framúrskarandi færni í samskiptum og rituðu máli, jafnt á íslensku og ensku
- Frumkvæði og drifkraftur

Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um. Áhugasamir geta lagt inn umsókn á [radningar.syn.is](http://radningar.syn.is). Umsóknarfrestur er til og með 25. júlí.



# Þú ert ráðin/n!

Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

[www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is)



## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

### Álftanesskóli

- Umsjónarkennari

### Leikskólinn Akrar

- Aðstoðarleikskólalastjóri
- Deildarstjóri
- Leikskólakennari

### Leikskólinn Bæjarból

- Leikskólakennari
- Leikskólasérkennari

### Leikskólinn Kirkjuból

- Deildarstjóri

### Leikskólinn Mánahvoll

- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar

### Hönnunarsafn Íslands

- Starfsmaður í móttöku og safnbúð

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>



## VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

### FLUGÖRYGGISVÖRÐUR

Keflavíkurflugvöllur iðar af lífi og við leitum að brosmildum einstaklingum með ríka þjónustulund í starf flugöryggisvarða í flugverndardeild. Starfið felst í öryggisleit farþega og farangurs.

Óskað er eftir starfsfólki í framtíðarstörf bæði í 100% starfshlutfall og hlutastörf. Um vaktavinnu er að ræða.

Allir umsækjendur þurfa að geta sótt undirbúningsnámskeið áður en þeir hefja störf og standast próf í lok námskeiðs.

Nánari upplýsingar veitir Árni Gísli Árnason deildarstjóri flugverndar, [arni.arnason@isavia.is](mailto:arni.arnason@isavia.is) og á [isavia.is/atvinna](http://isavia.is/atvinna).

### Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð samstarfshæfni í hóp
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í rituðu og mæltu máli
- Rétt litaskynjun
- Aldurstakmark 20 ár



Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli fyrirtekisins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

STARFSSTÖÐ:  
KEFLAVÍK

UMSÓKNARFRESTUR:  
28. JÚLÍ

UMSÓKNIR:  
[ISAVIA.IS/ATVINNA](http://ISAVIA.IS/ATVINNA)



ISAVIA



# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

## Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

## Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

## Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

## Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

## Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikabætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

## Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

**ráðum**  
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



Reykjavíkurborg  
Embætti borgarlögmans

## Skrifstofustjóri og aðstoðarmaður lögmanna

Laust er til umsóknar starf skrifstofustjóra og aðstoðarmanns lögmanna hjá embætti borgarlögmans.

Í boði er krefjandi og fjölbreytt starf í starfsumhverfi þar sem reynir á frumkvæði og skipulagshæfni viðkomandi starfsmanns. Embætti borgarlögmans er með aðsetur í Ráðhúsi Reykjavíkur og þar eru stöðugildi átta lögmanna auk eins stöðugildis skrifstofustjóra.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Almenn umsjón með daglegum rekstri embættis borgarlögmans.
- Umsjón málaskráa.
- Skjalastjórn.
- Þjónusta við innri og ytri viðskiptavinum, s.s. svörum erinda, öflun umsagna o.fl.
- Aðstoð við lögmenn embættis borgarlögmans, s.s. skjalöflun, gerð skjalaskráa, ljósritun o.fl.

### Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Þekking og reynsla af skjalavistunarkerfinu GoPro æskileg.
- Þekking og reynsla af því að vinna í stjórnarsýslu æskileg.
- Þekking og reynsla af verkefnum sveitarfélaga æskileg.
- Góð tölvukunnátta.
- Gott vald á íslensku tungu.
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Lipurð og færni í samskiptum.

Um er að ræða fullt starf.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sameykis - stéttarfélags í almannathjónustu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ebba Schram borgarlögmaður í síma 411 4100 eða í gegnum netfangið [ebba.schram@reykjavik.is](mailto:ebba.schram@reykjavik.is)

**Umsóknarfrestur er til 3. ágúst nk.** Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Umsóknum skal skila rafrænt á vefsíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is).

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



## Liska ehf. auglýsir laust starf til umsóknar fyrir raflagnahönnuð.

Liska ehf. er ungt fyrirtæki með starfsmenn sem hafa yfir 30 ára víðtæka reynslu í lýsingar og raflagnahönnun bygginga, gatna og svæða.

### Starfslýsing

Starfið felur meðal annars í sér eftirfarandi:

- Hönnun lágspennukerfa
- Hönnun smáspennukerfa
- Hönnun ljósastýringa
- Gerð útboðsgagna
- Kostnaðaráætlanagerð
- Önnur fjölbreytt tilfallandi verkefni

Fyrirspurnir og umsóknir sendast á [liska@liska.is](mailto:liska@liska.is), merktar „Starfsúmsókn“. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur er til 31. júlí 2021.**

Umsóknaraðili þarf að geta hafið störf sem fyrst.

### Hæfniskröfur:

- Rafmagns verk-, tækni- eða iðnfræðingur
- Sveinspróf í rafvirkjun er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Metnaður og frumkvæði til að bæta við sig nýrri þekkingu
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli er skilyrði
- Önnur tungumálakunnátta er kostur
- Kunnátta á AutoCAD og Revit
- Góð kunnátta á Microsoft Office, s.s. Word, Power Point og Excel er skilyrði
- Þekking á BIM er kostur
- Þekking á helstu stýringarkerfum fyrir lýsingu s.s. DALI, DMX, KNX, Bluetooth
- Kunnátta á Dialux eða Relux lýsingarreikniforritum er kostur
- Þekking á umhverfissvottunarkerfum s.s. Breeam, Well, Svansvottun bygginga, eða öðrum sambærilegum kerfum er kostur

Fram undan eru mörg spennandi og metnaðarfull verkefni sem kalla á samhent þverfaglegt hönnunarteymi. Liska er fjölskylduvænt fyrirtæki þar sem starfsmenn fá tækifæri til að þroskast í starfi og aðstoðu til að vinna bæði heima og á sameiginlegum vinnustað í sveigjanlegum vinnutíma.

LISKA

[www.liska.is](http://www.liska.is)



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

# Kerfisstjóri

Embætti ríkislögreglustjóra leitar að tveim öflugum kerfisstjórum til starfa. Ef þú vilt starfa í síkviku umhverfi, vera partur af öflugum teymi sérfræðinga og taka m.a. þátt í innleiðingu nýrra upplýsingakerfa Schengen-samstarfsins þá viljum við þig í okkar lið. Um er að ræða tvær stöður, ein til 12 mánaða og ein til tveggja ára, báðar með möguleika á framlengingu.

Embætti ríkislögreglustjóra leitar að öflugum liðsaka til að taka þátt í verkefnum upplýsingamiðstöðvar.

Deildin hefur m.a. umsjón með lokuðu tölvuneti, rekstri upplýsingakerfa lögreglu, þróun sérstakra hugbúnaðarlausna, gagnatengingum við samstarfsaðila erlendis og aðstoð við notendur. Framundan eru stór verkefni í tengslum við innleiðingu nýrra upplýsingakerfa Schengen-samstarfsins. Hjá deildinni starfa átta starfsmenn.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Rekstur Microsoft Windows og RedHat Enterprise Linux netþjóna.
- Rekstur og viðhald á núverandi kerfum tengdum Schengen samstarfinu.
- Uppsetning og rekstur á nýju landamærakerfi.
- Uppsetning og rekstur á samþættingarlagi vegna Schengen samstarfsins.
- Uppsetning og viðhald á vöktun á hug- og vélbúnað.
- Tryggja rekstrarsamfellu alþjóðlegra kerfa í krefjandi tæknilegu umhverfi.
- Tryggja öryggi í rekstri og varnir gegn árásum og óværum.
- Þjónusta og aðstoð við notendur.
- Samskipti og samvinna með aðildarríkjum Schengen samstarfsins.
- Samskipti við birgja og þjónustuaðila.

## Menntunar-, reynslu- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist og tæknilegar vottanir.
- Lágmark 3ja ára starfseynsla á sviði kerfisstjórnunar í upplýsingatækni.
- Reynsla af uppsetningu, rekstri og viðhaldi á RedHat Enterprise Linux eða tengdum Linux tegundum (distribution).
- Reynsla af bilanaleit og viðgerðum.
- Reynsla af rekstri Windows Server.
- Reynsla af service-oriented architecture.
- Reynsla af TCP/IP, netkerfum, eldveggjum o.s.frv.
- Reynsla af helstu öryggisráðstöfunum í rekstri upplýsingatækniakerfa.
- Farsæl reynsla af teymisvinnu.
- Faglegur metnaður og lausnamiðuð nálgun við úrlausn verkefna.
- Góðir skipulagshæfileikar, öguð vinnubrögð og geta til að vinna sjálfstætt.
- Jákvætt viðmót, lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í máli og ritun.

## Aðrir þættir sem horft er til

- Þekking og reynsla af rekstri gagnastæða. • Þekking á gagnagrunnsþjónum ( Microsoft SQL Server og/eða Oracle ). • Þekking á rekstri VMware og Veeam.
- Þekking á Microsoft IIS. • Þekking á TLS/SSL og PKI. • Reynsla af uppsetningu, rekstri og viðhaldi á álagsjöfnum. • Þekking á DNS.

## Frekari upplýsingar um starfið

Embætti ríkislögreglustjóra er ríkisstofnun sem heyrir undir dómsmálaráðuneytið. Ríkislögreglustjóri hefur með höndum samhæfingu og samræmingu í störfum lögreglu og annast ákveðna miðlæga þjónustu við lögregluembættin. Ríkislögreglustjóri hefur einnig með höndum sérstök verkefni samkvæmt lögreglulögum nr. 90/1996 og í samræmi við nánari ákvörðun ráðherra. Eitt af fjölbreyttum verkefnum ríkislögreglustjóra er að reka og bera ábyrgð á upplýsingakerfum lögreglu, þar með talið miðlægu málakerfi sem heldur utan um öll verkefni lögreglunnar. Í því felst meðal annars að ríkislögreglustjóri á og rekur miðlægan tölvubúnað og netkerfi sem lögregluembættin tengjast, ber ábyrgð á þróun kerfanna og annast þjónustu við notendur þeirra. Hér er að finna nánari lýsingu á starfsemi, hlutverki og ábyrgð embættis ríkislögreglustjóra.

Embætti ríkislögreglustjóra er lífandi vinnustaður þar sem starfa tæplega 200 starfsmenn sem sinna fjölbreyttum verkefnum. Lögð er áhersla á opin og jákvæð samskipti, markvissa starfsþróun og framfylgir embættið stefnu um samræmingu fjölskyldulífs og vinnu. Gildi ríkislögreglustjóra eru öryggi – þjónusta – traust – samhæfing og samræming. Embætti ríkislögreglustjóra hefur hlotið jafnlaunavottun.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. júlí 2021.** Umsókn skal skilað á netfangið [starf@rls.is](mailto:starf@rls.is) og þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist til að sinna starfinu í samræmi við þær hæfniskröfur sem fram koma í auglýsingu. Í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglu og jafnréttisáætlnar lögreglunnar, eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað að loknum ráðningum. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá lokum umsóknarfrests. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 28. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996 má engan skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað sem framinn var eftir að hann varð fullra 18 ára eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu.

Einnig þurfa umsækjendur að uppfylla kröfur til að fá öryggisvottun á grundvelli reglugerðar nr. 959/2012.

## Nánari upplýsingar veita

Ágústa H. Gústafsdóttir, mannauðsstjóri ríkislögreglustjóra - [agustah@logreglan.is](mailto:agustah@logreglan.is) og Rannveig Þórisdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs - [rannveig@logreglan.is](mailto:rannveig@logreglan.is) - sími 444 2500.

## RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

# intellecta

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 [intellecta.is](http://intellecta.is)





## JARÐFRÆÐINGUR VARMAORKU

Varmaorka óskar eftir að ráða jarðvísindamann til liðs við ört vaxandi þróunarteymi jarðhitaverkefna.

Staðan er hluti af alþjóðlegu teymi okkar í jarðvísindum og verkfræði í þeim tilgangi að efla jarðfræðilegan skilning. Framhaldsnám í jarðfræði, jarðefnafræði eða skyldum greinum skilyrði.

Sérfræðikunnátta og hagnýt reynsla æskileg með áhuga á að leysa krefjandi hugtök og verkefni. Þekking af utanumhaldi verkefna æskileg.

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

**íshúsið**

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**  
ÞARF ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ  
GERUM ÞÉR TILBOÐ

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
Sími 550 5055 | sma@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is



# VILTU VINNA Á SKEMMTILEGUM VINNUSTAÐ?



Vefnaðarvörudeildin hjá Vogue fyrir heimilið er skemmtileg, öflug og framsækinn vinnustaður sem samanstendur af metnaðarfullu og samheldnu starfsfólki. Við bjóðum metnaðarfullt starfsumhverfi, jákvæðan og hvetjandi starfsanda. Markmið okkar er að bjóða starfsumhverfi þar sem fólki líður vel, hefur gaman af vinnunni og getur látið sig hlakka til að mæta til vinnu.

Á spennandi tímum leitar Vogue fyrir heimilið að jákvæðu og metnaðarfullu framtíðarstarfsfólki í vefnaðarvörudeild fyrirtækisins Síðumúla 30, Reykjavík.

---

## HÆFNISKRÖFUR:

- Hafa áhuga og reynslu af saumaskap og/eða handavinnu.
- Mikil hæfni og færni í mannlegum samskiptum.
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi.
- Jákvæðni, skipulagshæfni og vandvirkni.

Umsóknir ásamt ferilskrá og kynningarbréfi skulu berast í gegnum tölvupóst á netfangið [atvinna@vogue.is](mailto:atvinna@vogue.is) fyrir 18. júlí 2021.



Afref Elizebeth Friedman voru geymd í læstum hirslum bandarískra yfirvalda til ársins 2008. Ávisaga hennar er lyginni líkust, en sagnfræðingar hafa grúskað í gögnum um hana á síðustu árum og náð ágætri mynd af mögnuðum æviferli.

A yfirborðinu var Elizebeth tveggja barna móðir, kvevari og ljóðskáld. Hún lifði hins vegar tvöföldu lífi, þar sem hún vann með Landhelgisgæslu Bandaríkjanna við að brjóta niður áfengissmyglhring Al Capone og elti síðar uppi njósnahring nasista í Suður-Ameríku.

Elizebeth var sérfræðivitni í einhverjum stærstu réttarhöldum gegn skipulagðri glæpastarfsemi í Bandaríkjunum í byrjun síðustu aldar og átti veigamikinn þátt í sigri bandamanna í seinna stríðinu. Fyrsta afrekið olli því að mafían setti fé til höfuðs henni, og var nafn hennar afmáð úr sögunni fyrir hið seinna.

„Ekki allar hetjur ganga um í skikkju og Elizebeth Smith Friedman ætti að vera efni í nýja Wonder Woman mynd,“ segir í bókaryni The New York Times vegna bókar Jason Fagone, The Woman Who Smashed Codes, frá árinu 2017.

#### Eiginmaðurinn fékk allan heiðurinn

Elizebeth og eiginnmaður hennar hönnuðu árangursríkar aðferðir til að afbregla dulkóðuð skilaboð, sem léku stór hlutverk í bæði fyrri og seinni heimsstyrjöldinni. Eiginmaður hennar, William Friedman, fékk hins vegar allan heiðurinn og hefur lengi verið nefndur guðfaðir NSA, öryggisstofnunar Bandaríkjanna. Nýbirt gögn sýna hins vegar að Elizebeth kenndi manninum sínum að dulkóða skilaboð, en fékk aldrei starfstíla eða laun við hæfi, vegna kyns síns.

Elizebeth Smith fæddist árið 1892 inn í rólynda kvekarafjölskyldu í Indiana-riki. Hún er sögð hafa hatað eftirnafnið Smith á sínum yngri árum, enda fannst henni nafnið hljóma helst til hversdagslegt en var ákveðin í að lifa allt annað en hefðbundnu og leiðinlegu lífi.

#### Faðirinn á móti háskólanámi stúlkna

Elizebeth var yngst tíu systkina en samkvæmt Fagone fann hún til með móður sinni, Sopha Smith, þar sem líf hennar snerist um fátt annað en barneignir og uppeldi, að mati Elizebeth, sem sjálf var mikill bókaormur með ástríðu fyrir ljóðlist. Samband Elizebeth við föður sinn, John Marion Smith, var erfitt, enda var hann ekki fylgjandi aukinni menntun kvenna og neitaði dóttur sinni í fyrstu um að fara í háskólanám. Henni tókst hins vegar að sannfæra föður sinn um að hleypa sér í frekara nám, hann aftur á móti styrkti hana ekki til þess, heldur veitti henni lán með sex prósentu vöxtum.

#### Shakespeare áhrifavaldur

Elizebeth lagði stund á grísku og enskar bókmenntir í háskóla en þar kviknaði áhugi hennar á Shakespeare, sem átti eftir að verða áhrifavaldur í lífi hennar. Að loknu námi réði hún sig sem kennara en kennsla var ein fárra starfsgreina í boði fyrir konur í upphafi tuttugustu aldarinnar í Bandaríkjunum. Henni fannst kennarastarfið þó afar óspennandi og sagði starfi sínu lausu eftir eitt ár.

Árið 1916, þegar Elizebeth var tuttugu og þriggja ára gömul og atvinnulaus, ferðaðist hún til Chicago-borgar í leit að betra lífi. Hún hafði hins vegar ekki erindi sem erfiði og undirbjó sig undir að snúa aftur heim til föður síns með skottið á milli lappanna, atvinnu- og tekjulaus.

Á því sem átti að vera síðasta dagur hennar í Chicago, heimsótti hún hins vegar Newberry bókasafnið til að skoða fágæta bók eftir Shake-



Elizebeth Friedman á leið til vinnu hjá sjóhernum.

MYND/WIKIMEDIA COMMONS

## Barðist í báðum heimsstyrjöldum án þess að vera heiðruð



Magnús Heimir Jónasson  
mhj  
@frettabladid.is

speare, prentaða árið 1623, í sínu upprunalega arkarbroti. Samkvæmt Fagone tekur bókasafnsvörður eftir áhuga hennar á bókinni og segir henni að sérvitur kaupsýslumaður sé að leita að áhugamannskju um Shakespeare í launað verkefni. Þannig kynnist Elizebeth George Fabyan, efnuðum kaupsýslumanni með ólæknandi áhuga á bæði bókmenntum og vísindum.

#### Leikvöllur vísindamanna

Fabyan hafði stofnað einkarekna rannsóknastofu, Riverbank, sem er sögð hafa verið fyrsta einkarekna rannsóknastofan í Bandaríkjunum. Samkvæmt bók Fagone vildi Fabyan byggja „leikvöll fyrir vísindamenn“ og gefa þeim fjármagn og tækifæri til að verða framúrskarandi.

Á þessum tíma eltist Fabyan við viðtekna samsæriskenningu sem byggðist á því að öll leikrit Shakespeare væru í raun skrifuð af heimspekingnum Francis Bacon. Auk þess sem í leikritunum sjálfum væri að finna dulmál sem sannaði að Bacon væri höfundur þeirra.

Fabyan fól Elizebeth að finna dulmálið í textanum en áður en hún gat hafist handa þurfti hún að læra umtáknunaraðferð Bacons (e. Bacon's Cipher) frá 17. öld. Umtáknunaraðferð Bacons virkar þannig að hver stafur í stafrófinu fær úthlutað samsetningu af stöfunum A og B í tvíundarkerfi (e. binary). Þannig er stafurinn A=aaaa/00000 og B=aaaab/00001 og svo koll af kalli.

Elizebeth áttaði sig snemma á því að hún hefði polinnmæðina í að stara á stafi með stækkunargleri og enduráða þeim eftir leturgerð dögnum saman.

#### Fann ástina á vinnustaðnum

Það var svo í gegnum starfið í Riverbank sem Elizebeth kynntist eiginmanni sínum, William Friedman, þar sem hann vann við að taka ljósmyndir af skrifum Shakespeare og stækka til greiningar. Þau urðu fljótt ástfangin þrátt fyrir að koma úr afar ólíkum áttum. Hann var rússneskur innflytjandi af gyðingaættum og hún kvevari frá Indiana. En fljótlega fór meira af filmum hans í ljósmyndir af Elizebeth en vinnuna hans. David Hatch, sagnfræðingur hjá NSA, segir í viðtali við PBS sjónvarpsstöðina að William hafi á sínum efri árum verið spurður af kollega hvernig hann hafi endað sem dulmálslesari, og hann á að hafa glottað og sagt: „Ég var tældur inn í það.“

William var erfðafræðingur að mennt og ákváðu þau hjón að vinna saman að því að greina leikrit Shakespeare. Hann nýtti stærðfræðikunnáttu sína og hún orðsnilld sína og elju. Þau komust fljótlega að því að Bacon væri ekki raunverulegur höfundur verka Shakespeare. Þau sáu ekki mikla framtíð í störfum sínum í Riverbank, en sáu hins vegar framtíð hvort með öðru. Framtíðarplön þeirra fengu hins vegar skell, því mánuði áður en þau giftu sig á-

kváðu Bandaríkin að taka þátt í fyrri heimsstyrjöldinni.

#### Fyrsta dulmálslesarastofnunin

Útvarpið spilaði veigamikla rullu í fyrri heimsstyrjöldinni, en það þýddi einnig að í fyrsta skipti í stríðssögunni voru útvarpsbylgjur á sveimi með veigamiklum hernaðarupplýsingum, aðgengilegar fyrir alla með loftnet. Það var því ljóst frá upphafi að dulmál myndi skipta gríðarlega miklu máli til að verja mikilvægar upplýsingar. Bandaríkin voru algjörlega óundirbúin fyrir þetta þar sem engin öryggisstofnun (NSA) eða leyniþjónusta (CIA) var starfandi á þessum tíma og einungis örfáir í hernum störfuðu við upplýsingasöfnun.

Fabyan sá sér fjárhagslegan leik á borði og bauðst til að stofna fyrstu dulmálslesarastofnun Bandaríkjanna, ef svo má að orði komast. Hernum til mikillar undrunar gerði hann Elizebeth og William að sameiginlegum yfirmönnum stofnunarinnar. Bandaríski herinn, sjóherinn og dómsmálaráðuneytið, sendu nú allar dulkóðaðar upplýsingar sem þeir náðu úr stríðinu til Riverbank, þar sem þau hjónin fengu það hlutverk að reyna að afbregla kóðann.

#### Þróðu sínar eigin aðferðir

Elizebeth var fljót að átta sig á því að hún væri afar fær í að finna mynstur í textunum. Þau hjónin voru hins vegar fljót að tæma allar helstu aðferðir til að greina dulmál og byrjuðu því að búa til sínar eigin aðferðir, sem voru fljótverkari og árangursríkari. Samkvæmt bók Fagone tóku þau hjónin, ásamt starfslíði í Riverbank, við öllum dulkóðuðu skilaboðunum frá öllum herdeildum Bandaríkjanna fyrstu átta mánuðina eftir að Bandaríkin ákváðu að taka þátt í stríðinu.

William fékk síðar stöðu hjá hernum og var sendur til Evrópu til að greina dulmál á vettvangi. Elizebeth var ekki boðið að fara til Evrópu enda voru konur ekki sendar í stríð á þessum tíma og skrifar Fagone að líklegast hafi það valdið henni gremju, enda var það í raun hún sem kenndi William að lesa í dulmál.

Í bréfastiptum þeirra hjóna meðan William tók þátt í stríðinu kemur í ljós að Fabyan hafði beitt Elizebeth kynferðislegri áreitni á meðan hún var ein í Riverbank. William reiðist Fabyan við lestur bréfanna og kallar hann „nafnlausan þrjót“ og segist vilja ganga í skrokk á honum.

#### Konan hans Williams

Eftir fyrri heimsstyrjöldina var ljóst að dulmál yrði mikilvægt í komandi stríðum og fékk Elizebeth starf hjá hernum við að þjálfa næstu kynslóð dulmálslesara. Að stríðinu loknu fékk William starf í Washington D.C. við að búa til dulmálsvelar fyrir herinn. Hann mætti í höfuðborgina með orðspor sem hann hafði unnið sér inn á vígvellinum, en Elizebeth kom þangað sem konan hans Williams.

Elizebeth fékk einnig starf hjá hernum við að gera í raun það sama og William nema fyrir helmingi lægri laun. Hún hætta í starfi eftir ár og var sannfærð um að lífi hennar sem dulmálslesara væri lokið og eignaðist tvö börn. Þau hjónin settust að í úthverfi höfuðborgarinnar þar sem Elizebeth varð heimavinandi húsmóðir þangað til fulltrúar bandarísku landhelgisgæslunnar mættu heim til hennar árið 1925 og óskuðu eftir starfskröftum hennar.

#### Eltिंगaleikur við mafíuna

Landhelgisgæslan hafði safnað að sér fjölmörgum dulkóðuðum skilaboðum frá útvarpsbylgjum við stendur Bandaríkjanna og tekist að afbregla þau.

Áfengisban var í Bandaríkjunum á þessum tíma og Landhelgisgæslan eltist við mafíuna sem var með stór skip rétt fyrir utan >>

**NÝJUNG**  
72 KLST. RAKI

**NIVEA**

# VIRKJAÐU INNRI GETU HÚÐARINNAR

**3X  
MEIRA**



**NIVEA HYDRA SKIN EFFECT**  
inniheldur hreint hýalúron  
sem virkjar 3x meira af  
eigin hýalúroni húðarinnar.  
Gefur mikinn raka í 72 klst.  
og húðinni meiri fyllingu.

» landhelgi Bandaríkjanna uppfull af áfengi, sem minni bátar sóttu og sigldu í land. Þetta tókst þeim þar sem bátarnir voru í stöðugum samskiptum gegnum útvarpsstöðvar og notuðust við dulmál.

Á fyrstu þremur mánuðum sínum í starfi afbrenslaði Elizebeth uppsöfnuð skilaboð síðustu tveggja ára. Samkvæmt sagnfræðingnum Amy Butler Greenfield fór Elizebeth í gegnum 2.500 skilaboð á ári. Hún starfaði ein á skrifstofu með ritara sem hafði það eina hlutverk að setja afbrengluðu skilaboðin í póst. Árið 1931 var framlag hennar metið það mikilvægt að landhelgisgæslan samþykkti umsókn hennar um að stofna sérstaka dulmálslesara-deild innan gæslunnar. Mun þetta vera fyrsta deildin innan öryggis- eða hernaðarstofnunar Bandaríkjanna þar sem kona fékk yfirmannsstöðu. Hún fékk nýjan starfstítil, „crypt-analyst-in-charge“, sem gæti útlagst sem yfirdulmálslesari.

#### Lykilvitni gegn Capone

Eftir áratuga áfengisbann í Bandaríkjunum var skipulögð glæpastarfsemi í tengslum við ólöglega áfengisölu með starfsemi á við alþjóðleg fyrirtæki. Þegar kom að því að saksækja höfuðpaurana var Elizebeth lykilvitni í stórum dómsmálum, eins og þegar saksóknaraembættið ákvað að fara á eftir CONEXCO (Consolidated Export Company), sem tengdist stórglæpamanninum Capone, og er sagt hafa verið af svipaðri stærð og verslanakeðjan Walmart er í dag.

Þegar hún settist í vitnastúkuna ákvaðu lögfræðingar Al Capone að gera allt til að koma óorði á Elizebeth. Sögðu þeir hana ekki hafa neina kunnáttu til að greina þetta dulmál og að hún væri einungis að geta í eyðurnar. Hún fékk á endanum nóg af verjendum Capone og óskaði eftir því að fá kúrtöflu inn í réttarsalinn þar sem hún bauð verjendum Capone í stutta kennslustund í dulmálslestri.

„Vitnisburður hennar vann þessi mál fyrir bandaríska ríkið,“ segir Barbara Osteika, sagnfræðingur bandarísku löggæslustofnunarinnar ATF. „Eftir að hún útskýrði dulmálið voru þetta eins og játningar.“

Vitnisburður hennar vakti mikla athygli í fjölmiðlum, en útlit hennar var mun meiri efniviður blaðamanna en kunnáttan. Þessi myndarlega, smágerða kona stóð upp á móti hættulegustu glæpamönnum Bandaríkjanna. Samkvæmt sagnfræðingum var þó enginn jafn stoltur af Elizebeth og William.

#### Þunglyndi eiginmannsins


William var á þessum tíma farinn að glíma við alvarlegt þunglyndi sem náði hámarki þegar seinni heimsstyrjöldin nálgadist. Samkvæmt bók Fagone vissi Elizebeth ekki við hvað William vann á þeim tíma, en þegar heimsstyrjöldin hófst var álagið að verða honum ofviða. Ofan á það lagðist að hann var gyðingur og fékk daglega í hendur upplýsingar um aðgerðir nasista gegn hans fólki. Skjöl hafa síðar leitt í ljós að William og starfslið hans unnu myrkranna á milli við að reyna brjóta upp dulmálsvel sem Japanir notuðust við sem bar heitið Purple.

William og teymi hans náðu árangri í september 1940. Þremur mánuðum seinna fékk William taugaáfall og var lagður inn á geðdeild á Walter-Reed sjúkrahúsinu. Elizebeth fylgdist með manni sínum missa tókin hægt og rólega, en heilsuþrestur Williams setti fjárhagslegt öryggi fjölskyldunnar einnig í upp-nám enda hann mun tekjuhærrí en eigin konan.

Hún heimsótti hann daglega á meðan hann lá í þrjú mánuði á geðdeild. Samkvæmt sagnfræðingnum Amy Butler Greenfield var Elizebeth lykillinn að því að William komst aftur á lappir. William á að hafa sagt á efri árum að hún hafi verið manneskjan sem sendi „reipið niður í fenið“ sem hann var fastur í. „Hún gerði það á viljastyrknum og trúnni



William og Elizebeth á efri árum. William fékk orður frá bæði Eisenhower og Truman fyrir afrek sín. MYND/WIKIMEDIA



Á myndinni má sjá Elizebeth sitja fremst ásamt fyrsta útskriftarbekknunum hennar. Hermennirnir snúa annaðhvort höfðinu til hægri (0) eða horfa fram (1) og stafa þannig „Knowledge is power“ í tviundakerfinu. MYND/SKJÁSKOT PBS



Purple dulkóðunarvél Japana.

MYND/WIKIMEDIA COMMONS




Myndir Williams af Elizebeth á Riverbank.

MYND/SKJÁSKOT AF PBS



Dæmi um hvernig hægt er að búa til orð úr Shakespeare með dulkóðun Bacon. Verðlaunabók þeirra hjóna afsannaði kenningu Fabyan. MYND/PBS



á honum,“ segir Greenfield í samtali við PBS.

William var útskrifaður og hóf störf hjá hernum að nýju, en glimdi við alvarlegt þunglyndi það sem eftir var ævinnar. Fagone skrifar að fram að þessu hafi þau hjón verið jafningjar en veikindin gerðu það að verkum að Elizebeth varð að vera sterkari.

#### Svipt yfirmannsstöðu

Eftir árs Japana á Perluhöfn í

desember 1941 var blásið nýtt líf í dulmáls- og afbrenslustarfsemi Bandaríkjanna. Deild Elizebeth í landhelgisgæslunni var færð undir sjóherinn. Þar sem deildin tilheyrði hernum var Elizebeth svipt yfirmannsstöðunni og karlkyns liðsforing með mun minni þekkingu og reynslu settur yfir deildina. Hlutverk deildarinnar var að leysa upp njósnahring nasista í Suður-Ameríku. Þýskir kafbátar gerðu banda-



Hún fékk á endanum nóg af verjendum Capone og óskaði eftir því að fá kúrtöflu inn í réttarsalinn þar sem hún bauð verjendum Capone í stutta kennslustund í dulmálslestri.

#### Bjargaði Queen Mary

Í mars 1942 dulkóðaði Elizebeth skilaboð sem gáfu upp siglingaleið HMS Queen Mary, stærsta flutningaskips bandamanna á þessum tíma. Mikilvægi Queen Mary sannast helst á því að Hitler hafði persónulega heitið kafbátaforingjanum sem náði að sökkva skipinu 250 þúsund Bandaríkjadöllum. Átta þúsund hermenn voru um borð í skipinu en skilaboð Elizebeth náðu til skipstjóra Queen Mary, sem náði að komast undan aðsteðjandi hættu og sigla skipinu til hafnar.

Brasilíumenn fóru að handtaka menn í tengslum við njósnahring nasista í Suður-Ameríku og fékk Elizabeth engin fleiri skilaboð frá Sargo. Hún komst síðar að því að J. Edgar Hoover, þá yfirmaður Alríkislögreglunnar FBI, hafi sigað Brasilíumönnum á nasistana í Suður-Ameríku, byggt á upplýsingum frá Elizebeth. Samkvæmt Fagone eltist Hoover við frægd og frama, en hann var hyltur fyrir að brjóta upp njósnahring nasista í Suður-Ameríku. Höfuðpaurinn hins vegar slapp og voru Elizabeth og teymið hennar á byrjunarreit aftur.

Nasistarnir í Suður-Ameríku byrjuðu að notast við Enigma-vélina sem þýska leyniþjónustan notaði. Bretarnir notuðust við flókna vél sem Alan Turing byggði, til að brjóta niður Enigma kóðann. Elizebeth vann enn með blað og penna en mistök þýsks njósnara, sem skrifaði heil skilaboð í sama lykli, hjálpuðu henni að afbrensla skilaboð og komast á hæla Sargo að nýju.

#### Rufu njósnahring nasista

Upplýsingarnar sem Elizebeth safnaði leiddu til þess að bandamenn náðu endanlega að rjúfa njósnahring nasista í Suður-Ameríku.

Afrek Elizebeth í Suður-Ameríku eru sögð hafa átt veigamikinn þátt í sigri bandamanna í seinni heimsstyrjöldinni. Afrek hennar voru hins vegar aldrei gerð opinber fyrr en nú og því fagnaði hún sigrum sínum ein. Hún hafði skrifað undir eidd hjá sjóhernum um að hún myndi aldrei ræða vinnu sína á meðan hún lifði, ekki einu sinni eidsvarin. Hún gat því ekki annað en horft upp á J. Edgar Hoover heiðraðan af Harry S. Truman Bandaríkjaforseta fyrir að brjóta upp njósnahring nasista í Suður-Ameríku. Hoover tók öll 4.000 skjölín sem Elizabeth hafði dulkóðað og merkti þau Alríkislögreglunni. Nafn hennar var þannig afmáð úr sögunni.

Samkvæmt bók Fagone átt þetta Elizebeth að innan en það var lítið sem hún gat gert. Í júlakorti þeirra hjóna árið 1944 skrifar Elizabeth að hún sé enn í tíðindalittlu starfi hjá sjóhernum. Í eftirskrift með rithönd Williams stendur hins vegar: „Elizebeth var, er og heldur áfram að vera, mest heillandi kona sem ég hef kynnst.“

Elizebeth Friedman lést árið 1980 án þess að vera heiðruð fyrir afrek sín. ■



William og Elizebeth við Riverbank.

MYND/SKJÁSKOT PBS

mönnum erfitt fyrir að koma mikilvægum nauðsynjavörum og heraflla yfir Atlantshafið.

Vorið 1942 höfðu nasistar sökk meira en milljón tonn af nauðsynjavörum og sent þúsundir hermanna í ótímabæran dauða á hafsbotninum. Elizebeth var fljót að sjá siendurtekið nafn í skilaboðum nasistanna, nafnið Sargo. Hana grunaði strax að um mikilvægan einstakling væri að ræða, en Sargo var dulnefni Johann Siegfried Becker, hæstsetta yfirmanns nasista í Suður-Ameríku. Hún áttaði sig snemma á því að Sargo væri að senda hnit og siglingaleiðir bandamanna í Atlantshafinu til kafbátaforingja.

Jeep | 4xe

KYNNUM NÝJAN JEEP®

# COMPASS

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF



**5** ÁRA ÁBYRGÐ

**8** 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAHLOÐU

**PLUG-IN HYBRID**

\*NÝ HÖNNUN, NÝ INNRÉTTING, NÝ TÆKNI, NÝR ÖRYGGISBÚNAÐUR

4xe



VERÐ HLAÐINN AUKABÚNAÐI

**6.399.000 KR.\***

\*SVARTUR LIMITED. AÐRIR LITIR 6.562.000

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á [JEEP.IS](http://JEEP.IS)

- STÆRRI VÉL 240 HÖ
- 360° MYNDAVÉL
- LÁGT DRIF
- LEÐURSÆTI OG MÆLABORÐ
- SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
- FJARLÆGÐARSTILLTUR HRAÐASTILLIR

**ISBAND**

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR  
S. 590 2300 • [WWW.ISBAND.IS](http://WWW.ISBAND.IS) • [ISBAND@ISBAND.IS](mailto:ISBAND@ISBAND.IS) • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18



## Það má eitthvað vera að



Sigmundur Ernir Rúnarsson  
ser@hringbraut.is

**O**g það er ekkert óeðlilegt við það að eitthvað sé að. Það er miklu fremur eðlilegt. Enda er það regla lífsins, miklu fremur en undantekning.

En umræða dagsins er engu að síður á annan veg. Fólk er farið að býsnast svo til eilíflega yfir því að hafa lent í einhverju misjöfnu, orðið fyrir einhverri óþægilegri upplifun, reynt eitthvert mótlæti á eigin skinni. Og það er ekki annað að heyra á þessum síðari tíma manneskjum en að það megi helst ekkert vera að, allt eigi að ganga snurdulaust fyrir sig, en ella megi það teljast óheppið, hafi ratað á einhverja refilstígu út í botnlausu kelduna, geti ekki lengur litið gláðan dag sakir kvíðvænlegs ótta við að eitthvað álíka komi fyrir það aftur.

En lífið er mótvíðrasamt. Það er það eina örugga. Það er það eina eðlilega. Inn á milli allra litlu og stóru sigranna, svo og ógleymanlegu hamingjustundanna er hversdagslífið bara blanda af andröðri, barningi og mótyr.

Lífið er ekki öðruvísi.

Ef ég ætti að ráðleggja ungu fólki heilt, sem er að hefja vegferðina frá æskuheimili sínu, er það einmitt þetta, mótvindurinn er jafn sjálfsgæður og meðvindurinn.

Auðvitað hefur margt breyst. Svo sem það að torleiði og andviðri var kannski á árum áður litið öðrum og mildari augum en nú til dags. Og stóri munurinn á þessum fyrri tíma og þeim seinni er vitaskuld sá að áður höfðu menn ekki allt til alls, raunar fjarri því, en núna hafa þeir það jafnvel helst til of gott, vafðir inn í dúnmjúka bómull svo engin hætta steðji að þeim.

Við höfum sem manneskjur

horfið frá örbirgð til allsnægta á síðustu tveimur mannsöldrum eða svo. Og það má vera að breytingin sú arna hafi heldur línað okkur sem lifandi verur, fyllt okkur óraunhæfum vonum um að lífið sé leikur einn, það þurfi ekkert að hafa fyrir því. Og fari svo – að allt gangi ekki eftir, sé það bæði ósanngjarnt og ranglátt – og gott ef ekki óviðráðanlegt.

Fyrir miðja síðustu öld gekk fjórtán ára faðir minn til náms úr heimasveitinni í Trékyllisvík á Ströndum norður, yfir í Djúpvík í Reykjarfirði, gisti þar eina nótt, uns arkað var yfir Trékyllisheiðina og þaðan ofan í Goðdal og loks að síðu Steingrímsfjarðar þar sem arabátur beið hans yfir að Hólmavík, en daginn eftir var svo rútan tekin í Reykja-skóla í Hrótafjörð.

Og þetta var löng leið, á fótum, báti og bíl, nokkrum sinnum á vetri fram á vor – og hryssingsveðrið ekkert endilega mönnum bjóðandi, hvað þá börnum.

En það var ekki um annað að ræða. Menn gengu til náms.

Og fimmtán ára fór tengdafaðir minn að heiman. Litlu eftir miðja síðustu öld. Mamma hans, harðdugleg verkakonan í Bolungarvík – og pabbinn, úrræðagóður sjómaður, voru þá búin að koma tíu börnum á legg í lélegum húsakosti niðri á fjörubakkanum í sjóplássinu.

Það var ekki í boði að hanga lengur heima í pilsfaldinum hjá mómmu sinni. Á þessum tíma merkti fermingin að fólk væri komið í fulloröðinna manna tölu. Og ætti að sjá fyrir sér sjálft.

Svo hann fór suður. Byrjaði sem búðarstrákur. Leigði herbergi. Og lærði svo iðn sína. Ekkert var sjálfsgæðara.

Í tilviki táningsstúlkanna um miðja síðustu öld stóð framhaldsnámið sjaldnast til boða. Kannski gagnfræðapróf, en á stúdentsmyndunum mátti jafnan sjá eina konu í allstórum hópi karla, en sú hafði verið valin til náms vegna ótvíráðra mannkosta og vitsmuna, fram yfir systurnar sem sátu eftir heima, en fengu kannski inni í húsmæðraskóla, einn vetur, ef þær voru heppnar og einhver farareyrir var til í búinu.

Mamma var húsmóðir sem fékk vinnu á skrifstofu þegar um hægðist í barnauppeidinu. Tengdamamma var verslunarskólalagengin bankamær sem gat unnið að mestu úti af því amma barnanna hennar gat gætt þeirra yfir daginn.

Svona var þetta. Og engir leikskólar.

Og fyrstu einbýlishúsin með hurðalausum herbergjum svo árum skipti og enginn léttaleikur að klifra bráðabirgðastigann upp á efri hæðina, óteppalagða.

Það þurfti að eiga fyrir hlutunum.

Og sími var ekki sjálfsgæður hlutur. Fastlínusíminn.

Það minnr á tímarn þegar við krakkarnir fórum í skíðaferðalöggin út í Ólafsfjörð og Siglufjörð á veturna. Vegirnir voru ekki ruddir á meðan eitthvað snjóaði. Það tók því ekki. Snjóatímabilið á áttunda áratug síðustu aldar var þeirrar náttúru. Maður var sendur út í götu með skíðastafi til að merkja fyrir bílum undir mannhæðarhárrí fannbreiðunni.

Því var farið með strandferðabátinum Drangi út Eyjafjörðinn í öldugnaði hafrótsins. Og ef hann komst ekki til hafnar eftir skíðamótið sakir rosa og ylgju úti fyrir fjarðarmynninu

”

**Fólk er farið að býsnast svo til eilíflega yfir því að hafa lent í einhverju misjöfnu, orðið fyrir einhverri óþægilegri upplifun, reynt eitthvert mótlæti á eigin skinni.**

sátum við bara eftir í skíðaskálanum, eina nóttina enn, innlyksa og veðurteppt, sem þótti fremur hversdagslegt í þá daga.

Og heima sátu foreldrarnir og gátu sér þess til að ófært væri, fyrst við skiluðum okkur ekki á tilsettum tíma.

Erfiðleikarnir móta okkur. Þeir gera okkur að því fólki sem við erum og verðum. Og lífsreynsla er eftirsóknarverð, þótt hún geti verið sár á köflum.

Galdurinn er að gera ráð fyrir henni.

Og þar kemur auðmýktin til sögunnar, að taka hverjum degi eins og hann er fremur en að svekkja sig yfir því að hann hefði getað verið betri og bjartari en raunin varð. Það getur ekki talist vera beinlínis óréttvísi – og kalli hreinlega á bætur – að allt fari ekki á vænsta veg.

Við missum margt um ævina, tækifærin, vinnuna, jafnvel börnin okkar – og fjöldann allan af ástvinum. Það er bara svo. En við fáum líka margt, svo ótal margt – og kannski er mest um vert að öðlast lífsskilninginn. Að kannast sem best við sig sem manneskju sem er jafn máttug og hún er mistakagjörn. ■

**FRÉTTABLAÐIÐ**

**37% LANDSMANNA**  
ERU Í BÍLAHUGLEIÐINGUM

**49% LESA**  
FRÉTTABLAÐIÐ

**ERT ÞÚ AÐ NÁ TIL RÉTTA FÓLKSINS?**

Með því að auglýsa í Fréttablaðinu og á [frettabladid.is](http://frettabladid.is) nærðu til rétta fólksins.

**FRÉTTABLAÐIÐ**



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Gerður Jóna Benediktsdóttir**  
Lönguhlíð 3, Reykjavík,  
lést á heimili sínu 2. júlí.  
Útför fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 13. júlí kl. 13.00.

**Hlíf Elfa Magnúsdóttir**  
**Hrefna Gerður Magnúsdóttir** **Þorsteinn V. Sigurðsson**  
**Benedikt Páll Magnússon** **Auður Eiðsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Pálína Karlsdóttir**  
lést fimmtudaginn 1. júlí á Landspítalanum við Hringbraut.  
Útför hennar fer fram frá Víðalinskirkju, miðvikudaginn 14. júlí kl. 13.00.

**Kristján Friðrik Sigurðsson** **Guðrún Rósa Sigurðardóttir**  
**Kristín Sigurðardóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir mín,  
**Kolbrún Vilbergsdóttir**  
Miðvangi 6, Hafnarfirði,  
lést þann 5. júlí á Landspítalanum í Fossvogi. Jarðarför auglýst síðar.  
**Fyrir hönd aðstandenda,**  
**Vilberg Guðmundsson**



Fjölmargir tónleikar hafa verið haldnir í húsnæðinu, sem liggur vel við dansiballi.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

## Tjúttað fyrir miðnætti

Á laugardagskvöldum í júlí verða haldin dansiböll í Húsi Máls og menningar, þar sem dansþyrstum býðst að svara þorstanum á kristilegum tíma.

arnartomas@frettabladid.is

„Í ansi langan tíma hefur fólk endurtekið hálfpartinn tudað yfir því að geta ekki farið neitt að dansa í miðbænum,“ segir Daddi. „Yfirleitt þarf fólk að bíða langt fram eftir kvöldi og fram yfir miðnætti áður en byrjað er að spila einhverja danstónlist, sem hentar ekki öllum. Í ástandinu sem myndaðist í kringum Covid breyttist hegðunin vegna takmarkana og fólk fór að detta fyrr í bæinn og snemma heim og líkar bara vel við. Það var því ekkert annað í stöðunni en að smella í ball í bænum og höfða til þeirra fjölmörgu sem hafa óskað eftir þessu og eins bregðast við breyttri hegðun. Nú er hægt að taka snúning, vera komin heim fyrir seinni fréttirnar og leggjast með bólgna dansfæturna í rúmið á kristilegum tíma.“

Daddi segir að erfitt sé að staðsetja markhóp ballanna út frá aldri, þar sem svo margir hafi gaman af því að dansa. „Það er fólk á öllum aldri sem hefur gaman af því að dansa og byrja kvöldið snemma,“ segir hann. „Ef þú hefur aðgang að alvöru danstónlist frá því fyrir klukkan tíu þá held ég að margir séu tilbúnir að stökkva á það tækifæri.“

Aðspurður um hvernig tónlist verði á boðstólum í kvöld, segir Daddi að það fari eftir vindátt. „Ég er það sem kallast „crowd pleaser“ á góðri íslensku, eða „mannlegur glymskratti“ segir hann. „Eftir margra ára reynslu er maður orðinn lunkinn í að lesa salinn. En í grunninn verður þetta bara danstónlist sem maður veit



Daddi diskó er einn þrautseigasti plötusnúður landsins.



Það var þess vegna ákveðið að prófa og sjá hvort þetta veki lukku hjá þeim sem vilja getað dansað og samt verið komin heim fyrir seinni fréttirnar með bólgna dansfæturna í rúmið.

að virkar og enginn þarf að hafa fyrir því að láta sér líka vel við.“

Hús Máls og menningar hefur tekið miklum breytingum að undanfögnu og hefur nú verið breytt í hið finasta tónleika- og ballpláss. „Það er búið að setja þarna inn frábært hljóðkerfi og allir veggir eru þaktir bókum sem gefur gríðargóðan hljómburð,“ segir Daddi. „Þarna er búið að gera frábæra aðstöðu fyrir okkur hæfileikalaus listamennina til að flytja listir annarra til að skemmta fólk.“

Daddi mælir með því að gestir verði mættir tímanlega þar sem stundvísun skvísun mun bjóðast að smakka á sumarkokteil í boði hússins. ■

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:  
**581 3300 & 896 8242**

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

Sverrir Einarsson Jóhanna Eiríksdóttir  
www.utfarin.is

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**  
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

*Mergættvi, hlýja og virðing Við andlát ástvinar*

**ÚTFARARSTOFA**  
**ÚTR**  
REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík  
Sími 553 5353 og 821 5353  
www.usr.is  
isleifur@usr.is

**Ísleifur Jónsson** **Steinunn Magnúsdóttir**  
Útfararstjóri Útfararþjónusta  
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441 **Þjónusta allan sólarhringinn**



**ÚTFARARSTOFA**  
KIRKJUGARÐANNNA

**Útfararþjónusta**  
*i yfir 70 ár*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Elín Erlendsdóttir**  
frá Brekkuborg,  
Fáskrúðsfríði,  
lést 27. júní.  
Útförin fer fram frá Kirkju Óháða safnaðarins fimmtudaginn 15. júlí kl. 15.

**Hörður Haraldsson** **Kristín Magnúsdóttir**  
**Trausti Haraldsson** **Elin Hauksdóttir**  
og ömmubörn.



Okkar elskaða móðir, tengdamóðir og amma,  
**Friðgerður Þórðardóttir**  
Brúnavegi 13, Reykjavík,  
áður Hraunbæ 111, Reykjavík,  
lést sunnudaginn 4. júlí á Hrafnistu í Reykjavík. Útförin fer fram frá Árbæjar-kirkju, fimmtudaginn 15. júlí kl. 15.00.

**Logi Ragnarsson** **Jóhanna Kr. Steingrímsdóttir**  
**Valur Ragnarsson** **Sigríður Björnsdóttir**  
**Halla Hrund, Haukur Steinn, Ingunn Ýr, Vaka**



## Tviefld Latínsveit

arnartomas@frettabladid.is

„Það hafa ekki verið margir tónleikar upp á síðkastið en við erum með uppsafnaða orku sem springur út í kvöld,“ segir Tómas R. Einarsson, sem leikur ásamt Latínsveit sinni á sumarjazztónleikaröð Jómfrúarinnar í kvöld.

Tómasi til halds og trausts verða trompetleikarinn Snorri Sigurðarson, Samúel Jón Samúelsson, sem spilar á básúnu og guiro, Sigtryggur Baldursson kóngatrommuleikari og Daniel Helgason, sem leikur á kúbverska tres-gítarinn. Á efnisskránni verða ýmis þekkt lög Tómasar frá síðustu tveimur áratugum, sem hann hljóðritaði með íslenskum og kúbverskum tónlistarmönnum. Latín-lög hans hafa verið útsett fyrir stórsveit, verið endurhljóðblönduð og komið út á safndiskum í Bandaríkjunum og Kólumbíu.

„Við ætlum að taka þessa klassísku latíndagskrá mína. Ég kem nú með nýja söngplötu í haust en við förum ekkert inn á hana í kvöld,“ segir Tómas R., sem ætlar sér að fylgjast með jazzinum á Jómfrúnni á næstu dögum. „Ég var á flamenco-tónleikum í Gamla bíói í vikunni og ætla að fylgjast með tónleikum um allan bæ í sumar. Maður verður að byrja að kíkja út fyrir vegg heimilisins.“ ■



Tómas R. Einarsson.

**Þetta gerðist:** 10. júlí 2009

## Hótel Valhöll brann til kaldra kola

Hið fornfræga Hótel Valhöll á Þingvöllum brann til grunna þann 10. júlí 2009. Átta slökkviliðsbílar réðu niðurlögum eldsins, sem hófst á fimmta tímanum, en húsið var gjörónýtt. Einn starfsmaður hótelsins þurfti aðhlyningu vegna reykeitrunar, og var hann fluttur á Landspítalann í Reykjavík. Aðra sakaði ekki í brunanum. Listmunir sem prýddu hótelið glötuðust einnig í brunanum, en starfsmönnum tókst að bjarga einu málverki eftir Svein Björnsson og öðru eftir óþekktan málara.

Á forsiðu Fréttablaðsins daginn eftir kom fram að engar úrbætur hefðu verið gerðar á hótelinu eftir að skýrsla frá árinu 2006 hefði varpað ljósi á bagalegt ástand hússins, meðal annars með tilliti til krafna um brunavarnir. Hótel Valhöll var byggt árið 1898



og var árið 1929 flutt á þann stað sem það stóð á til loka. Að flutningum loknum var hafist handa við stórfelldar breytingar á húsinu eftir teikningum

Guðjóns Samúelssonar, húsameistara ríkisins. Byggt var við það og því breytt fyrir Alþingishátiðina á Þingvöllum árið 1930. ■



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar kærar systur okkar,  
**Sigríðar Alfredsdóttir**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Hólmavík fyrir góða umönnun.

Hljájar kveðjur,  
Jón E. Alfredsson og Samúel Alfredsson



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Dagbjört Jóns Sigurðardóttir**  
(Birta)

andaðist á dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, þann 8. júlí síðastliðinn. Jarðarför auglýst síðar.

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Blindrafélagið.

Gisli Sigmundsson Hildur Einarsdóttir  
Guðjón Sigmundsson Magnea Sigríður Guttormsdóttir  
Gunnar Sigmundsson Sólrún Ólafsdóttir  
Sigrún Sigmundsdóttir Grétar Kristinsson  
barnabörn og fjölskyldur þeirra.



Móðir okkar,  
**Helga Hólm Helgadóttir**  
Vallarbraut 3, Akranesi,

andaðist á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi fimmtudaginn 1. júlí. Útförin fer fram frá Akranesirkirkju, þriðjudaginn 13. júlí klukkan 13. Streymt verður frá athöfninni á vef Akranesirkirkju: akranesirkirkja.is

Salvör Aradóttir og Inga Guðmunda Aradóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,  
**Gunnar Einarsson**  
skipstjóri,  
Reynigrund 36, Akranesi,

lést á Landspítalanum þann 5. júlí síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.

Ragnheiður Jóhanna Pétursdóttir  
Halldóra Gunnarsdóttir Hafþór Ólafsson  
Pétur Emil Gunnarsson Ramona Hóhne  
Einar Örn Gunnarsson Stine Laatsch  
og barnabörn.



Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,  
**Alda Traustadóttir**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þann 29. júní sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Þökkum sýndan hlýhug og vináttu. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu í Hafnarfirði sem kom að umönnun hennar.

F.h. aðstandenda,  
Dagbjörg Baldursdóttir Tómas Frosti Sæmundsson  
Trausti Baldursson Gunnhildur Pálsdóttir  
Gunnur Baldursdóttir Svavar Ellertsson  
Alda Baldursdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elsku mómmu okkar, tengdamómmu, ömmu og langömmu,  
**Ingibjargar Huldu Ellertsdóttir**

áður til heimilis að Brekkugötu 38, sem lést á Dvalarheimilinu Hlíð þann 3. júní.

Jónína Freydis Jóhannesdóttir Ingví Þór Björnsson  
Anna Hafdis Jóhannesdóttir Óskar A. Óskarsson  
Agnes Bryndis Jóhannesdóttir Reimar Helgason  
Jórunn Eydis Jóhannesdóttir Páll Viðar Gíslason  
Hanna Vigdis Jóhannesdóttir  
ömmu- og langömmubörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Steinlaug Sigurjónsdóttir**  
(Steina)

Vesturbergi 77,  
lést á Landakoti aðfaranótt sunnudagsins 4. júlí sl. Útförin fer fram frá Garðakirkju þriðjudaginn 13. júlí kl. 13.00.

Anna Marie Georgsdóttir Steindór Steinþórsson  
Sigurjón Georgsson Eyrún Ólafsdóttir  
Reynir Georgsson barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**Ingvar Bragason**

frá Suðureyri við Súgandafjörð, lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ í Reykjavík, þriðjudaginn 22. júní.

Útförin fór fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarbæjar fyrir umönnun og alúð.

Kristján Ibsen Ingvarsson Sif Grétarsdóttir  
Fjóra Ingvarsdóttir Robert Woroszylo  
Sigrún Elva Ingvarsdóttir Gunnar Ágúst Ásgeirsson  
Íris Ingvarsdóttir Ingólfur Ívar Hallgrímsson  
Inga Sif Ingvarsdóttir  
og barnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,  
**Sigurður Ásgeirsson**

Kópavogstúni 5, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð föstudaginn 9. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 14. júlí kl. 15.

Svanlaug María Ólafsdóttir  
Ólafur Sigurðsson Sigrún Þorsteinsdóttir  
Jónína Sigurðardóttir Jón Ágúst Benediktsson  
Sigurður Sigurðsson Ásta G. Sigurðardóttir  
Kolbrún G. Sigurðardóttir Sigmar Torfi Ásgrímsson  
og fjölskyldur.




Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa og langafa,  
**Sólbergs Jónssonar**


sparisjóðsstjóra,  
Bolungarvík.

Sérstakar þakkir fær um við starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Bergs, Bolungarvík.

Lucie Einarsson  
Ásgeir Sólbergsson Margrét Gunnarsdóttir  
Bjarni Sólbergsson Guðjón Jónsson  
Elisabet Jóna Sólbergsdóttir Birna Guðbjartsdóttir  
Sólvi Rúnar Sólbergsson  
María Sólbergsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



**LAUSNARORÐ** Vísbanding f. lausnarorð: Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist hlýlegt þarfaping (12). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 15. júlí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „10. júlí“.



## Sudoku

2	4			9				
9	6	7						5
		3		7				2
	7			8	2	5		
1			4			7		
3	4	7				8		
		1		6	3	2		7
		8		2		4	5	
						3	9	1

4	5	1			9			8
				8			7	9
3		7	4	9				1
			2					9
				3		7		
			4		6	8		
				2	3		8	
7		9		5				1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson


### GÓÐ LEGA

Bestu spilarar heims láta ekki deigan síga í faraldursástandinu sem ríkir um heiminn. Þeir eru duglegir að spila á netinu. Dagana 11.-14. og 18.-21. júní fór fram sterk sveitakeppni, sem innihélt marga af sterkustu spilurum Bandaríkjanna – JLALL4. Meðal þeirra voru John Hamman og Peter Weichsel sem voru í sveit sem kölluð var Lall. Sú sveit komst í úrslitaleikinn og spilaði við sveit Clayton 56 spila úrslitaleik, en mótið fór fram á netforritinu RealBridge. Sá leikur endaði með næsta öruggum sigri sveitar Lall, 121-77. Hamman og Weichsel þykja sagnharðir og fara mikið í hörð game. Þeir græddu 10 impa á þessu spili í leiknum, þegar þeir djöfluðust í fjögur hjörta. Sá samningur er frekar lélegur, en reyndist næsta auðveldur til vinnings þegar ásinn í hjarta lá rétt, trompin lágu vel (3-2) og einnig lauf (3-2) andstæðinganna. Austur var gjafari og NS á hættu.

<b>Norður</b>	♠ ÁK63	♥ 7632	♦ 98	♣ K104
<b>Vestur</b>	♠ D87	♥ G85	♦ ÁD642	♣ 87
<b>Austur</b>	♠ G1052	♥ Á10	♦ K753	♣ 632
<b>Suður</b>	♠ 94	♥ KD94	♦ G10	♣ ÁDG95

Á öðru borðanna opnaði suður á „precision“ tveimur laufum. Hún lýsir 5+ laufum og hugsanlega 4 spilum í hálit. Ef enginn hálitur er lauffliturinn amk. sex spil. Vestur passaði og norður var í vanda. Hann gaf áskoruninasögnina þrjú lauf og suður passaði með litla opnun. Tíu slagir fengust í þeim samningi. Á borðinu þar sem Weichsel og Hamman sátu NS, vakti Weichsel á einu laufi í suður, eftir pass austurs. Vestur kom inn á einum tígli og Hamman sagði gervisögnina einn spáða, sem var eins og neikvætt dobl (lengd í báðum hálitum og 7+ punktar). Austur stökk í þrjú tígla og Weichsel var ekkert feiminn við að segja þrjú hjörta. Þeim var lyft í fjögur og voru verðlaunuð með 10 impa gróða, þegar spilin lágu vel og trompásinn ekki hjá innkomuhöndinni.

## Lausnarorð síðustu viku var STEIKARSPADI



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

- Byrjaði ávarp sitt með boði í lokapartí (9)
- Hékk þarna fram að lokapartí (6)
- Svo æst í kaloriubombur að ég sendi þau í greiningu (9)
- Fríða skipar fólki til bekkis (9)
- Fljót með línu enda þekkt fyrir græðgi (6)
- Metast um jafnvel minnstu agnir allt í kring (9)
- Með eðju bæði á bomsunum og sumarskeifunum (9)
- Kvöldsol sest meðal dagseturs damma (12)
- Górállan N finnur óregluglegan en nokkuð ræktarlegan reit (9)
- Tóku vinnusaman karl úr hópi dverganna sjö (12)
- Hvað heitir varahlutaverslunin sem selur steiktur kökur? (10)
- Frávita Flandrari elst við geymslugæru (7)
- Syng helst um ófrávikjanlegar kennisetningar kærleikans (8)
- Hér er vísað í klikkaða kæki katta (5)
- Fljót flytja fljóta (9)
- Klini glæp á þig af ástæðu sem ég á eftir að spinna (8)
- Þessi tiltekna gryfja geymir dauðingja og þræl (5)
- Muna: Sofa minna hjá kolrugluðum fauta (9)
- Kemst við þegar komið er við mig (8)
- Varð snemma öskureiður, enda svona málflutningur til þess gerður (6)
- Eftir mikið kvein var sjóðurinn tómur og jókst þá kveinið enn (9)
- Skepnu við salerni má fjarlægja með stálkrabba (7)
- Um leið og þessi flog eru frá eykst skilvirkni (6)
- Mysa er mesta hnoss-gæti og matur góður ef í er gúrka (7)
- Sit við skerið sem sundrað mjakast fram (9)
- Er veislan er búin byrjar rán eins á annars mat (6)
- Vil að þú hlaupir frá um ræsi stór og smá (7)

### LÓÐRÉTT

- Fjármagna gjarnan fast-

- eignaviðskipti, enda góður díll (9)
- Hef banvæn efni til reiðu fyrir sniðug börn (9)
- Fjötra manna má nota í verkfæri (9)
- Grínarinn ungi sendi grín sitt í landnorður til að hefna fyrir ákveðna hneisu (9)
- Ná að sinna fleyjum flandrara (9)
- Veljum okkar skit áður en skítkaði byrjar (8)
- Kveð gjarnan í ánum með bein í nefinu (8)
- Gera lítið úr bókkunum sem eru þó ekki stórir fyrir (8)
- Held ég leki vísbandingunni með minum hætti (4)
- Horfið er mitt starf og deila og við tekur vöktun sauða (8)
- Meðvitundin nemur nótu sem minnir helst á músik (8)
- Hér hvíla hógvær hjón og skemmtileg (9)
- Um þann sem fer um rýran hvamm og lofar æ að laga hann (7)
- Giska góður þótt feitur sé (7)
- Mun hér einn rita öll bönn með einhverjum hætti (8)
- Hvenær mætti skyldfólk mitt með spil og sprík? (8)
- Hér mæstast guðirnir og okkar innri menn (8)
- Það er liðin tíð að spörk bugi okkur í fávíðri (12)
- Svona gosar gleðja hvern sem sönglar með (7)
- Held ég hallmæli Ægi, þótt hann sé heppnasti guðinn (7)
- Félagi minn er mikil söngdív (8)
- Best ég leggi rækt við mína hundaheppni og skepnuna sem hún færir mér (7)
- Þegar uppi hræ Nenna níska (7)
- Glimið aðeins við gildar sveitir (6)
- Vona að þið hafið ánægju af þessu þrátt fyrir tjónið (6)
- Von og vit finnast hvergi á bók (6)
- Allt um átu og annir hennar (6)
- Skera mig ef ég stari skakkt á þau (5)
- Murra um þá sem rymur (5)

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Dauðahlíðið eftir Lee Child** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Fanny Kristbjarnardóttir, Hafnarfirði**.



# ÍS BÚÐ OMNOM

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 13 TIL 22



OMNOM ÍSBÚÐ OG SÚKKULAÐI VERSLUN HÓLMASLÓÐ 4, 101 REYKJAVÍK (GRANDI)

omnom.is     omnomchocolate



**ILVA**

